Þótt leitast sé við með þessari nýbreytni að auðvelda skilning á heildarsamhengi ríkisfjármálanna, er þó sú formbreyting sem þar er bryddað á að sjálfsögðu ekki aðalatriði þess frumvarps, sem hér er lagt fram. Kjarni frumvarpsins er sá efnislegi þáttur, sem áður hefur verið lýst og felst í því mikla aðhaldi, er þar kemur fram. Með þessu aðhaldi munu fjármál ríkissjóðs áfram vera veigamikill þáttur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, sem miðar að því að draga úr erlendri skuldasöfnun og undirbúa nýja lífskjarasókn á grundvelli nýsköpunar í atvinnulífi.

2 Yfirlit og samanburður við fjárlög 1984 og endurskoðaða áætlun um afkomu ríkissjóðs 1984

Almennar athugasemdir með þessu frumvarpi eru nú settar fram með nokkuð öðrum hætti en verið hefur í fjárlagafrumvörpum undanfarinna ára. Athugasemdirnar eru í aðalatriðum þrjúþéttar: Í fyrsta lagi er fjallað um meginforsendur frumvarpsins um laun og verðlag, ásamt helstu niðurstöðum tekna, gjalda og lánsfjármála. Þá er sérstakur greinargerðarhluti um nýjan bókhaldslykil og breytta framsetningu frumvarpsins. Í öðrum hluta athugasemdanna er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta og stofnana. Loks er í þriðja hluta athugasemdanna sérstakur kafli um breyttan uppgjörsmáta ríkisfjármálanna. Þar með er leitast við að koma til móts við óskir ýmissa aðila um framsetningu fjárlaga sem gefi skýrari mynd en nú er af heildaráhrifum ríkisfjármálanna á efnahagsstarfseminu.

2.1 Meginforsendur frumvarpsins

Fjárlagafrumvarp, fjárfestingar- og lánsfjáráætlun svo og þjóðhagsáætlun fyrir árið 1985 byggja í öllum meginatriðum á samræmdum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis á árunum 1984 og 1985. Til grundvallar liggur sú stefna sem mörkuð er í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna frá 7. september sl. Áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggir á því, að kauptaxtar ríkisstarfsmanna verði um 9,5% hærri að jafnaði 1985 en þeir eru 1984. Í þessu felst, að laun hækka í samræmi við kjarasamninga fjármálaráðherra, BSRB og BHM frá því í febrúar og mars út árið 1984 og að þau verði að meðaltali 5% hærri á árinu 1985 en laun verða í árslok 1984. Kaupmátabreytingar allra launþega eru metnar þær sömu og hjá opinberum starfsmönnum en ráðstöfunartekjur heimilanna í heild eru taldar aukast um 13-13,5% milli ára og hefur þá verið tillit tekið til lækkunar tekjuskatts. Þá er reiknað með að verðlag í landinu verði um 13-14% herra að jafnaði 1985 en það er talið verða 1984. Ut frá þessum forsendum er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann haldist óbreyttur milli ára.

Stefna ríkisstjórnarinnar í gengismálum er sú, að gengislækkun krónunnar verði haldið innan 5% marka frá upphafi til loka árs 1985. Því er talið að verðlag almenns vöruinnflutnings verði að jafnaði 10% herra en 1984. Um þrjú prósent má rekja til verðhækkana í helstu viðskiptalöndum okkar og sex til sjö prósent skýrast af breyttu gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Í tekjuáætlun frumvarpsins er reiknað með að viðskiptavelta 1985 aukist um 1-2% milli ára. Reiknað er með að innflutningur olíuvara aukist um 2% að magni til. Hins vegar er ekki reiknað með verðhækkun olíu á erlendum mörkuðum.

Tekjuáætlun frumvarpsins einkennist fyrst og fremst af því að öllum skatta- og tekjustofnum ríkissjóðs er haldið óbreyttum frá árinu 1984. Undantekning er að áætlaðar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga er 600 m.kr. lægri en ella væri vegna fyrirhugaðrar lækkunar tekjuskattsálagningar á almennar launatekjur. Áætlaðar tekjur af sölugjaldi hækka aftur á móti um sömu fjárhæð.

Gjaldahlið frumvarpsins einkennist af aðhaldssemi í fjárframlögum. Leitast hefur verið við að meta almennar

rekstrarfjárveitingar sem raunhæfast. Markvisst hefur verið dregið úr framlögum til framkvæmdaverkefna og hvers konar starfsemi sem ríkissjóður er óbundinn af. Þannig eru fjölmargar stofnkostnaðarfjárveitingar óbreyttar að krónutölu eða jafnvel lægri en er í fjárlögum 1984. Þá hefur viðfangsefnum undir safnliðum ráðuneyta verið stórfækkað.

Um einstaka liði tekju-, gjalda- og lánsfjáráætlunar A- og B-hluta frumvarpsins vísast til greinargerðarinnar hér á eftir. Um rekstur B-hluta fyrirtækja mun að venju verða nánar fjallað af fjárveitinganefnd Alþingis.

2.2 Afkoma ríkissjóðs 1984 og 1985

Rekstrarafkoma ríkissjóðs í árslok 1984 er nú talin verða nokkru betri en áætlað var við gerð fjárlaga. Skýrist það bæði af auknum tekjum sem rekja má til meiri veltu og almennrar eftirspurnar í landinu en áður var talið og ýmissa stjórnvaldsákvæðana á árinu 1984. Fyllri grein er gerð fyrir þessum atriðum í greinargerðinni hér á eftir. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlunartölur fjárlagafrumvarpsins samanborið við fjárlög 1984 og áætlun í september um afkomu ríkissjóðs 1984:

	Fjárlög 1984 M.kr.	Endurskoðuð áætlun 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.
1. Tekjur.....	17.895	19.512	21.981
2. Gjöld.....	18.284	19.582	22.513
3. Rekstrarjöfnuður.....	- 389	- 70	- 532
4. Lánahreyfingar, útstreymi			
Hlutfé, stofnfjárframlög.....	- 76	- 76	- 135
Afborganir af lánum			
Seðlabanki Íslands.....	-	-	- 160
Aðrir.....	- 1.152	- 1.274	-1.076
5. Viðskiptareikningar.....	- 20	- 100	- 120
6. Fjárbörf.....	- 1.637	- 1.520	- 2.023
7. Lánahreyfingar, innstreymi			
Innheimtar afborganir.....	110	110	190
Lántökur ríkissjóðs			
Innlend lán.....	945	230	550
Erlend lán.....	588*	1.180	1.302
8. Breytt greiðslustaða.....	6	-	19

* Lántaka A-hluta hækkaði um 17 m.kr. frá fjárlögum til lánsfjárlaga vegna tækjakaupa flugmálastjórnar.

Tekju- og gjaldaáætlun ríkissjóðs hefur verið endurmetin reglulega á árinu. Í maí sl. var í frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl. birt endurskoðun gjaldaáætlunar, sem síðan hefur verið endurmetin í september. Allar horfur eru taldar á því að gjöld verði um 19.582 m.kr., en það er 7,1% hærri niðurstaða en fjárlög gerðu ráð fyrir. Jafnframt er talið að tekjur ríkissjóðs geti numið 19.512 m.kr. en það er um 9% hærri fjárhæð en í fjárlögum

1984. Mikillar óvissu gætir um lánsfjármál ríkissjóðs 1984 og 1985. Í fjárlögum 1984 og með afgreiðslu lánsfjárlaga 1984 var stefnt að 945 m.kr. innlendri fjáröflun og 588 m.kr. erlendri lántöku A-hluta ríkissjóðs. Nú er hins vegar talið að einungis takist að afla 230 m.kr. innanlands. Af þessu leiðir, að þó svo rekstrarafkoma ríkissjóðs verði allnokkru betri en fjárlög gerðu ráð fyrir þá verður erlend lántaka veruleg. Um lánsfjármál og skuldastöðu ríkissjóðs er sérstaklega fjallað síðar í athugasemdum þessum.

2.3 Tekjuhlíð

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1985 er að venju gerð í Þjóðhagsstofnun. Áætlunin sýnir innheimtar tekjur og er meðal annars reist á forsendum þjóðhagsáætlunar, sem getið er um hér að framan, og áætlun um innheimtu tekna ríkissjóðs á árinu 1984. Í samræmi við kröfur nýs bókhaldslykils ríkissjóðs hefur uppröðun tekjuliða í 3. gr. frumvarpsins breyst frá fjárlögum 1984, en í þessari greinargerð er þeirri röð þó ekki fylgt af fyllstu nákvæmni. Jafnframt er vísað í töfluyfirlit síðast í þessum kafla.

Árið 1985 er áætlað að heildarinnheimta tekna ríkissjóðs nemi 21.981 m.kr., samanborið við 19.512 m.kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1984 og 17.895 m.kr. í fjárlögum 1984. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1985 nemur 2.469 m.kr., eða 12,7%, frá endurskoðaðri áætlun 1984, en 22,8% frá fjárlögum 1984.

Til samanburðar má nefna að meðalhækkun verðlags milli 1984 og 1985 er talin 13-14%, þannig að á þennan mælikvarða felst í áætlun fjárlagafrumvarpsins nokkur samdráttur ríkissjóðstekna að raungildi á næsta ári. Annar mælikvarði á umsvif ríkisins er hlutfall tekna af þjóðarframleiðslu. Á þennan mælikvarða lækka tekjur hlutfallslega úr 29% 1984 í 26,5% samkvæmt áætlun fyrir 1985. Með samanburði við fyrri ár kemur í ljós að á þessu ári eru innheimtar tekjur ríkissjóðs taldar hækka um 28,8% frá 1983, en næstu þrjú árin á undan hækkuðu tekjur ríkissjóðs um nálægt 60% á ári að jafnaði.

	1981	1982	1983	Áætlun 1984	Frumvarp 1985
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.....	5.995	9.389	15.144	19.512	21.981
Hækkun frá fyrra ári, %	62,9	56,6	61,3	28,8	12,7

Hér á eftir er gerð grein fyrir endurskoðaðri áætlun helstu tekjustofna ríkissjóðs árið 1984 og áætlun fyrir árið 1985.

Eignarskattar

Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga árið 1984 276 m.kr., eða 17,5% meira en árið áður. Álagning eignarskatts á félög hækkaði mun meira, eða um 38% milli 1983 og 1984. Heildarálagning eignarskatta á árinu 1984 yrði samkvæmt þessu 26% hærri en 1983.

Áætlun um álagningu eignarskatta á árinu 1985 er miðuð við þá meginforsendu að skattbyrði milli árána 1984 og 1985 aukist ekki og verður skattvísitala og aðrir þættir, sem álagningu eignarskatts varða, ákveðnir í samræmi við það,

meðal annars með hliðsjón af hækkun fasteignamats milli ára. Á þessum forsendum er áætlað að álagning eignarskatta hækki um 12,5% á árinu 1985, eða helmingi minna en milli 1983 og 1984. Vegna áætlaðra eftirstöðva ógreiddra skatta í árslok 1984 er gert ráð fyrir að innheimta eignarskatts hækki meira en sem svarar hækkun álagningar milli ára, eða um rúmlega 17% hjá einstaklingum og 21% hjá félögum. Samkvæmt þessu yrði innheimta eignarskatts einstaklinga 305 m.kr. 1985 en innheimta eignarskatts félaga yrði um 200 m.kr.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir að innheimta sérstaks skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði nemi um 68 m.kr. Í tekjuáætlun 1985 er gert ráð fyrir að skattur þessi verði lagður á og innheimtur með svipuðum hætti og verið hefur. Jafnframt er áætlunin fyrir 1985 reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin. Í þessu felst að innheimta skattsins nemi 85 m.kr. 1985, að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Í áætlun fyrir árið 1984 er reiknað með að innheimta erfðafjárskatts verði um 40 m.kr. Hinn 25. maí síðastliðinn voru sett ný lög um erfðafjárskatt, þar sem meðal annars var ákveðin mikil hækkun á viðmiðunarfjárhæðum, en þær höfðu verið óbreyttar um nokkurra ára skeið. Í þessu felst veruleg lækkun álagningar erfðafjárskatts, en afar erfitt er að meta tekjuáhrifin nákvæmlega. Hér er miðað við að tekjutapið nemi um þriðjungtíu teknanna, þ.e. um 15 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt þessu yrði innheimtan á næsta ári um 25 m.kr. Þessi áætlun er þó afar óviss.

Tekjuskattar

Álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1984, brúttó, þ.e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu eignarskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars hefur verið dreginn frá, nam samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra 3.276 m.kr. Hækkun frá frumálagningu í fyrra er rétt tæplega 30%. Á hinn bóginn hækkuðu barnabætur og persónuafsláttur um 52% frá 1983, og gætti þar meðal annars áhrifa laga nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl., þar sem ákveðin var sérstök hækkun barnabóta og persónuafsláttar við álagningu árið 1984. Nettóálagning tekjuskatts einstaklinga hækkaði því mun minna en brúttóálagningin, eða um tæplega 20% frá 1983. Árið 1984 er áætlað að nettóinnheimta tekjuskatts einstaklinga verði um 1.725 m.kr., miðað við svipað innheimtuhlutfall og í fyrra.

Í samkomulagi stjórnarflokkanna frá 7. september síðastliðnum er gert ráð fyrir afnámi tekjuskatts af almennum tekjum í áföngum og jafnframt ákveðið að fyrsti áfangi komi til framkvæmda við álagningu árið 1985. Lækkun tekjuskatts í þessum áfanga er talin nema um 600 m.kr. Samkvæmt þessu lækkaði brúttóálagning tekjuskatts á árinu 1985 um 10% frá 1984. Þar sem jafnframt er gert ráð fyrir 12,5% hækkun barnabóta og persónuafsláttar felst í þessu um 20% lækkun nettóálagningar. Að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára lækkaði nettóinnheimta tekjuskatts einstaklinga minna, eða um 11% á árinu 1985, eða úr 1.725 m.kr. samkvæmt áætlun fyrir 1984 í 1.535 m.kr. 1985.

Áætlun um álagt sjúkratryggingagjald á næsta ári er miðuð við þær forsendur að skattbyrði verði óbreytt á árinu 1985. Í þessu felst að álagningin hækkar um 12,5%, en innheimta gjaldsins að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára hækkaði um 16% og yrði samkvæmt því 145 m.kr.

1985, samanborið við 125 m.kr. í áætlun fyrir árið 1984.

Sérstakur skattur á innlánsstofnanir, sem hefur verið innheimtur mánaðarlega sem 0,06% af bindiskyldum innlánum, er talinn skila um 130 m.kr. á þessu ári. Með lögum nr. 51/1984 var ákveðið að frá og með árinu 1985 skyldi gjaldhlutfallið lækka um helming. Á þessum forsendum er áætlað að skatturinn geti skilað um 75 m.kr. árið 1985. Frá og með álagningu ársins 1984 kemur þessi skattur til frádráttar álögðum tekju- og eignarskatti á innlánsstofnanir, þannig að frá álagningu þessa árs skal draga álagðan sérstakan skatt á innlánsstofnanir á árinu 1983. Hið sama gildir um álagningu tekjuskatts á árinu 1985, þá kemur álagning sérstaka skattsins 1984 til frádráttar álögðum tekju- og eignarskatti á innlánsstofnanir.

Nokkur óvissa ríkir um endanlegar álagningartölur tekjuskatts félaga á þessu ári. Miðað við reynslu undanfarinna ára má ætla að frumálagningartölur eigi eftir að lækka töluvert að kerumeðferð lokinni. Árið 1984 er áætlað að nettó-innheimta tekjuskatts félaga, þ.e. að frádregnum sérstökum skatti á innlánsstofnanir, geti numið um 335 m.kr. Er þá gengið út frá svipuðum forsendum um innheimtuhlutfall og 1983. Árið 1985 er áætlað að innheimtur tekjuskattur félaga verði 385 m.kr., eða 15% hærrí en 1984. Þessar tölur eru þó nokkuð óvissar vegna þess sem áður var nefnt um breytingar milli frumálagningar og endanlegrar álagningar.

Gjöld af innflutningi

Í fjárlögum 1984 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 1.935 m.kr. Var þar gert ráð fyrir talsverðum samdrætti í veltu og innflutningi á árinu. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1984 eru tolltekjur hins vegar taldar geta orðið um 2.210 m.kr. Ástæðan fyrir þessari miklu hækkun frá fjárlögum er fyrst og fremst mun meiri innflutningur en gert var ráð fyrir. Munar þar mestu um aukinn bilainnflutning. Árið 1983 námu tolltekjur ríkissjóðs rétt um 1.800 m.kr., og hækkunin milli 1983 og 1984 er áætluð um 400 m.kr., eða 22,5%. Þar af er áætlað að nær 60% stafi af meiri bilainnflutningi nú en í fyrra. Sem dæmi um vægi tolla af bílum í almennum tolltekjum ríkissjóðs má nefna að 1983 námu þeir um fjórðungi tolltekna en um þriðjungi í áætlun fyrir árið 1984.

Árið 1985 er gert ráð fyrir að tolltekjur ríkissjóðs verði 2.385 m.kr., eða um 8% meiri en á þessu ári. Er þá reiknað með svipuðum bilainnflutningi og á árinu 1984 en að almennur vöruinnflutningur dragist litillega saman.

Ahrifa meiri bilainnflutnings á tekjur ríkissjóðs gætir einnig í innheimtu innflutningsgjalds af bílum. Í fjárlögum ársins 1984 voru innheimtar tekjur af þessu gjaldi áætlaðar 64 m.kr., en í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að innheimtan verði um 87 m.kr. Í áætlun fyrir árið 1985 er sem fyrr segir reiknað með svipuðum bilainnflutningi og að óbreyttu gjaldhlutfalli gætu tekjur af þessu gjaldi numið 105 m.kr.

Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 663 m.kr. árið 1984, eða óbreytt frá fjárlögum. Árið 1985 er áætlað að innflutningsgjald af bensíni gæti numið 760 m.kr. Er þá reiknað með um 2% aukningu bensínsölu frá 1984 og að gjaldið breytist í samræmi við byggingarvísitölu svo sem verið hefur.

Í heild eru gjöld af innflutningi áætluð 3.241 m.kr. á

Þessu ári, samanborið við 2.869 m.kr. í fjárlagaáætlun. Hækkunin frá 1983 er um 27%, samanborið við 46% hækkun milli 1982 og 1983. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildargjöld af innflutningi verði 3.596 m.kr., eða tæplega 11% meiri en á þessu ári. Í þessu felst nánast óbreytt velta frá 1984, og er þá miðað við um 6% hækkun á verði erlends gjald-eyris að meðaltali á næsta ári og 3% verðhækkun innflutnings í erlendri mynt. Samkvæmt þessu yrðu innflutningsgjöld um 16,4% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1985, eða svipað hlutfall og á þessu ári. Er það heldur lægra en 1983, en tveimur til þremur hundraðshlutum færra en 1981 og 1982. Ástæðuna fyrir þessari hlutfallslegu lækkun má meðal annars rekja til lækkunar tolla á Ýmsum vöruflokkum og nær helmingi lækkunar innflutningsgjalds af bílum á árinu 1983.

Skattar af framleiðslu

Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 1.360 m.kr. á þessu ári, eða 15% hærri en 1983. Í áætlun fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að heildartekjur af framleiðslu geti numið 1.500 m. kr., eða 10% hærri en í áætlun fyrir 1984.

Skattar af seldri vöru og þjónustu

Heildartekjur undir þessum lið voru í fjárlögum 1984 áætlaðar 9.148 m.kr. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1984 eru tekjurnar taldar verða 9.936 m.kr., eða 8,4% hærri en í fjárlögum og 34% hærri en 1983. Áætlunin fyrir árið 1985 er meðal annars reist á þeim þjóðhagsforsendum sem raktar eru hér að framan. Heildartekjur af þessum gjöldum á næsta ári eru áætlaðar 11.622 m.kr., eða 17% hærri en í áætlun fyrir 1984.

Hér veldur mestu 15,5% hækkun söluskattstekna, en þær eru nálægt þremur fjórðu hlutum tekna undir þessum lið. Þessi hækkun er nokkuð umfram almennar verðbreytingar á næsta ári. Ástæðan er sú, að hér hefur með hliðsjón af því sem segir í samkomulagi stjórnarflokkanna frá 7. september síðastliðnum verið gert ráð fyrir sérstökum tekjuauka til þess að meta tekjutapi vegna lækkunar tekjuskatts á næsta ári, annað hvort með almennri hækkun söluskatts eða viðtæk-ari álagningargrunni. Ennfremur má nefna, að á næsta ári er gert ráð fyrir verulegri aukningu á rekstrarhagnaði ATVR.

Aðrir óbeinir skattar

Aðrir óbeinir skattar eru áætlaðir 1.476 m.kr. á þessu ári, eða 18% hærri en í fjárlögum. Hér veldur mestu verulega hærri tekjur af stimpilgjaldi en gert var ráð fyrir við fjárlagagerðina. Ennfremur er talið að skattar af bifreiðum skili nokkru meiri tekjum en upphaflega var áætlað. Árið 1985 er áætlað að tekjur undir þessum lið nemi rúmlega 1.707 m.kr., eða 15,5% hækkun frá áætlun fyrir 1984. Hér vege þyngst skattar af bifreiðum, stimpilgjöld og verðjöfnunar-gjald af raforku.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar verða um 75 m.kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir talsverðri hækkun, í 106 m.kr., eink-um vegna aukinna tekna af friðhöfninni á Keflavíkurflugvelli. Ýmsar tekjur eru áætlaðar 529 m.kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir 1985 er gert ráð fyrir talsverðri hækkun, eða 22%, í 644 m.kr. Hér vege langþyngst vaxtatekjur ríkissjóðs, sem

taldar eru hækka úr 350 m.kr. á þessu ári í 485 m.kr. á næsta ári.

Í yfirlitinu, sem hér fylgir, koma fram áætlaðar tekjur ríkissjóðs 1985 samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við fjárlög 1984 og endurskoðaða áætlun fyrir árið 1984. Þar kemur meðal annars fram að hlutur beinna skatta lækkar úr 14,8% í 12,8% af heildartekjum ríkissjóðs vegna lækkunar tekjuskatts einstaklinga á næsta ári. Til samanburðar má nefna að árið 1983 var vægi beinna skatta 15,8% í heildartekjum ríkissjóðs. Á móti kemur síðan aukið vægi óbeinna skatta, úr 81% af heildartekjum ríkissjóðs árið 1983 í 82% 1984 og tæplega 84% í áætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1985.

	Fjárlög 1984	Áætlun 1984	Frumvarp 1985	Hlutfallsleg	Hlutfallsleg	
				breyting frá áætlun 1984	skipting tekna	
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	til frumvarps 1985	Áætlun 1984	Frumvarp 1985
				%	%	%
Tekju-og eignarskattar.....	2.916	2.894	2.805	-3,1	14,8	12,8
Gjöld af innflutningi.....	2.869	3.241	3.596	11,0	16,6	16,3
Skattar af framleiðslu.....	1.258	1.360	1.500	10,3	7,0	6,8
Skattar af seldri vöru og þjónustu.....	9.148	9.936	11.622	17,0	50,9	52,9
Aðrir óbeinir skattar.....	1.250	1.476	1.708	15,7	7,6	7,8
Arðgreiðslur og ýasar tekjur...	454	605	750	24,0	3,1	3,4
Heildartekjur ríkissjóðs.....	17.895	19.512	21.981	12,7	100,0	100,0
Þar af beinir skattar.....	2.916	2.894	2.805	-3,1	14,8	12,8
Þar af óbeinir skattar.....	14.525	16.013	18.426	15,1	82,1	83,8

2.4 Gjaldahlíð

Heildarútgjöld ríkissjóðs 1985 eru áætluð 22.513 m.kr. og er það 23,1% hækkun frá fjárlögum ársins 1984 en aðeins 15% hækkun frá áætlaðri útkomu ársins 1984.

Endurskoðuð áætlun um afkomu ríkissjóðs 1984 er reist á athugunum frá því í maí og september sl. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984, var talið að rekstrarhalli ríkissjóðs gæti án nokkurra aðgerða numið 1.910 m.kr. Með þeim aðgerðum sem í lögum nr. 43/1984 fólust voru taldar horfur á að hallinn gæti orðið rúmur einn milljarður króna. Meðal aðgerða var lækkun ríkisútgjalda um 900 m.kr., þ.á.m. var lækkun niðurgreiðslna og niðurskurður framkvæmda, alls 370 m.kr. Þá voru framlög til ýmissa verkefna s.s. Lánasjóðs íslenskra námsmanna og til útflutningsuppbóta 1984 takmörkuð við tiltekna hámarksfjárhæð. Auk þessa var m.a. þátttaka sjúklinga í kostnaði við lækniþjónustu hækkuð. Án þessara aðgerða hefðu erlendar lántökur aukist um einn milljarð króna.

Nýr bókhaldslykill og breytt merking viðfangsefna dregur skýrar fram en áður skiptingu útgjalda ríkissjóðs í almennar rekstrarfjárveitingar, viðhaldsverkefni og framkvæmdir og framkvæmdatilfærslur, en ný flokkun gjalda torveldar fyrsta árið nákvæman samanburð nokkurra gjaldaflokka milli ára. Í yfirlitinu hér á eftir eru útgjöld ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum 1984 og endurskoðaðri áætlun um gjöld ríkissjóðs 1984 sýnd til samanburðar við gjaldatölur frumvarpsins fyrir 1985. Á eftir fer stutt greinargerð um einstaka gjaldaflokka.

	Fjárlög 1984 M.kr. (1)	Endursk. áætl. 1984 M.kr. (2)	Frumvarp 1985 M.kr. (3)	Hækkun	
				(3): (1) %	(3): (2) %
1 Rekstur og rekstrartilfærslur:	14.851	16.301	18.615	23,5	14,2
Laun.....	4.911	5.240	5.944	21,0	13,4
Önnur gjöld/rekstrargjöld.....	1.877	2.047	2.452	30,6	19,8
Vextir.....	840	920	1.349	60,6	46,6
Almannatryggingar.....	4.623	5.373	6.040	30,7	12,4
Niðurgreiðslur.....	945	760	630	-	-
Útflutningsuppbætur.....	280	468	380	35,7	-
Niðurgreiðslur á rafhitun.....	230	310	200	-	-
Verðjöfnunargjald af raforku.....	360	360	420	16,7	16,7
Sölusk. í sjávarútv., endurgreiðslur...	-	-	380	-	-
Lánasjóður ísl. námsmanna.....	400	400	481	20,3	20,3
Yasar rekstrartilfærslur.....	904	963	1.042	15,3	8,2
Frá dragast sértekjur stofnana.....	- 519	- 540	- 703	35,5	30,6
5 Viðhaldsverkefni:	614	614	595	-	-
Vegaviðhald.....	465	465	489	5,2	5,2
Annað viðhald.....	149	149	106	-	-
6 Framkvæmdir og framkvæmdaframlög:	2.818	2.667	3.303	17,2	23,8
Framkvæmdir og stofnbúnaður.....	1.261	-	1.306	3,6	-
Fjármagnstilfærslur.....	1.557	-	1.997	28,3	-
Útgjöld samtals (1+5+6)	18.283	19.582	22.513	23,1	15,0

Laun. Launaliður frumvarpsins, þ.e. vegna reksturs, nemur 5.944 m.kr. og er það 21% hækkun frá fjárlögum 1984, en 13,4% hækkun frá áætlaðri útkomu 1984. Laun einstakra stofnana eru áætluð á verðlagi ársins 1985 miðað við launabreytingar sem nú verða skýrðar. Launaliðir stofnana í fjárlögum 1984 eru við það miðaðir að laun hækki um 4% að meðaltali á árinu 1984. Samkvæmt aðalkjarasamningum fjármálaráðherra og BSRB og BHM frá því í febrúar og mars sl. hækkðu laun ríkisstarfsmanna almennt um 5% frá gildistöku samninga. Þá hækkðu laun um 2% 1. júní 1984. Í þessu frumvarpi er gengið út frá því að laun hækki um 3% 1. september 1984 og að ekki komi til frekari launahækkana út árið. Á árinu 1985 er reiknað með 5% meðalhækkun launa. Auk launahækkana, sem þegar eru skýrðar, hafa laun hækkað nokkuð vegna flokkatilfærslna og ákvæða í sérkjarasamningum. Þessi hækkun er mjög breytileg eftir starfstéttum og ríkisstofnunum og liggur á bilinu 2,0 - 4,5%. Samkvæmt því latur nærri að launaliður einstakra stofnana í A-hluta hækki frá fjárlögum um 13 - 15%.

Almannatryggingar. Heildarframlag til almannatrygginga er áætlað 6.040 m.kr. og hækkar um 30,7% frá fjárlögum og 12,4% frá endurskoðaðri áætlun um framlög 1984. Gengið er út frá sömu forsendu um hækkun bóta og annarra útgjaldabátta og á við um laun og almennt verðlag samkvæmt aðalforsendum frumvarpsins. Áætlun um útgjöld 1985 byggir á rauntölum útgjalda fyrstu fimm mánuði ársins í ár og á mati á áhrifum sérstakrar hækkunar á þætti sjúklinga í sjúkrakostnaði. Áætlað er fyrir 2,0% fjölgun bótabæga lífeyristrygginga en aftur á móti ekki fyrir aukningu í útgjöldum sjúkratrygginga. Jafnframt er gengið út frá því að hlutfallsleg þátttaka sjúklinga í læknis- og lyfjakostnaði haldist óbreytt frá því sem hún er nú.

Niðurgreiðslur. Framlag til þessa liðar nemur alls 630 m.kr. en hliðstæð fjárhæð í fjárlögum 1984 nam 945 m.kr. Af fjárveitingu ársins 1985 renna 80 m.kr. til lífeyrissjóðs bænda og 550 m.kr. til niðurgreiðslna á vöruverði. Samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands nema ársútgjöld vegna niðurgreiðslna rúmlega 600 m.kr. að óbreyttu.

Útflutingsuppbætur. Fjárlög ársins 1984 gera ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til uppbóta á útfluttar landbúnaðar-afurðir að fjárhæð 280 m.kr. Áætlað er að heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu verðlagsársins 1983/84 nemi um 4.500 m.kr. Í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl. er ákvæði þess efnis að greiðsla ríkissjóðs vegna útflutingsuppbóta skuli að hámarki verða 468 m.kr. 1984. Övist er hver útflutingsuppbótapörfin vegna verðlagsársins 1984/85 verður. Í þessu frumvarpi er miðað við að úr ríkissjóði verði eigi greidd hærri fjárhæð en 380 m.kr. vegna þessa.

Niðurgreiðsla á rafhitun. Í fjárlögum 1984 voru 230 m.kr. ætlaðar til þessa verkefnis. Hluti ráðstafana í ríkisfjármálum í vor sem leið var að auka þessa fjárhæð þannig að greiðsluheimild 1984 nemur alls 310 m.kr. Á árinu 1985 er ráðgert að verja alls 200 m.kr. til þessa verkefnis. Á öðrum fjárlagalið er áætlað fyrir 50 m.kr. til niðurgreiðslu á olíu vegna húshitunar. Samtals fara því 250 m.kr. til lækkunar á húshitunarkostnaði.

Verðjöfnunargjald af raforku. Samkvæmt lögum nr. 83/1974, sbr. lög nr. 78/1983, nemur verðjöfnunargjald af raforku 19,0% af smásöluverði hennar. Alls er talið að á árinu 1985 aflist 420 m.kr. en gjaldinu er ráðstafað að 80 hundraðshlutum til Rafmagnsveitna ríkisins og 20 hundraðshlutum til Orkubús Vestfjarða.

Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla. Samkvæmt ákvörðun stjórnarflokkanna frá 7. september sl. mun sölu-skattur í sjávarútvegi endurgreiddur á árinu 1985. Alls er þessi þáttur í kostnaði sjávarútvegsins metinn 380-400 m.kr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Framlag úr A-hluta til LÍN er samkvæmt frumvarpinu 481 m.kr. en að auki er sjóðnum ætluð lántaka að upphæð 300 m.kr. Fjáröflun til sjóðsins miðar við 7% fjölgun lánveitinga og að námslán 1985 verði 95% af umframfjárbörf námsmanna eins og er 1984.

Hækkun launaliðar vegna fjölgunar á stöðugildum er óveruleg eins og frumvarpið ber með sér í athugasemdunum hér á eftir. Ohjákvæmilegt er þó að taka tillit til þeirra stöðugilda sem heimiluð voru við afgreiðslu fjárlaga ársins 1984 en falla ekki að öllu leyti til á því ári. Á þetta einkum við um stöður á stofnunum fatlaðara, en þar varð nokkur fjölgun starfsmanna vegna nýrra stofnana sem heimiluð var starfræksla á. Auk þess verða nokkrar stofnanir fullbúnar til starfrækslu á árinu 1985. Launaliður bæjarfógeta og sýslumannsembætta hækkar mjög mikið, eða um 54%, vegna þess að nú er áætlað fyrir launum í samræmi við nauðsynlegt starfs umfang embættanna. Í þessu felst að nú er áætlað fyrir launum 72,7 staða, þ.e. 50-55 m.kr. með yfirvinnu og launatengdum gjöldum sem ekki hefur áður verið gert. Í framhaldi af endurskoðun á launa- og rekstrarfjárveitingum til embættanna hefur verið ákveðið að aðskilja fjárhag þeirra frá innheimtustarfsemi. Þá hefur áætlaður hundraðshluti vegna yfirvinnu- og álagsgreiðslna á sjúkrahúsum verið endurskoðaður og hækkar nú úr 44,1% í 46,1%. Skýrist þetta af ýmsum ákvæðum kjarasamninga og leiðir af sér um 15 m.kr. hækkun launa. Vert er að nefna að uppbætur á lífeyri hækka um 26,5% frá fjárlögum. Hækkunin stafar bæði af því að liðurinn tekur til sín hámarkshækkun launataxta svo og því að samkvæmt reynslu fyrstu 6 mánaða þessa árs verður mikil hækkun á greiðslum til sjóðsins.

Launaliðurinn í heild er talinn hækka um 13,4% frá áætl- aðri útkomu 1984.

Önnur gjöld/önnur rekstrargjöld. Utgjöld í þessum gjaldaflokki eru ekki fyllilega sambærileg milli ára eins og áður hefur komið fram. Til annarra gjalda telst nú margs konar minni háttar viðhald í rekstri stofnana. Þessi gjaldaliður verður því hærri en ella. Hjá nokkrum stofnunum hefur reynst nauðsynlegt að hækka rekstrarfé umfram það sem forsendur um breytingu verðlags gefur tilefni til. Þetta á við um embætti sýslumanna og bæjarfógeta af ástæðu sem þegar er skýrð. Einnig hefur reynst nauðsynlegt að hækka fjárveitingu til reksturs ríkisspítala, vegna stöðu spítalanna á miðju ári 1984. Nýjar stofnanir fatlaðra sem þegar er getið krefjast einnig nokkurs rekstrarfjár.

Þá hafa í nokkrum tilvikum verið gerðar bókhaldsleiðréttingar þannig að brúttófjárhæðir eru taldar til gjalda en endurgreiðslur frá öðrum aðilum sem sértekjur.

Stofnanir og ráðuneyti áætluðu rekstrarfjárpörf 1985 miðað við verðalag í maí/júni sl. Rekstrargjöld eru færð upp um 11% frá áætlunarverðlagi þessu til verðlags ársins 1985. Uppfærslan er í samræmi við almenna verðlagsforsendu frumvarpsins, en sérstakt mat hefur verið lagt á verðbreytingu stærstu útgjaldaliða í almennum rekstri stofnana.

Vextir. Heildarvaxtagreiðslur ríkissjóðs á árinu 1985 eru áætlaðar 1349 m.kr. eða 60,6% hærri fjárhæð en í fjárlögum og 46,6% hærri fjárhæð en fram kemur í endurskoðaðri áætlun 1984. Áætlunin byggist á forsendum frumvarpsins um þróun verðlags og gengis. Sá þáttur sem mestu veldur um hækkun vaxta eru verulega auknar greiðslur til Seðlabankans og greiðslur af erlendum lánum. Í kafla 2.7, Skuldastaða ríkissjóðs, er gerð grein fyrir vöxtum og afborgunum af lánum ríkissjóðs.

Ymsar rekstrartilfærslur. Alls nema aðrar rekstrartilfærslur 1042 m.kr., en samberileg fjárhæð í fjárlögum 1984 nam 904 m.kr. Hér er um að ræða tilfærslur til neyslu og reksturs sem ekki eru tilfærðar annars staðar í yfirlitinu hér á undan. Þyngst vega framlög til fyrirtækja og sjóða í B-hluta frumvarpsins, eins og til Þjóðleikhúss, Sinfóníu-hljómsveitar, strandferða o.fl.

Sértekjur. Aætlaðar sértekjur stofnana A-hluta ríkissjóðs nema alls 703 m.kr. og er það 35,5% hækkun frá áætluðum sértekjum í fjárlögum 1984. Á hliðstæðan hátt og við á um launa- og aðrar rekstrarfjárveitingar hafa sértekjur verið færðar upp til verðlags næsta árs með 9% hækkun. Samkvæmt bókhaldsreglum á að færa gjöld og tekjur á brúttógrunni. Í samræmi við þetta eru gerðar nokkrar breytingar. Þar má nefna að heildargjöld Gjaldheimtunnar í Reykjavík eru nú færð í frumvarpinu og þáttur Reykjavíkurborgar er aftur á móti bókaður sem sértekjur. Sama máli gegnir um liðinn uppbætur á lífeyri, þar eru vextir og verðbætur af lánum, sem lífeyrirsjóður opinberra starfsmanna hefur veitt opinberum fjárfestingarlánasjóðum, fært til tekna.

Viðhald. Viðhaldsfjárveiting árið 1985 nemur alls 595 m.kr. og er það lækkun frá fjárlögum 1984 af ástæðum sem þegar er getið. Af viðhaldsfjárveitingunni renna 489 m.kr., eða um 82%, til vegaviðhalds. Til meiri háttar viðhalds fasteigna og tækja í eigu ríkissjóðs er verið 106 m.kr.

Framkvæmdaframlög. Til stofnkostnaðar teljast tveir meginflokkar, þ.e. verklegar framkvæmdir auk stofnbúnaðarkaupa ríkisins og fjármagnstilfærslna. Þessar fjármagnstilfærslur renna til B-hluta fyrirtækja og sjóða, sveitarfélaga og atvinnuvega og einstaklinga. Alls eru veittar 1.306 m.kr. til framkvæmda og stofnbúnaðarkaupa ríkisins. Þeirri meginreglu hefur verið fylgt við ákvörðun um framlög til framkvæmda, að þar sem gerðir hafa verið bindandi verk-samningar er við það miðað að unnt verði að uppfylla ákvæði þeirra samninga. Á hinn bóginn hækka fjárveitingar til helstu framkvæmdaflokka mjög mismikið eins og fram kemur í eftirfarandi yfirlititi:

	Fjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.
Vegagerð ríkisins.....	680,0 †	603,7
Bygging grunnskóla.....	115,5	100,0
Flugmál.....	51,3	55,0
Háskóli Íslands.....	62,3	57,0
Ríkisspítalar.....	55,7	48,8
Íþróttakennarskóli Íslands.....	7,7	13,3
Listasafn Íslands.....	6,0	7,3
Fiskvinnsluskólinn.....	10,0	10,0
Byggingarsjóður Þjóðarbókhjóðu.....	7,0	7,0
Landgræðslu- og landverndaráætlun.....	28,4	13,0
Annad.....	239,1	390,9
Samtals	1.261,0	1.306,0

† Skilgreining er ekki fyllilega samberileg 1984 og 1985.

Fjármagnstilfærslur nema alls 1.997 m.kr. Framlög til fjárfestingarsjóða eru fyrst og fremst til húsbýggingarsjóðanna, Byggðasjóðs, Orkusjóðs og nokkurra minni sjóða. Framlög til atvinnuvegasjóða hafa svo til með öllu verið felld niður. Fjármagnstilfærslur til sveitarfélaga þ.e. til byggingar sjúkrahúsa, til hafnarframkvæmda, íþróttamála o.fl. breytast mjög mismikið milli ára eins og eftirfarandi yfirlit ber með sér:

	Fjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.
Byggingarsjóður ríkisins.....	200,0	550,0
Byggingarsjóður verkamanna.....	200,0	250,0
Vegagerð, þéttbýlisvegafé og sýsluvegir.....	127,0	130,0
Orkusjóður, lánagreiðslur.....	170,0	128,0
Jarðræktarframlög o.fl.....	118,9	130,0
Byggðasjóður.....	83,8	78,4
Hafnarmannvirki og lendingarbætur.....	110,3	55,0
Dagvistarheimili.....	31,6	30,0
Íþróttasjóður.....	20,5	30,0
Lánlánasjóður.....	-	28,5
Annad.....	494,9	587,1
Samtals	1.557,0	1.997,0

2.5 Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram lánahreyfingar A- og B-hluta ríkissjóðs. Sýnd er innlend og erlend lánsfjáröflun svo og afborganir lána, framlög ríkisins til hlutafélaga og hreyfing viðskiptareikninga.

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. er sýnd heildarfjáröflun til A- og B-hluta ríkissjóðs og er hún áætluð alls 3.800 m.kr. Áætlanir um innlenda fjáröflun eru einkar ótryggar fyrir árið 1985. Áætlanir um innlausn og sölu spariskirteina ríkissjóðs 1984 hafa tekið miklum breytingum frá því sem áætlað var við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1984. Á árinu 1984 eru horfur á að sala spariskirteina ríkissjóðs geti alls numið 260 m.kr. og að sambærileg fjárhæð 1985 geti orðið 350 m.kr. Í fjárlögum 1984 var reiknað með að innheimta umfram innlausn eldri spariskirteina næmi 467 m.kr. Í kjölfar vaxtabreytinga og aukinnar samkeppni innlánsstofnana

um sparifé hefur reynst nauðsynlegt að endurskoða þessar áætlanir, sbr. eftirfarandi yfirlit.

	Lánsfjár- lög 1984 M.kr.	Endurskoðuð áætlun 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.
1. Spariskirteini ríkissjóðs.....	667	40	350
Ný útgáfa spariskirteina.....	200	260	350
Innheimta endurlánaðra spariskirteina.....	637	680	650
Innlausn eldri spariskirteina.....	-170	-900	-650
2. Önnur innlend fjáröflun.....	278	190	200
Ríkisvixlar o.fl.....	158	70	200
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða.....	120	120	-
Samtals (1+2)	945	230	550

Erfitt er að segja fyrir um hver innlausn spariskirteina kann að verða 1985. Vitað er að tveir spariskirteinaflokkar gjaldfalla á árinu en mikil óvissa ríkir um innlausn bréfa þeirra. Alls nemur innlausnarverðmæti þessarra flokka um 790 m.kr., en þeir voru gefnir út 1980 og 1982. Auk þessa eru fjölmargir eldri spariskirteinaflokkar endurgreiðsluhæfir. Það eru væntanlega fyrst og fremst raunávöxtun fjármagns í innlánsstofnunum og á verðbréfamörkuðum sem ræður innlausn spariskirteina 1985. Í frumvarpsáætluninni er við það miðað að innheimta af endurlánuðu spariskirteinafé fyrri ára hrökkvi fyrir innlausn bréfa. Hér er um 650 m.kr. að ræða.

Á árinu 1984 munu lífeyrissjóðir kaupa skuldabréf ríkissjóðs fyrir 120 m.kr. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður keppi um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna á árinu 1985. Þess í stað er að því stefnt að lífeyrissjóðir beini alfarið kaupum sínum til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Samkvæmt lögum nr. 79/1983 er fjármálaráðherra m.a. heimilað að selja ýmiss konar skuldaviðurkenningar ríkissjóðs. Ríkisvixlar hafa verið boðnir út reglubundið frá því snemma árs 1984. Alls hafa verið seldir ríkisvixlar fyrir 162 m.kr. til 15. september, en þeir endurgreiðast þrem mánuðum frá sölu. Nettó hafa með þessum hætti aflast um 58 m.kr. til ríkissjóðs. Í áætlun um fjáröflun 1985 er reiknað með því að með sölu ríkisvixla og með nýjum fjáröflunarleiðum innanlands aflist nettó 200 m.kr.

Erlend lántaka er alls fyrirhuguð 1.302 m.kr. vegna A-hluta ríkissjóðs og 1.298 m.kr. vegna framkvæmda og annarra verkefna hjá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta fjárlaga. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985, sem lögð verður fram innan skamms, mun gerð grein fyrir erlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs í samhengi við erlenda lánsfjáröflun þjóðarbúsins í heild.

Á undanfórnum árum hafa ýmis raforkuvirki og orkurannsóknir verið seld Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkurbúi Vestfjarða. Innheimtur af lánnum sem veitt hafa verið í þessu sambandi, svo og öðrum lánnum sem ríkissjóður hefur veitt, eru taldar nema 190 m.kr. á árinu 1985. Heildar-

innstreymi á lánaþreyfingum til A-hluta nemur því 2.042 m.kr. Heimildar til innlendrar lántöku umfram þá sem aflað er samkvæmt 6. gr. frumvarpsins og heimildar til erlendra lántöku mun leitað í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Lánaþreyfingar út

Útstreymi á lánaþreyfingum ríkissjóðs er tvíþætt: Hlutaþjár- og eiginþjárframlög ríkissjóðs og afborganir af áhvilandi lánum. Hlutaþjár- og eiginþjárframlög ríkissjóðs eru áætluð 135,0 m.kr. á árinu 1985. Hér er um að ræða eftirtal- in framlög:

1) Í samræmi við lög nr. 13/1981 er ríkisstjórninni heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Útvegsbankans í Seðlabanka Íslands. Föst árleg greiðsla að fjárhæð 7,5 m.kr. skóðast sem eiginþjárframlag ríkissjóðs til bankans. Er þetta fjórða greiðsla af tólf.

2) Stofnþjárframlag til Alþjóðaframtakstofnunarinnar, IDA, nemur alls 20,5 m.kr. Hér er um að ræða fyrstu greiðslu af þrem, alls 75,0 m.kr. sem er vegna ákvörðunar aðildarríkja Alþjóðabankans um 9 milljarða dala framlag til þróunar- aðstoðar á næstu árum.

3) Samkvæmt lögum nr. 32/1982 var ríkisstjórninni falið að semja um aukningu á hlutaþjáreign Íslands í Alþjóðabankanum. Á árunum 1984-1987 verður hlutaþjárframlag Íslands 11,9 m.kr., föst upphæð á ári hverju.

4) Norðurlandaráð ákvað 1983 að auka hlutaþé Norræna þjár- festingabankans úr 400 milljónum SDR í 800 milljónir SDR. Framlag Íslands þarf að nema jafngildi 110 þús. SDR á ári hverju á tímabilinu 1984-1986. Hlutaþjárframlag Íslands er í samræmi við þetta áætlað 3,4 m.kr.

5) Samkvæmt lögum nr. 49/1984 er ríkisstjórninni heimilað að greiða helming afborgana og vaxta af 80,0 m.kr. láni sem Áburðarverksmiðja ríkisins tók á árinu 1983 og skyldi litið á þær greiðslur sem stofnþjárframlag ríkissjóðs til saltþét- urreisruverksmiðju. Greiðslur af þessu láni með vöxtum og verðbótum eru áætlaðar 25,5 m.kr. 1984, og 28,15 m.kr. á árinu 1985.

6) Samkvæmt lögum nr. 61/1981 er ríkissjóði heimiluð hlutaþafarþátttaka í steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Í samræmi við áætlun fyrirtækisins um innköllun hlutaþjár 1985 nema greiðslur ríkissjóðs, en þær eru 40% heildarhlutaþjár, 12,0 m.kr.

7) Í samræmi við stefnuýfirlýsingu stjórnarflokkanna um stofnun hlutaþfélags til eflingar iðnþróun, tæknifyngum og rannsóknnum er í frumvarpinu áætlað fyrir 50,0 m.kr. hlutaþjárframlagi í hinu nýja félagi.

8) Að síðustu er áætlað fyrir hlutaþjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum, sem það á aðild að, í samræmi við heimildir í 6. gr. þjárлагаfrumvarpsins og heimildir í ýmsum sérlögum alls að fjárhæð 1,55 m.kr.

Aætlaðar afborganir ríkissjóðs af áhvilandi lánum nema alls 1.236,0 m.kr. Afborgun af innlendum og erlendum lánum öðrum en í Seðlabanka Íslands nema alls 1.076,0 m.kr., þ.a. eru 617,0 m.kr. af erlendum lánum. Í fjárlögum 1984 var ekki rúm til neinna endurgreiðslna af lánum í Seðlabanka. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1985 er stefnt að því að greiða af umsömdum lánum alls 160,0 m.kr., samanber kafla 2.7.

Hér á eftir fer skipting lánsfjáröflunar til A-hluta ríkissjóðs og B-hluta fyrirtækja samkvæmt lánsfjárlögum 1984 og frumvarpi til fjárlaga 1985. Sérstök grein er gerð fyrir hverjum lið um sig varðandi lántökuáform á árinu 1985.

	Lánsfjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp til fjárlaga 1985 M.kr.
A-hluti	1.550 †	1.852
Lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs.....	1.550	1.852
B-hluti	1.125	1.298
Bygðasjóður.....	120	120
Þjargráðasjóður.....	60	-
Byggingarsjóður ríkisins, orkusparnaður.....	-	150
Landakaup kauptúna og kaupstaða.....	1	-
Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna.....	14	-
Lánasjóður íslenskra námsmanna.....	258	300
RARIK, almennar frækvæðir.....	168	175
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld.....	358	400
Orkusjóður, hitaveitulán.....	10	10
" , jarðhitaleit.....	10	10
" , sveitarafvæðing.....	7	-
Póstur og sími, lagning sjálfvirks síma.....	30	30
Ueferðarmiðstöð.....	-	3
Flugstöð Keflavík.....	89	100
Samtals A- og B-hluti	2.675	3.150

† Lántaka A-hluta hækkaði um 17,0 m.kr. frá fjárlögum vegna lántöku til tekjakaupa flugmálastjórnar.

A-hluti fjárlaga

Í athugasemdum með frumvarpinu hefur komið fram að lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs verður veruleg á árinu 1985, og hefur hún þegar verið skýrð.

B-hluti fjárlaga

Bygðasjóður. Á árinu 1984 er sjóðnum heimiluð lántaka alls 120,0 m.kr. Stefnt er að því að lántaka sjóðsins 1985 nemi sömu fjárhæð. Auk lántökunnar er sjóðnum ætlað framlag úr A-hluta fjárlagafrumvarpsins að fjárhæð 78,4 m.kr.

Byggingarsjóður ríkisins, orkusparnaður. Leitað er heimildar til 150,0 m.kr. lántöku sjóðsins til þess að endurlána húseigendum sem hyggja á orkusparandi endurbætur eldri húsa. Settar verða reglur um útlán og lánskjör.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Heildarfjárbörf sjóðsins er

áætluð 781,2 m.kr. og er henni mætt með 300,0 m.kr. lántöku sjóðsins og 481,2 m.kr. fjárveitingu. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um Lánasjóð íslenskra námsmanna undir menntamálaráðuneytinu.

RARIK, almennar framkvæmdir. Framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins á árinu 1985 eru fyrirhugaðar fyrir alls 185,0 m.kr. Fjármögnun framkvæmda Rafmagnsveitnanna er annars vegar með öflun lánsfjár að fjárhæð 175,0 m.kr. og hins vegar eru áætlaðar tekjur af heimtaugargjöldum 10,0 m.kr. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður gerð grein fyrir einstökum framkvæmdum.

Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld. Yfir standa viðræður og samningar um yfirtöku Landsvirkjunar á eignum og rekstri Kröfluvirkjunar. Niðurstöður þeirra viðræðna liggja ekki fyrir, en vonast er til að þeim ljúki fyrir nk. áramót. Með tilliti til þessa er sótt um heimild til lántöku til þess að standa straum af afborgunum og vöxtum lána sem ýmist hafa verið tekin til framkvæmda eða til að greiða af teknum lánnum á liðnum árum. Alls er talið að vextir og afborganir áhvílandi lána nemi 498,5 m.kr. á árinu 1985. Gengið er út frá að fyrirtækið skili úr rekstri minnst 98,5 m.kr. til þessa en að því verði jafnframt heimiluð lántaka að hámarki 400,0 m.kr.

Orkusjóður, hitaveitulán. Leitað er heimildar til 10,0 m.kr. lántöku Orkusjóðs sem um árabíl hefur endurlánað nokkurt fé til framkvæmda við hita- og fjarvarmaveitur.

Orkusjóður, jarðhitaleit. Gert er ráð fyrir að útlánageta sjóðsins til jarðhitaleitar nemi alls 15,0 m.kr. og er það sama fjárhæð og 1984. Fjármögnun vegna þessa verkefnis er 5,0 m.kr. fjárveiting úr A-hluta ríkissjóðs, auk 10,0 m.kr. lántökuheimildar.

Póstur og sími, lagning sjálfvirks síma. Með lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma í sveitum var Póst og síma-málastofnuninni veitt heimild til allt að 20,0 m.kr. lántöku árlega í 5 ár á verðlagi 1981, til fjármögnunar framkvæmda við lagningu sjálfvirks síma. Í lánsfjáráætlunum undanfarna ára hefur verið gengið út frá lántöku í þessum tilgangi. Framkvæmdum miðar vel og hefur tekist að flýta framkvæmdum umfram það sem gert var ráð fyrir við setningu laganna. Í ljósi þessa og miðað við ríkjandi aðstæður þykir rétt að takmarka lántökur á árinu 1985 við 30,0 m.kr.

Umferðarmiðstöð. Umferðarmiðstöðin við Hringbraut er í eigu ríkissjóðs. Leitað hefur verið heimildar til lántöku vegna nauðsynlegra endurbóta og viðhalds á byggingunni. Áætluð fjárbörf vegna þessa er 3,0 m.kr.

Flugstöð á Keflavíkflugvelli. Fyrirhugaðar framkvæmdir við flugstöð á Keflavíkflugvelli nema alls 271,0 m.kr. á árinu 1985. Hér er um að ræða framhald framkvæmda við flugstöðvarbygginguna sem hófust haustið 1983, en í ár nemur kostnaður við þessar framkvæmdir alls 239,7 m.kr. eins og fram kemur í athugasemdum lánsfjárlaga fyrir árið 1984. Fjármögnun framkvæmda 1985 skiptist þannig að hlutur Bandaríkjamanna nemur alls 171,0 m.kr. og hlutur Íslendinga

100,0 m.kr.

Í þessari greinargerð er ekki fjallað sérstaklega um lánsfjármál Landsvirkjunar, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, enda mun samkvæmt venju gerð grein fyrir fjármálum þessara aðila í lánsfjáraætlun fyrir árið 1985.

2.6 Breyting á lögum

Frá 1978 hefur árlega í lánsfjárlögum verið veitt heimild til skerðingar á lögbundnum framlögum til ýmissa verkefna. Til skýringar er nú sett fram sérstök greinargerð um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að forsendur fjárlagafrumvarpsins standist.

Byggðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins er framlag ríkissjóðs sett að hámarki 78,5 m.kr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 72/1982, sbr. lög nr. 2/1984, skal hundraðshluti námslána og námsstyrkja af svokallaðri umframfjárbörf hækka úr 95% í 100% 1. janúar 1985. Í þessu frumvarpi er hins vegar við það miðað að útgjöld sjóðsins 1985 fari ekki yfir samanlagða fjárveitingu og lántöku sjóðsins að upphæð 781,0 m.kr.

Kvikmyndasjóður. Samkvæmt 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984 skal árlegt framlag úr ríkissjóði nema áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum skv. mati Hagstofunar. Þrátt fyrir ákvæði þessarra laga er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir að eigi hærri fjárhæð en 8,0 m.kr. renni til sjóðsins.

Ríkisútvarp, sjónvarp. Í lánsfjárlögum 1979 og 1981 var ríkisútvarpinu heimiluð tiltekin lántaka. Jafnframt er í umræddum lögum kveðið svo á að ríkissjóður skuli árlega endurgreiða ríkisútvarpinu vexti og afborganir umræddra lána. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lögum verði breytt þannig að framvegis greiði ríkisútvarpið af umræddum lánnum og að ekki komi til fjárveitingar úr ríkissjóði.

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildarinnar ekki nema hærri fjárhæð en 30,8 m.kr. og er framlagið vegna lífeyrissjóðs bændu, en skv. lögum nr. 101/1970 skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37,0% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1985.

Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Í 12. gr. laga nr. 95/1981 um Framleiðsluráð landbúnaðarins er heimilað að greiða framlög úr ríkissjóði vegna þess halla sem bændur kunna að verða fyrir vegna útflutnings landbúnaðarafurða. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga er við það miðað í fjárlagafrumvarpinu að eigi hærri fjárhæð en 380,0 m.kr. renni til þessa verkefnis á árinu 1985.

Fiskveiðasjóður Íslands. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 44/1976 og laga nr. 2/1982 og annarra tengdra laga skal framlag til

Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1985.

Aflatryggingasjóður. Framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs er ákvæðið í lögum nr. 51/1983 og lögum nr. 52/1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs falli niður með öllu.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki fara yfir 19,8 m.kr. og er framlagið eingöngu vegna greiðslu vaxta og afborgana af lánnum sem ríkissjóður er skuldbundinn til að standa straum af.

Erfðafjár sjóður. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 12/1952 skulu tekjur af erfðafjárskatti renna í Erfðafjár sjóð. Þrátt fyrir þetta ákvæði laganna verður framlag ríkissjóðs til Erfðafjár sjóðs að hámarki 19,4 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpinu.

Frankvæmdasjóður fatlaðra. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra verður beint framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki herra en 40,0 m.kr. á árinu 1985.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34/1979 um Veðdeild Búnaðarbankans er ekki gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til deildarinnar 1985 fremur en 1984.

Hafnarbótasjóður. Um Hafnarbótasjóð gilda lög nr. 45/1973, sbr. lög nr. 83/1976. Þar er tilgreint að framlag til sjóðsins skuli vera 12% af fjárveitingu til almennrar hafnargerðar í landinu. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga er í frumvarpinu gert ráð fyrir að framlagið verði eigi hærri fjárhæð en 10,0 m.kr.

Eftirlaunasjóður aldraðra. Um Eftirlaunasjóð aldraðra gilda lög nr. 97/1979. Fjárframlagið í frumvarpinu er miðað við að ákvæði gildandi laga verði framlengd.

Iðnlánasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. c-hluta 3. gr. laga nr. 55/1984 verður framlag ríkissjóðs á árinu 1985 eigi hærri fjárhæð en 28,5 m.kr.

Rafmagnseftirlitsgjald. Þrátt fyrir lög nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins skal einungis sú fjárhæð sem áætluð er í 4. gr. frumvarpsins renna til stofnunarinnar en það sem umfram innheimtist rennur í ríkissjóð.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til þessara mála eigi nema hærri fjárhæð en 8,5 m.kr.

Þéttbýlisvegafé. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kaup-túnnum eigi fara fram úr 90,0 m.kr. á árinu 1985.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, söluskattur. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnun-

arsjóðs sveitarfélaga á árinu 1985 eigi nema hærri fjárhæð en 580,0 m.kr.

Félagsheimilasjóður. Þrátt fyrir 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi nema hærri upphæð en 7,0 m.kr. á árinu 1985.

Héraðslæknar og heilsugæslulæknar. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að lög nr. 59/1983 komi ekki að fullu til framkvæmda á árinu 1985, þ.e.a.s. bráðabirgðaákvæði laga nr. 59/1983 verði framlengt.

2.7 Skuldastaða A-hluta ríkissjóðs

Fram hefur komið að afborganir og vextir af ríkissjóðslánum eru umtalsverðar fjárhæðir 1985. Hér fer á eftir yfirlit um skuldastöðu ríkissjóðs 1977-1983 og eru skuldatalur sýndar á verðlagi hvers árs svo og verðlagi í árslok 1983.

Ár	Skuld við Seðlabanka Íslands		Skuld við aðra innlenda og erlenda aðila		Heildarskuld ríkissjóðs	
	Staða, verðlag í lok hvers árs	Staða, verðlag í árslok 1983	Staða, verðlag í lok hvers árs	Staða, verðlag í árslok 1983	Staða, verðlag í árslok 1983	% af VDF
1977	151,7	2.086,7	205,6	2.828,2	4.914,9	9,4
1978	272,6	2.649,2	362,4	3.521,8	6.171,0	11,0
1979	295,9	1.815,4	547,7	3.360,1	5.175,5	10,0
1980	330,5	1.280,0	923,5	3.576,7	4.856,7	9,3
1981	250,1	677,6	1.515,8	4.106,7	4.784,3	8,6
1982	204,6	345,6	3.224,7	5.446,2	5.791,8	11,0
1983	1.540,4	1.540,4	7.982,0 †	7.982,0	9.522,4	17,8

† Hækkun skýrist m.a. af yfirtöku byggðalínulána og lána vegna virkjunarrannsóknna, sem áður færðust með B-hluta.

Áætlaðir vextir og afborganir af umsömdum lánunum A-hluta ríkissjóðs nema 2.884,4 m.kr. þ.a. vextir 1.183,4 m.kr. og afborganir 1.701,0 m.kr. Að auki er áætlað fyrir 166,0 m.kr. vegna yfirdráttarvaxta ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands sem stafa af árstiðabundnum sveiflum í fjármálum ríkissjóðs. Eins og þegar er fram komið er fyrirhuguð afborgun af lánunum ríkissjóðs hjá Seðlabanka 160,0 m.kr. en samkvæmt útgefnum skuldabréfum ætti afborgun alls að nema 625,0 m.kr. Ráðgert er því að semja um framlengingu lána hjá bankanum að fjárhæð 465,0 m.kr. Þess er þá að geta að vegna mjög erfiðrar greiðslufjárstöðu ríkissjóðs síðari hluta árs 1983 var tekið 619,2 m.kr. lán fyrir milligöngu bankans. Það lán er bundið við SDR og endurgreiðist á árunum 1985-1986. Eftir áramót 1983/1984 var síðan tekið annað sams konar lán til þess að standa reikningsskil á yfirdrætti ríkissjóðs í árslok 1983. Það lán er að fjárhæð 678,0 m.kr. og endurgreiðist á árunum 1986-1989. Afborganir eldri lána í Seðlabankanum sem gjaldfalla á árinu 1985 nema 271,4 m.kr. og eru sem næst lokagreiðslur allra eldri bréfa.

Verður nú vikið að greiðslum af fjármagnsskuldbindingum sem á ríkissjóði hvíla með einum eða öðrum hætti á árinu 1985.

Samkvæmt fjárhagsskuldbindingum nemur beinn fjármagns-kostnaður A-hluta ríkissjóðs 2.884,4 m.kr. Við þetta bætast síðan fjárveitingar til stofnana til að standa straum af fjármagnsútgjöldum. Stærstu liðirnir í þessu tilliti, sem koma fram í gjaldahlið frumvarpsins, eru:

1) Framlag til Orkusjóðs að upphæð 128,0 m.kr. til greiðslu á mismuni afborgana og vaxta af teknum lánnum sjóðsins umfram innheimtu hans af veittum lánnum.

2) Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs að upphæð 134,4 m.kr. til greiðslu afborgana og vaxta af ýmsum lánnum sem ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir á liðnum árum, en ekki hefur verið staðið í skilum með af hlutaðeigandi aðilum.

3) Greiðslur að upphæð 81,4 m.kr. af lánnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem tekin voru 1981 og 1982 vegna útflutningsuppbóta.

4) Afborganir og vextir að upphæð 3,9 m.kr. af lánnum sem tekin voru vegna framkvæmda við landshafnir.

5) Afborgun og vextir af láni sem Bjargráðasjóður tók vegna harðæris og búsisfja nema 19,8 m.kr. og er þessi fjárveiting í samræmi við yfirlýsingu fyrrverandi ríkisstjórnar.

6) Að lokum má nefna að í 1. gr. frumvarpsins er áætlað fyrir 28,2 m.kr. vegna vaxta og afborgana af láni vegna Aburðarverksmiðju ríkisins eins og þegar hefur verið getið.

Samtals nema því útgjöld ríkissjóðs sem tengjast greiðslu fjármagnsútgjalda um 3.280,1 m.kr. og að viðbættum 166,0 m.kr. yfirdráttarvöxtum nemur fjárhæðin 3.446,1 m.kr. Þetta jafngildir því að um 15,7% af heildartekjum ríkissjóðs fari til greiðslu fjármagnskostnaðar. Þar sem endurgreiðsla til Seðlabankans verður 160 m.kr. eins og áður sagði nemur heildarfjárhæðin 2.981,1 m.kr., eða 13,6% af heildartekjum ríkissjóðs.

Í eftirfarandi yfirliti eru sýndir vextir og afborganir lána ríkissjóðs skv. fjárlögum 1984 og formlégar skuldbindingar 1985.

	Fjárlög 1984		Skuldbindingar 1985	
	Vextir M.kr.	Afborganir M.kr.	Vextir M.kr.	Afborganir M.kr.
Seðlabanki Íslands.....	139,0	- †	354,0	625,0
Skuldabréf.....	9,0	-	188,0	625,0
Yfirdráttur innan ársins.....	130,0	-	166,0	-
Önnur innlend lán.....	323,6	963,2	220,4	459,0
Överátryggð lán.....	26,1	25,4	25,0	25,0
Verátryggð skv. byggingarvísitölu.....	42,7	77,7	59,0	109,2
Verátryggð skv. lánsklaravísitölu.....	201,0	293,5	124,0	196,0
Verátr. skv. framfarsluvísitölu.....	22,3	288,8	10,9	22,0
Verátryggð skv. framfarsluv. á höfuðst..	1,5	227,8	1,5	56,8
Ötilgreint.....	30,0	50,0	-	50,0
Erlend lán.....	377,4	189,0	775,0	617,0
Erlend lán og gengistryggð.....	377,4	189,0	775,0	617,0
Samtals	840,0	1.152,2	1.349,4	1.701,0

† Engar afborganir eru áætlaðar í fjárlögum 1984.

2.8 Framsetning fjárlaga og ríkisreiknings

Á árunum 1982-1984 hefur verið unnið að endurskoðun á ýmsum mikilvægum þáttum er varða ríkisreikning og fjárlög og framsetningu þeirra. Endurskoðun hefur leitt til þess að ákveðið er að gera nokkra breytingu á framsetningu fjárlaga-frumvarps fyrir árið 1985. Jafnframt mun ríkisbókhaldið taka upp sams konar framsetningu í ríkisreikningi fyrir árið 1985. Í höfuðatriðum felur þetta í sér þrjár meginbreytingar auk þess að framvegis verður fullt samræmi á tölusetningu stofnana og viðfangsefna í fjárlögum og ríkisreikningi.


Í fyrsta lagi er ákveðið að taka upp nýjan bókhaldslykil fyrir ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Núverandi lykili hefur verið í notkun frá árinu 1973. Með breyttum aðstæðum og þörfum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja þótti tími til kominn að endurskoða lykilinn. Jafnframt var haft að leiðarljósi að bókhaldslykillinn yrði þannig úr garði gerður að hann væri markvissari en nú er og gæti uppfyllt ýmsar sérþarfir stofnana. Fjölgað er gjaldategundum, m.a. vegna starfsemi á sviði framleiðslu og framkvæmda, en á móti hafa aðrir liðir verið felldir niður eða dregnir saman í ljósi reynslunnar sem fengist hefur af nügildandi bókhaldslykli. Flokkaskipan tekna og gjalda er einnig breytt. Fjárlagagerð fyrir árið 1985 byggir á hinum nýja lykli og er ákveðið að bókhald allra ríkisstofnana og fyrirtækja fylgi hinum nýja bókhaldslykli frá ársbyrjun 1985.

Í öðru lagi er þess að geta að nýtt véltækt bókhalds- og áætlanagerfi verður tekið í notkun hjá öllum A-hluta stofnunum 1985. Núverandi kerfi er að stofni til frá árinu 1973. Hið nýja bókhaldskerfi verður í sývinnslu og bókhaldsupplýsingar verða færðar oftar inn í kerfið en nú er. Með þessu er stefnt að því að gera bókhaldið að virkara eftirlits- og stjórnunartæki. Nýja bókhaldskerfið hefur verið notað í tilraunaskyni hjá nokkrum stórum ríkisstofnunum á árinu

1984. Eiginleikar nýja bókhaldslykilsins og bókhaldskerfisins koma í fjárlagafrumvarpinu fyrst og fremst fram í aukinni áherslu á umfjöllun um fjárframlög til viðfangsefna hjá stofnunum. Af þessari ástæðu fjölga viðfangsefnum nokkuð í fjárlagafrumvarpinu en gjaldategundum fækkar, enda minna upp úr þeim lagt þegar fjárframlög eru ákveðin. Líður í þessari breytingu er að nú eru viðfangsefni sýnd á öllum stofnunum A-hluta fjárlaga. Uppröðun á tegundasundurliðun og viðfangsefnum er nú víxlað frá því sem hefur verið í fyrri fjárlögum og ríkisreikningi, þ.e.a.s. fjárveiting til einstakra viðfangsefna er sýnd á undan skiptingu útgjalda á útgjaldategundir. Í hinu nýja bókhaldskerfi eru fyrstu fimm tölusætin ætluð til auðkenningar á númeri ráðuneytis og stofnunar. Er þetta eins og verið hefur. Næsta tölusæti, þ.e. sjötti stafur, sem jafnframt er fyrsti stafur í viðfangsefnisnúmeri, sýnir hvort um er að ræða efnahag, rekstrar-, viðhalds- eða stofnkostnaðarviðfangsefni. Fyrsti stafur í viðfangsefnanúmeri merkir sem hér segir:

0	efnahagur
1,2,3 eða 4	rekstrarviðfangsefni
5	viðhaldsviðfangsefni
6,7 eða 8	stofnkostnaðarviðfangsefni

Bókhaldsmerking viðfangsefnis er því þannig í öllum tilvikum:



Í gjaldahlið frumvarpsins er almennt notað 1, 5 eða 6 sem fyrsta sæti í viðfangsefni. Eftir standa þá sex sæti til auðkenningar á hinu eiginlega viðfangsefni. Í frumvarpinu er markvisst að því stefnt að nota einungis tvö fyrstu sætin til auðkenningar á megin viðfangsefni. Eftir standa því fjögur sæti til frekari sundurliðunar fyrir ríkisbókhald og stofnanirnar til þess að gegna ýmsum sérþörfum sem stofnanir kunna að hafa eða upp kunna að koma. Ríkisbókhaldið mun setja nánari reglur um þessar bókhaldsmerkingar.

Í 4. gr. frumvarpsins koma fram allar fjárveitingar ríkissjóðs. Til þessa að gefa skýrari mynd en nú er af starfsemi stofnana eru fjárveitingar til aðalgjaldaflokka dregnar saman þannig að heildarrekstrarfjárveiting er sýnd með samtölu, svo og viðhald og stofnkostnaður með sama hætti. Á undanförunum árum hefur verið stigið skref í þá átt að skipta ekki viðhalds- og stofnkostnaðarfjárveitingum í fjárlögum á einstakar deildir þegar um deildarskiptar stofnanir er að ræða. Sama gildir þrátt fyrir breytta framsetningu, en þetta hindrar ekki að stofnanir geti bókfært gjöldin inn á einstök undirviðfangsefni eftir þeim reglum sem ríkisbókhaldið ákveður.

Í þriðja lagi hefur verið tekin upp ný skilgreining á því sem telst til rekstrar-, viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna. Gerður er greinarmunur á minni háttar viðhaldi sem færast með rekstrargjöldum og meiri háttar viðhaldsverkefnum sem sýnd eru sem sérstök viðfangsefni. Minni háttar viðhald er í mörgum tilfellum reglubundið, samningsbundið eftirlit og viðgerðir á skrifstofuvélum, lyftum í húsum, bílum og öðrum tækjum. Sama máli gegnir um minni háttar lagfæringar á fasteignum, t.d. málning á hluta fasteigna, rafmagnsviðgerðir o.fl. Til meiri háttar viðhaldsverkefna telst m.a. þegar húsnæði er tekið til gagngerra endurbóta. Sama máli gegnir um klössun skipa og stórra véla. Líkt og á við um viðhald er gerður svipaður greinarmunur á fjárveitingu til stofnkostnaðar. Til rekstrargjalda eru nú færð minni háttar kaup á skrifstofubúnaði og skrifstofuvélum. Slík kaup voru áður færð með gjaldfærðum stofnkostnaði. Til stofnkostnaðar færast allar nýbyggingar, fasteignakaup og kaup stærri tækja, véla og áhalda.

Í stuttu máli má segja að endurskoðun á tegundarsundurliðun gjalda og viðfangsefnaskiptingu frumvarpsins endurspeglir breyttar áherslur í framsetningu fjárlaga. Nú er lögð höfuðáhersla á til hvaða verkefnis fjárveitingu er ætlað að renna í stað gjaldategundar áður. Þá er tegundarsunduliðunin hrein, en ekki sambland af eðli gjalda og tegund gjalda eins og verið hefur. Tilgangurinn er sá að draga fram eðli fjárveitingar ótvíræðar en nú er, þ.e.a.s. hvort um er að ræða fjárveitingu til hefðbundins rekstrar, viðhalds eða stofnkostnaðar. Með þessum hætti á að fást betra aðhald og eftirlit með tilliti til áætlanagerðar og bókhalds.

3 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1984. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1984. Í öðrum hluta athugasemda frumvarpsins er gerð grein fyrir breytingum á framsetningu frumvarpsins og öðrum almennum breytingum á framlögum sem rekja má til launa- og verðlagsþróunar. Ekki þykir ástæða til að endurtaka skýringar af almennum toga í greinargerð um einstakar stofnanir.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Utgjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Æðsta stjórn ríkisins.....	127.672	144.428	16.756	13,1

201 Alþingi.

Fjárveiting til Alþingis hækkar úr 97.875 þús. kr. í 109.136 þús. kr., eða um 11,5%. Laun nema 79.972 þús. kr. en voru 69.044 þús. kr. í fjárlögum 1984. Aðrir útgjalda-liðir hækka um 333 þús. kr. og verða 29.164 þús. kr. Þar sem engar fjárlagatillögur bárust fyrir Alþingi er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi frá 1984 að öllu leyti.

301 Ríkisstjórn.

Framlag ríkissjóðs nemur 19.486 þús. kr. en var 16.530 þús. kr. í fjárlögum 1984. Hækkun framlagsins nemur 2.956 þús. kr., eða 17,9%. Laun hækka um 14,6% og verða 14.380 þús. kr. Ekki er um breytingu á starfsmannafjölda að ræða og er áætlað fyrir launum 10 ráðherra, 10 bifreiðastjóra og 6 aðstoðarmanna ráðherra. Önnur gjöld hækka úr 3.984 þús. kr. í 5.106 þús. kr., eða um 28,2%.

01 Forsætisráðuneyti

Utgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Yfirstjórn.....	17.997	23.753	5.756	32,0
Annað.....	99.890	94.147	- 5.743	- 5,7
	Samtals	117.887	13	0
Þar af markaður tekjustofn.....	30.500	33.000	2.500	8,2

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er álgjald sem rennur til Byggðasjóðs.

Nú verður gerð nánari grein fyrir veigamestu breytingum á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

Framlag til aðalskrifstofunnar nemur 23.753 þús. kr. og hækkar um 5.756 þús. kr. frá fjárlögum 1984, eða um 32,0%. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra viðfangsefna í fjárlögum 1984, frumvarpi 1985 og breytingin milli ára.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn.....	7.301	11.226	53,8
Stjórnarráðshús.....	1.547	829	- 46,4
Ráðherrabústaður Tjarnargötu, viðhald.....	150	-	- 100,0
Ráðherrabústaður Tjarnargötu, rekstur.....	561	791	41,0
Ráðherrabústaður Þingvöllum.....	258	286	10,9
Hrafseyri.....	150	500	233,3
Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs.....	6.530	7.467	14,3
Öryggismálanefnd.....	1.200	1.332	11,0
Þjóf Jóns Sigurðssonar.....	300	300	-
Fálkaorðan.....	-	222	-
Viðhaldsverkefni (Stjórnarráðshús).....	-	800	-
Gjöld samtals	17.997	23.753	32,0

Framlag til yfirstjórnar hækkar úr 7.301 þús. kr. í 11.226 þús. kr. og veldur þar mestu framlag að fjárhæð 2.192 þús. kr. vegna gerðar framtíðarspar. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi frá árinu 1984.

Í fjárlögum 1984 var sú breyting gerð að áætlað var fyrir kostnaði vegna fálkaorðunnar undir embætti forseta Íslands, en áður hafði verið áætlað fyrir honum undir aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins. Í þessu frumvarpi er horfið til eldra fyrirkomulags og því eru veittar 222 þús. kr. til viðfangsefnisins fálkaorðan.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.

Fjárveiting lækkar úr 5.542 þús. kr. í 5.199 þús. kr., eða um 343 þús. kr. Laun vegna almenns reksturs hækka úr 1.823 þús. kr. í 2.057 þús. kr., eða um 12,8%. Önnur útgjöld lækka úr 4.196 þús. kr. í 3.796 þús. kr. og munar þar mest um lækkun fjárveitingar til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna úr 2.939 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 1.840 þús. kr. í frumvarpinu. Loks skal getið að sértekjur hækka úr 477 þús. kr. í 654 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneyti

Utgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	%	
Yfirstjórn.....	30.716	36.534	5.818	18,9	
Fræðsluáhl.	2.613.481	3.070.013	456.532	17,4	
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi.....	241.538	265.169	23.631	10,3	
	Samtals	2.885.735	3.371.716	485.981	16,8
Þar af markaðir tekjustofnar.....	30.470	43.030	12.560	41,2	

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happprættis Háskóla Íslands verður 13.630 þús. kr. og hækkar um 5.760 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Skemmtanaskattur, sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagsheimilaskjóðs, hækkar um 6.000 þús. kr. og verður 26.000 þús. kr. Miðagjald, sem rennur til Menningarsjóðs hækkar um 800 þús. kr. og verður 3.400 þús. kr. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

201 Háskóli Íslands.

Rekstrarfjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 29.476 þús. kr. og verður 278.236 þús. kr., sem er hækkun um 11,9% frá fjárlögum ársins 1984. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun vegna rekturs skólans hækka um 34.874 þús. kr. eða 19,8% frá fjárlögum 1984. Önnur gjöld til rekstrar verða 82.672 þús. kr. og er það hækkun um 18.656 þús. kr. eða 29,1%. Stofnkostnaður verður samtals 57.000 þús. kr. og er það lækkun um 5.275 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 18.779 þús. kr. eða 35% frá fjárlögum 1984. Launaliður hækkar umfram launaforsendur frumvarpsins og eru skýringar þess í aðalatriðum eftirfarandi. Teknar eru inn í frumvarpið átta nýjar stöður, samtals að fjárhæð 2.700 þús. kr. Þetta eru þrjár stöður við yfirstjórn, tvær stöður við námsbraut í hjúkrunarfræði innan læknaeildar, en þessar stöður töldust áður til grunnheimilda hjá Hjúkrunarskóla Íslands, prófessorsstaða við lyfjafræði lyfsala, dósentstaða í frönsku og ein staða bókavardar við Háskólabókasafn. Þá er gert ráð fyrir að tvær dósentstöður við stærðfræðiskor í verkfræði- og raunvísindadeild breytist í prófessorsstöður. Önnur hækkun launa er vegna aukinnar kennslu í lyfjafræði og hjúkrunarfræði og til starfsemi málvísindastofu heimspeki- deildar. Þá hefur framlag til stundakennslu í deildum og námsbrautum verið hækkað þar sem höfð hefur verið hliðsjón af kennslumagni skólaárið 1983-1984. Við áætlun á rekstrar- gjöldum var tekið mið af reikningsniðurstöðum ársins 1983 ásamt útkomu á fyrri hluta árs 1984. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um framlög til einstakra deilda skólans, þar sem hækkanir umfram verðlagsforsendur skiptast nokkuð jafnt á einstakar deildir skólans.

Byggingarframkvæmdir og tækjakaup: Aætlað er að ráðstöfunar- fé Háskóla Íslands til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa nemi samtals 57.000 þús. kr. á árinu 1985. Gert er ráð fyrir

að fjármögnun og ráðstöfun fjáris verði með eftirfarandi hætti:

Fjármögnun:	pús. kr.
Inneign 1. janúar 1985.....	1.000
Framlag H.H.1.....	56.000

	Santals 57.000
Ráðstöfun:	
A. Almenn	
Viðhald húsa og lóða.....	8.400
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu.....	5.500
Skipulagning lóðar og áætlunargerð vegna nýbygginga á Háskólalóð.....	600
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar.....	1.000
Húsnæði og búnaður námsbrauta.....	2.000
Úrbætur í síma- og öryggismálum.....	500

	Santals 18.000
B. Nýbyggingar	
Framkvæmdir á Háskóla- og Landspítalalóð.....	39.000

	Santals A og B 57.000

Bein fjárveiting til framkvæmda fellur nú niður þar sem fyrirheit þau sem gefin voru af fjárveitingarnefnd Alþingis í október 1978 hafa verið uppfyllt af hálfu ríkissjóðs, en þar var gert ráð fyrir fjárveitingu til framkvæmda við háskólann að jafnvirði 9.000 pús. kr. miðað við verðlag í október 1978.

203 Raunvísindastofnun háskólans.

Framlag ríkissjóðs nemur 31.670 pús. kr. og hækkar um 40,0% frá fjárlögum 1984. Fjárframlagið miðast við óbreytta starfsemi á stofnuninni með tveimur undantekningum. Viðfangsefnið sameiginleg verkefni er fellt niður, en 750 pús. kr. voru veittar til þessa viðfangsefnis í fjárlögum 1984. Fjárveiting til viðfangsefnisins rekstur fasteigna hækkar úr 3.066 pús. kr. í 8.361 pús. kr., enda skal 6.000 pús. kr. varið til byggingar fyrsta áfanga nýrrar þakhæðar og gagngerra endurbóta á húsi stofnunarinnar.

207 Íslensk málnefnd.

Sérstök lög um Íslenska málnefnd voru samþykkt á Alþingi á s.l. vori. Í 4. grein þeirra laga segir m.a.: "Rekstur Íslenskrar málstöðvar annast sérstakur forstöðumaður. Hann skal jafnframt vera prófessor í heimspekideild með takmarkaða kennsluskyldu." Hér er því áætlað fyrir einni fastri stöðu til viðbótar við þau laun sem fyrir voru sem samsvöruðu u.þ.b. 1,5 stöðu aðstoðarmanns á öðrum dagvinnulaunum. Santals nemur framlag til nefndarinnar 1.049 pús. kr. og hækkar um 538 pús. kr. frá fjárlögum gildandi árs. Stafar þessi hækkan af ofansögðu, auk almennra launa- og verðlagshækkana.

208 Örnefnastofnun.

Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða, en framlag til stofnunarinnar var áður áætlað undir fjárlagalið 02-902 Þjóðminjasafn sem sérstakt viðfangsefni. Hækkun frá fjárlögum er 168 pús. kr. eða um 16%. Launaliður byggir á einni heimilli stöðu og er hækkan í samræmi við launaforsendur frumvarpsins. Önnur gjöld hækka einnig í samræmi við forsendur og fellur viðhald nú undir rekstrargjöld en er ekki áætlað sérstaklega.

231 Náttúrufræðistofnun.

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar er 7.233 þús. kr. og hækkar um 1.142 þús. kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs, eða um 18,7%. Laun hækka um 543 þús. kr. sem er í samræmi við almennar launahækkningar. Önnur gjöld til rekstrar nema 2.078 þús. kr. og hækka um 524 þús. kr. sem er töluvert umfram almennar verðlagshækkningar en skýringin er aukið húsrými stofnunarinnar. Framlag til stofnkostnaðar er 1.125 þús. kr., þar af eru 875 þús. kr. vegna búnaðar í nýjan sýningarsal.

232 Rannsóknaráð ríkisins.

Fjárveiting til Rannsóknaráðs ríkisins nemur 5.819 þús. kr. og hækkar um 912 þús. kr. frá fjárlögum 1984, eða um 8,3%. Laun hækka úr 2.554 þús. kr. í 2.978 þús. kr. og önnur gjöld hækka úr 3.070 þús. kr. í 3.785 þús. kr. Nokkur áherslubreyting kemur fram í starfi stofnunarinnar í þessu fjárlagafrumvarpi. Þannig fellur fjárveiting til viðfangsefnisins sameiginleg hagsmunamál niður og fjárveiting til viðfangsefnisins rannsóknir og þróunarstarfsemi lækkar úr 560 þús. kr. í 333 þús. kr. Hins vegar hækka fjárveitingar til viðfangsefnanna skipulags- og þróunarmál og nýting náttúruauðefa.

Í eftirfarandi yfirliti sést framlag ríkissjóðs til þeirra rannsóknastofnana, sem um er fjallað í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins, að viðbættum Raunvísindastofnun Háskólans og Tilraunastöð háskólans á Keldum.

	Fjárlög 1984		Frumvarp 1985		Hækkun
	Framlag	Sértekjur	Framlag	Sértekjur	framlags
	Þús. kr	% af gjöldum	Þús. kr.	% af gjöldum	%
Tilraunastöð háskólans á Keldum....	5.953	67,3	7.503	65,0	26,1
Raunvísindastofnun háskólans.....	22.954	14,2	31.670	12,7	38,0
Rannsóknastofnun landbúnaðarins....	29.779	10,4	32.720	10,4	9,9
Veidimálaskrifstofan.....	8.447	8,4	8.586	8,9	1,6
Hafrannsóknastofnun.....	91.027	2,3	115.440	0,3	26,8
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins....	15.033	18,1	17.664	27,0	17,5
Iðntæknistofnun Íslands.....	18.559	43,9	34.085	37,6	83,7
Rannsóknastofnun byggingariðn.....	11.789	47,6	14.271	45,0	21,1
Orkustofnun.....	73.205	37,8	87.690	31,4	19,8
Samtals	276.746	25,6	349.629	22,7	26,3

Eins og fram kemur á yfirlitinu, helst hlutfall sértekna af heildargjöldum allra stofnananna sem næst óbreytt milli ára. Um fjármál einstakra stofnana er fjallað í köflum um tilheyrandi ráðuneyti.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.

Framlag úr A-hluta til sjóðsins nemur alls 13.630 þús. kr. og er jafnhátt mörkuðum tekjum sjóðsins og hagnaði Hæppdrættis Háskóla Íslands. Tekjur sjóðsins í fjárlögum 1984 námu alls 9.870 þús. kr., þ.a. voru 2.000 þús. kr. vegna sérstaks framlags ríkissjóðs vegna greiðslu eftirstöðva af söluandvirði hluta Iðntæknistofnunar í húseigninni Skipholt 37, sem ríkissjóður yfirtók. Ráðstöfunarfé sjóðsins 1985 fer í að greiða afborgun og vexti af eldri lánnum og til áframhaldandi byggingarframkvæmda á Keldnaholti.

301-307 Menntaskólar.

Fjallað verður hér um alla menntaskóla sameiginlega eins og í tveimur síðustu fjárlagafrumvörpum. Nemendafjöldi hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, eða um 3.600 - 3.700 nemendur samtals og byggir áætlunin á því. Heildar- fjárveiting er 168.664 þús. kr. og hækkar um 22% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting milli gjaldategunda.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Laun.....	115.184	133.392	18.208
Önnur gjöld.....	16.624	22.491	5.867
Stofnkostnaður.....	10.664	16.150	5.486
Viðhald.....		1.500	1.500
Gjöld samtals	142.472	173.533	31.061
Sértekjur	4.180	4.869	689
Mismunur	138.292	168.664	30.372

Helstu stofnkostnaðarframlög eru eftirfarandi: Til Menntaskólans á Akureyri 550 þús. kr. vegna endurbóta á gamla skólahúsinu, til Menntaskólans við Hamrahlíð 500 þús. kr. vegna endurbóta á húsnæði skólans. Til Menntaskólans á Ísafirði 2.000 þús. kr. vegna framkvæmda við nýbyggingu og til Menntaskólans á Egilsstöðum 1.000 þús. kr. vegna tækja og búnaðar. Meiri háttar viðhald, 1.500 þús. kr., er vegna Menntaskólans við Sund og þar er einnig áætlað fyrir 11.600 þús. kr. stofnkostnaðarframlagi. Þar af eru 11.200 þús. kr. vegna uppgjörs við Reykjavíkurborg. Nýlega var ákveðið að þetta uppgjör fari fram á árinu 1984 í samræmi við heimild í 6. gr. fjárlaga, lið 7.6. Framlaginu í frumvarpinu, 11.200 þús. kr., verður ráðstafað til hækkunar á eftirtöldum stofnkostnaðarliðum: Til Fjölbrautaskólans á Selfossi 6.500 þús. kr. hækkun vegna bóknámshúss. Kennaraháskóli Íslands 2.000 þús. kr. hækkun vegna búnaðar í nýbyggingu og hækkun um 2.700 þús. kr. til Listskreytingarsjóðs.

308, 351-358 Fjölbrautaskólar.

Hér verður fjallað um fjölbrautaskóla sameiginlega. Auk þeirra skóla sem bera nafnið fjölbrautaskólar flokkast framhaldsskólarnir í Neskaupstað og Vestmannaeyjum einnig undir fjölbrautaskóla svo og Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut. Nemendafjöldgun hefur orðið mikil í þessum skólum á undanförunum árum. Áætlun þessi byggir á um 5.100 nemendum samtals en þeir voru rúmlega 4.900 skólaárið 1983-1984 og um 4.700 skólaárið 1982-1983. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun milli gjaldategunda og samanburð við fjárlög yfirstandandi árs. Þess skal getið vegna hækkunar á öðrum rekstrargjöldum að allt minni háttar viðhald færirst nú sem rekstrargjöld og mikil aukning er vegna þess hve margir skólar eru nýjir og vaxandi ár frá ári.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Laun.....	134.591	156.829	22.238
Önnur gjöld.....	12.079	17.219	5.140
Stofnkostnaður.....	39.282	27.000	-12.282
Viðhald.....	916	-	-916
Gjöld samtals	186.868	201.048	14.180

Framlag til stofnkostnaðar skiptist þannig: Til Menntaskólans í Kópavogi, fjölbrautar, 2.000 þús. kr. Þar af er 1.000 þús. kr. vegna hönnunar á nýju húsi fyrir kennslu í matvæla- og framreiðslufræði og 1.000 þús. kr. vegna endurbóta á skólahúsnæðinu. Framlag að fjárhæð 2.800 þús. kr. er til fjölbrautaskóla í Reykjavík og fer allt til Fjölbrautaskólans í Breiðholti vegna innréttinga og búnaðar. Til Flensborgarskóla renna 1.800 þús.kr., þar af 1.623 þús. kr. vegna endurbóta á gamla skólahúsinu. Til Fjölbrautaskóla Suðurnesja fara 600 þús. kr. vegna tækjakaupa og 8.500 þús. kr. til Fjölbrautaskólans á Akranesi vegna byggingar heimavistar. Til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum eru 500 þús. kr. ætlaðar til tækjakaupa og til Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki er framlagið 7.800 þús. kr. Þar af eru 6.300 þús. kr. vegna heimavistarhúsnæðis, 1.200 þús. kr. vegna innréttinga á kennsluhúsnæði sem tekið er á leigu og 300 þús. kr. vegna kennslutækja. Til Framhaldsskólans í Neskaupstað renna 1.000 þús. kr. vegna lokafrágangs 1. hæðar og búnaðar og til Fjölbrautaskólans á Selfossi eru ætlaðar 2.000 þús. kr. vegna bóknámshúss auk framlags sem getið er um í greinargerð 301-307.

319 Framhaldsskólar, almennt.

Heildarfjárveiting er 25.380 þús. kr. en var 23.952 þús. kr. í fjárlögum 1984. Laun lækka frá fjárlögum um 2.254 þús. kr. sem skýrist af því að gert er ráð fyrir helmingi lægri útgjöldum vegna nemendafjölgunar en í fjárlögum yfirstandandi árs. Nú er áætlað fyrir rúmlega 4.000 þús. kr. vegna þessa í stað 8.000 þús. kr. í fjárlögum 1984. Aðrir þættir á launalið eru eftirfarandi: 1) Sameiginleg þjónusta, 2) prófdæming 3) orlof kennara og 4) forfallakennsla. Hækka þessir þættir í samræmi við almennar launahækkanir á tímabilinu. Önnur rekstrargjöld hækka um 220 þús. kr. og nema 2.220 þús. kr. Tilfærslur nema 722 þús. kr. og eru vegna endurmenntunarnámskeiða og námskeiða í uppeldis- og kennslufræðum. Viðhald hækkar um 700 þús. kr. og er samtals 4.200 þús. kr. þar af eru 150 þús. kr. ætlaðar til að skoða og gera áætlun um viðhaldsmál skóla í eigu ríkis og sameign ríkis og annarra. Til stofnkostnaðar er framlagið 5.000 þús. kr. og er það til að styrkja tölvukaup framhaldsskólanna.

321 Kennaraháskóli Íslands.

Fjárveiting til skólans nemur að þessu sinni 46.752 þús. kr. og hækkar um 3.994 þús. kr. eða 9,3% frá gildandi fjárlögum. Sú breyting hefur orðið frá síðustu áætlun að Rannsóknastofnun uppeldismála, sem áætlað hefur verið fyrir undir þessum fjárlagalið, er nú á sérstökum fjárlagalið 02-323 og vísast til sérstakrar greinargerðar varðandi það. Launaliður nemur 34.118 þús. kr. og hækkar um 6.607 þús. kr. Áætlað er fyrir einni stöðu í viðbót við það sem gert var á sl. ári og er það staða æfingastjóra sem flutt hefur verið frá Áfinga- og tilraunaskólanum. Önnur rekstrargjöld nema 9.707 þús. kr. og er minni háttar viðhald ætlað þar með. Til meiri háttar viðhalds áætlast 400 þús. kr. og til stofnkostnaðar 3.500 þús. kr. Þar af eru 2.000 þús. kr. vegna búnaðar í nýbyggingu, 1.000 þús. kr. til kennslutækja og 500 þús. kr. vegna breytinga á eldra húsnæði. Sértekjur áætlast 973 þús. kr. Sjá auk þess greinargerð 301-307.

323 Rannsóknarstofnun uppeldismála.

Samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands nr. 38/1971 skal hlutverk Rannsóknarstofnunar uppeldismála vera eftirfarandi: "a) Vinna að fræðilegum rannsóknum á sviði sál- og félagsvísinda, og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni, er teljast hafa hagnýtt gildi fyrir skólastarf á Íslandi. b) Veita kennaraefnum og háskólastúdentum þjálfun í fræðilegum rannsóknaraðferðum sál- og félagsvísinda." Að stofnuninni standa Kennaraháskóli Íslands, Háskóli Íslands og Menntamálaráðuneytið. Stofnunin fékk eigið húsnæði snemma á árinu 1984 og er nú í fyrsta sinn áætlað fyrir framlagi til hennar á sérstöku fjárlaganúmeri, en sl. tvö ár hefur fjárveiting til hennar verið hluti af fjárveitingu til Kennaraháskóla Íslands. Launaáætlun byggir á 0,33 stöðu forstöðumanns, 1,0 stöðu sérfræðings og 0,5 stöðu ritara. Þar af er einungis 0,5 staða ritara heimiluð af ráðninganefnd ríkisins þar sem hinar stöðurnar eru tímabundnar. Sérfræðingsstaðan er tímabundin miðað við þau verkefni sem eru á dagskrá hverju sinni en forstöðumaðurinn er kosinn til þriggja ára til skiptis frá Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 534 þús. kr. og stofnkostnaðarframlag er 170 þús. kr.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands.

Framlag til skólans nemur alls 18.299 þús. kr. Rekstrarframlag nemur alls 5.049 þús. kr og hækkar um 17,2% frá fjárlögum 1984. Til áframhaldandi byggingarfrankvæmda við íþróttahús eru veittar 12.750 þús. kr. og 500 þús. kr. til tækja- og búnaðarkaupa.

359 Verkleimntaskóli á Akureyri.

Nú er í fyrsta skipti áætlað fyrir launum og öðrum rekstrargjöldum við þennan skóla en undanfarin ár hafa einungis verið stofnkostnaðarframlög á þessum fjárlagalið. Skóli þessi sameinar þrjá skóla á Akureyri, Iðnskólann, Hússtjórnarskólann og Gagnfræðaskóla Akureyrar. Við áætlunina hefur verið stuðst við upplýsingar um þessa skóla varðandi nemendafjölda og fjárförf á liðnum árum. Launaliður áætlast 21.242 þús. kr. og rekstrargjöld 2.775 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar nemur 11.000 þús. kr. og er vegna framkvæmda við bóknámsálm. Samtals er fjárveiting því 35.017 þús. kr.

422 Námsgagnastofnun.

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 20.762 þús. kr., sem er 67,1% hækkun frá fjárlögum 1984. Gert er ráð fyrir eftirtöldum breytingum á viðfangsefnum í samræmi við tillögur nefndar sem fjallaði um starfsemi stofnunarinnar: a) Skólavörubúð sem áður var í B-hluta fjárlaga er lögð niður, en í stað stofnuð afgreiðslu- og söludeild sem annast innkaupa- og pöntunarþjónustu fyrir grunnskóla. b) Námssefnisgerð flyst til stofnunarinnar af fjárlagalið 02-423. c) Kennslumiðstöð er nýtt viðfangsefni. Launakostnaður

hækkar um 8.335 þús. kr., en þegar tekið er tillit til lækkana á öðrum viðfangsefnum er hækkunin 3.029 þús. kr. Hækkunin er vegna lausráðinna starfsmanna en laun þeirra voru áður greidd af rekstrarfé stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að starfsmenn verði 39 talsins auk afleysingafólks, þar af eru 10 heimilúð stöðugildi. Almenn rekstrargjöld eru áætluð með hliðsjón af raunverulegum rekstrarkostnaði á síðustu árum og aukinni útgáfustarfsemi í samræmi við tillögur nefndar. Til útgáfu kennsluefnis eru ætlaðar 39.923 þús. kr.

423 Námsstjórn og þróunarverkefni.

Fjárlagaliður þessi hét áður Endurskoðun námsefnis á grunnskóla- og framhaldsskólastigi en fær nú nýtt nafn vegna ýmissa breytinga sem gerðar hafa verið að tillögu nefndar sem fjallaði um starfsemi Námsgagnastofnunar. Ýmis sérverkefni, sum tímabundin, falla undir þennan lið en segja má að námskrár, námsstjórn og þróunarverkefni á grunnskóla- og framhaldsskólastigi séu verkefni sem falla hér undir. Fjárveiting til viðfangsefnisins lækkar um 1.903 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Lækkunin stafar af flutningi námsefnisgerðar til Námsgagnastofnunar. Miðað er við að námsstjórar verði 8,98 talsins eins og fyrr, en að auki verði lausráðnir 1,52 námsstjórar vegna tímabundinna verkefna. Önnur rekstrargjöld eru hækkuð um 633 þús. kr. og stafar hækkunin einkum af aukinni áherslu á heimsóknir námsstjóra í skóla.

515 Iðnskólar utan Reykjavíkur.

Fjárveiting til iðnskóla utan Reykjavíkur er samtals 12.298 þús. kr. og lækkar frá gildandi fjárlögum um 7.204 þús. kr. Framlag til Iðnskóla Akureyrar fellur niður þar sem hann sameinast nú Verkmenntaskóla á Akureyri. Fjárveitingin skiptist með eftirfarandi hætti: Til Iðnskólans í Hafnarfirði 6.005 þús. kr., til annarra iðnskóla 3.717 þús. kr., vegna sveinsprófa 2.112 þús. kr. og vegna endurmenntunar 464 þús. kr.

518 Fiskvinnsluskólinn.

Framlag til Fiskvinnsluskólans nemur 14.677 þús. kr. Launaliður er 3.096 þús. kr. og hækkar um 18,8% frá fjárlögum. Rekstrarkostnaður er áætlaður 2.601 þús. kr. og sértekjur 1.020 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag vegna byggingarframkvæmda er 10.000 þús. kr.

521 Hjúkrunarskóli Íslands.

Allt grunnnám í hjúkrunarfræði á að færast til Háskóla Íslands og verða því ekki teknir nýir hjúkrunarnemar inn í Hjúkrunarskóla Íslands frá og með hausti 1984. Starfsemin mun því dragast saman smátt og smátt sem er skýring á því að framlag til skólans lækkar frá fjárlögum yfirstandandi árs. Heildarfjárveiting er 8.018 þús. kr. og lækkar um 1.871 þús. kr. Sú lækkun er fyrst og fremst á launalið eða 1.855 þús. kr., enda falla niður störf eða flytjast til Háskóla Íslands.

601-609 Héraðsskólar.

Hér verður fjallað um alla héraðsskóla sameiginlega eins og fjallað er um menntaskóla og fjölbrautaskóla. Nemendum fækkar í héraðsskólum landsins og kennslumagn, þ.e. kenndar stundir á viku, minnkar einnig. Hlutfall framhaldsnáms hefur þó aukist í þessum skólum á undanförunum árum og er sú kennsla dýrari á hvern nemanda en kennsla á grunnskólastigi. Samdráttur kennslumagns hefur því ekki í för með sér lækkun kennslukostnaðurs svo neinu nemi. Í þessari áætlun er tekið tillit til framhaldsnáms og miðað við nemendafjölda eins og hann hefur verið síðustu ár. Umtalsverð hækkun er á öðrum rekstrargjöldum ef miðað er við fjárlög 1984, sem þó tóku mið af reikningi 1982. Miklar hækkunir hafa orðið á rekstrargjöldum í flestum þessum skólum milli árána 1982 og 1983, sérstaklega á orkulið. Tekið er tillit til þessara hækkana en jafnframt þarfnast þetta nánari skoðunar. Í töflunni hér á eftir kemur fram samanburður við fjárlög 1984.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Laun.....	28.185	31.752	3.567
Önnur gjöld.....	10.509	15.800	5.291
	38.694	47.552	8.858
Gjöld samtals	1.559	1.726	167
Mismunur	37.135	45.826	8.691

610 Héraðsskólar, almennt.

Framlag á þessum fjárlagalið hækkar um 700 þús. kr. og verður alls 10.400 þús. kr. Af fjárveitingunni renna 8000 þús. kr. til stofnkostnaðarverkefna en 2.400 þús. kr. til viðhalds í héraðsskólum. Eins og undanförunum árum mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu framlagsins milli einstakra héraðsskóla.

700 - 707 Grunnskólar, rekstur.

Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla hækkar um 170.572 þús. kr., eða 20,4% frá fjárlögum 1984. Laun hækka um 148.104 þús. kr., eða um 19,2%, og verða 919.637 þús. kr. Helstu hækkunarvaldar eru þessir frá fjárlögum 1984: 1. Lækkun kennsluskyldu hjá kennurum í forskóla til 6. bekkjar úr 30,5 stundum í 30 stundir á viku veldur 6.400 þús. kr. hækkun launa. 2. Fjölgun skiptistunda við verklega kennslu í heimilisfræðum og handavinnu (áætlað í 1. til 8. bekk) veldur 14.300 þús. kr. hækkun launa. 3. Aukin kennsla forskólabarna úr 0,75 stundum í 1,0 stund á viku veldur 9.300 þús. kr. hækkun launa. Samtals valda þessir liðir 30.000 þús. kr. hækkun launa. Að frátöldum þessum hækkunum er launahækkun í grunnskólum 15,3% frá fjárlögum 1984. Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi fræðsluskrifstofa og sálfræðipjónustu frá fjárlögum 1984. Rekstrargjöld hækka um 22.399 þús. kr. og eru áætluð 85.084 þús. kr. Tilfærslur, sem er framlag ríkissjóðs til reksturs fræðsluskrifstofa

samkvæmt 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, verða 3.691 þús. kr. Hækkun frá fjárlögum 1984 er aðeins 69 þús. kr. og skýrist af því að framlaginu til Reykjavíkur er skipt milli launa og rekstrargjalda undir grunnskólum Reykjavíkur í samræmi við samning milli borgarinnar og menntamálaráðuneytisins frá miðju ári 1984 um breytt skipulag fræðslu- skrifstofunnar. Það er reiknað út á sama hátt og áður og nemur um 970 þús. kr.

720 Grunnskólar, almennt.

Heildarframlög nema 40.152 þús. kr. og hækka um 9.132 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Fjögur ný viðfangsefni eru tekin upp en fækkað er um eitt eins og meðfylgjandi yfirlit sýnir.

	Fjárlög 1984 þús. kr.	Frumvarp 1985 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Framhaldsdeildir í grunnskólum.....	18.609	22.043	3.434
Umferðarfræðsla í skólum.....	626	729	103
Sundskylda í skólum.....	10.000	10.900	900
Skilðakennsla í skólum.....	65	76	11
Unglingafræðsla.....	30	55	25
Rannsókn á áhrifum skólaskyldu.....	281	-	- 281
Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala.....	707	841	134
Unglingaheimili, skóli.....	702	1.078	376
Safnakennsla.....	-	293	293
Mötuneyti skyldunámsnema í héraðsskólum.....	-	959	959
Mötuneyti vegna nemenda í 9. bekk grunnskóla.....	-	1.901	1.901
FM-heyrnartæki við kennslu.....	-	1.277	1.277
Samtals	31.020	40.152	9.132

730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög.

Fjárveiting lækkar um 15.450 þús. kr. frá fjárlögum 1984 og nemur hún alls 100.000 þús. kr. Að venju mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu framlags til einstakra framkvæmda.

750 Skólar fyrir þroskaheft börn.

Liðurinn hækkar um 18.582 þús. kr. frá fjárlögum 1984 og verður 81.944 þús. kr. Laun hækka um 11.015 þús. kr. eða 26,2% og verða 53.102 þús. kr. Er það nokkuð umfram almennar launahækkanir og stafar af þremur ástæðum. Er fyrst að nefna aukið kennslumagn vegna þess að fleiri nemendur eiga við meiri fötlun að stríða en áður var talið og eykur þessi aukning kennslukostnað um 2.232 þús. kr. Teknir eru inn tveir nýir liðir, forfallakennsla 668 þús. kr. og orlof kennara 425 þús. kr. Samtals valda þessir þrír liðir hækkun er nemur 3.325 þús. kr. Eftir er þá hækkun sem nemur 7.690 þús. kr. eða 18,3% og er þar meðtalin nokkur aukning á kvótastörfum, ræstingarlaunum og lítils háttar launaskrið. Rekstrargjöld verða 13.067 þús. kr. Er þetta hækkun um 2.927 þús. kr. eða 28,9% frá fjárlögum og því nokkuð umfram almenna verðlagshækkun. Fyrir utan 400 þús. kr. hækkun á rekstrargjöldum þjálfunarskólans á Akureyri (Sólborg) vegna leigu í nýju húsnæði, stafar hækkunin af því að tekið var mið af reikningstölum fyrir árið 1983. Rekstrargjöldin skiptast þannig á einstök viðfangsefni (í þús. kr.): 29

Oskjuhlíðarskóli.....	2.385
Kjarvalshús, greiningarstöð.....	927
Þjálfunarskólar.....	2.462
Dagvistun forskólabarna.....	44
Sameiginleg þjónusta.....	7.304
Samtals	13.122

Eins og sést af þessu yfirliti er stærsti liðurinn undir viðfangsefninu sameiginleg þjónusta og skiptist hann þannig eftir kostnaðartegundum (í þús. kr.)

Akstur skólabarna.....	5.983
Fargjöld.....	235
Tannlæknaþjónusta.....	278
Fjölskylduheimili, Reynilundi 4.....	499
Skóladagheimili Lindarflöt.....	309
Samtals	7.304

Tilfærslur hækka um 4.610 þús. kr. eða 44,2% og verða 15.030 þús. kr. Liðirnir eru þessir: Undir viðfangsefninu dagvist forskólabarna 10.305 þús. kr. og eru það greiðslur fyrir kostnað við vist og þjálfun þroskaheftra barna á dagvistarstofnunum reknur af sveitarfélögum. Þessi liður var 7.187 þús. kr. í fjárlögum 1984. Undir viðfangsefni sameiginleg þjónusta eru tveir liðir. Til greiðslu á dvalarkostnaði þroskaheftra sem vistuð eru hjá vistforeldrum eru ætlaðar 3.035 þús. kr. en voru 2.693 þús. kr. í fjárlögum 1984. Liðurinn tekur sömu breytingum og laun. Til sumardvalar þroskaheftra barna eru ætlaðar 1.635 þús. kr. en er 500 þús. kr. í fjárlögum 1984. Reyndist sú fjárhæð ófullnægjandi. Til Bliss-nefndar eru ætlaðar 55 þús. kr. en voru 40 þús. kr. í fjárlögum 1984. Undir viðfangsefninu sameiginleg þjónusta eru tveir sértekjuliðir, samtals 610 þús. kr. eru það endurgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna tannlækninga að fjárhæð 71 þús. kr. og vistana 539 þús. kr. Skipting stöðugilda og kostnaður eftir viðfangsefnum er sem hér segir:

	Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals	Sértekjur	Fjárveiting þús. kr.
Oskjuhlíðarskóli.....	46,04	19.057		19.057
Kjarvalshús, greiningarstöð.....	13,00	5.332	55	5.277
Þjálfunarskólar.....	87,54	31.283		31.283
Kópavogshéli.....	23,67	7.671		7.671
Sólheimar.....	2,00	1.372		1.372
Geðdeild Hringins.....	9,67	3.345		3.345
Bjarkarás.....	8,17	2.860		2.860
Safnþri.....	29,50	10.245		10.245
Tjaldanes.....	1,70	790		790
Sólborg.....	12,83	5.000		5.000
Dagvistun forskólabarna.....	1,00	10.703		10.703
Sameiginleg þjónusta.....	4,33	15.755	610	15.145
Sameiginlegur kostnaður.....		6.496	71	6.425
Dvalarkostnaður, vistun.....		3.035	539	2.496
Fjölskylduheimili, Reynilundi 4.....	2,50	1.860		1.860
Skóladagheimili, Lindarflöt.....	1,83	1.638		1.638
Sumardvöl.....		1.635		1.635
Forfallakennsla.....		666		666
Orlof kennara.....		425		425
Blissnefnd.....		55		55
Fasteign (Oskjuhlíðarskóli).....		200		200
Hjálparkostnaður (Oskjuhlíðarskóli).....		240		240
Samtals	151,91	82.625	665	81.960

1 þessari upptalningu stöðugilda eru bæði heimilaðar stöður og "reiknuð stöðugildi", einkum kennarastöðugildi miðuð við kennslumagn. Fjölgun þeirra er 9,55.

802 Vernd barna og ungmenna.

Fjárveiting skiptist á þrjú meginviðfangsefni. Fjárveiting til Barnaverndarráðs og til sumardvalarheimila fela í sér óbreytta starfsemi frá fjárlögum 1984. Framlag til meðferðarheimilisins Torfastöðum er tvískipt. Annars vegar eru veittar 850 þús. kr. til lokaframkvæmda við húsbýggingu á staðnum og hins vegar 1.090 þús. kr. til reksturs heimilisins í samræmi við samning þar um.

803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.

Fjárveiting nemur 30.000 þús. kr. og lækkar um 1.640 þús. kr. frá fjárveitingu í fjárlögum 1984. Fjárveitinganefnd Alþingis mun venju samkvæmt gera tillögu um skiptingu fjárins til einstakra framkvæmda.

871 Unglingaheimili ríkisins.

Framlag verður 5.770 þús. kr. sem er 161,2% hækkun frá fjárlögum 1984. Í kjölfar athugunar sem gerð var á stofnuninni er gert ráð fyrir skipulagsbreytingum, þannig að meiri áhersla verður lögð á skyndivistun en verið hefur. Þá er gert ráð fyrir möguleika til að vista unglinga á heimilum í ríkari mæli. Utgjöld ríkissjóðs vegna rekstrar munu ekki aukast af þessum sökum. Þá er fjárveiting alls 3.500 þús. kr. ætluð til að bæta húsnæðisaðstöðu neyðarat- hvarfs og meðferðarheimilis.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Í fjárlögum 1984 og lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá 1. maí s.l. var ákveðið 658.000 þús. kr. hámark á lántökum og fjárveitingu til sjóðsins á árinu 1984. Fjárveiting og lánsfjáröflun til sjóðsins 1985 byggir á lánveitingum á árinu 1984. Jafnframt er gert ráð fyrir 7% fjölgun lánþega. Fjárveiting í þessu frumvarpi nemur alls 481.241 þús. kr. og hækkar um 20,5% frá fjárlögum. Auk þess er stefnt að 300.000 þús. kr. lántöku sjóðsins þannig að samanlögð fjárveiting og lánsfé verður 781.240 þús. kr. Er það 18,7% hærrí fjárhæð er 1984.

881 Náms- og fræðimenn, framlög.

Heildarfjárveiting er 10.860 þús. kr. Viðfangsefni eru nú sjö talsins en voru þrettán í fjárlögum 1984. Fækkunin er vegna þess að viðfangsefni eru sameinuð og þeim fækkað í samræmi við stefnu frumvarpsins þar um. Eitt viðfangsefni flyst á fjárlagalið 02-984 Norræn samvinna, er það styrkur til færeysks fræðimanns.

901 Landsbókasafn.

Heildarfjárveiting nemur 10.549 þús. kr. og hækkar um 1.975 þús. kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Aun og rekstrargjöld hækka í samræmi við almennar lán- og verðlagshækkanir en auk þess er áætlað fyrir einni nýrri stöðu lausráðsins bókavarðar. Nokkur aukning verður á fram- lagi til stofnkostnaðar. Munar þar mestu um 1.200 þús. kr. framlag til bókakaupa, en til annarra eignakaupa eru 150 þús. kr. Minni háttar eignakaup og minniháttar viðhald færast nú með öðrum gjöldum. Sértekjur áætlast 305 þús. kr.

902 Þjóðminjasafn.

Heildarfjárveiting nemur 12.620 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1984 um 1.088 þús. kr. Sú breyting hefur verið gerð að Ornefnastofnun er ekki lengur eitt af viðfangsefnum þessa fjárlagaliðar, heldur er áætlað fyrir henni á fjárlagalið 02-208. Eftir eru tvö viðfangsefni Þjóðminjasafn og Sjóminjasafn. Til Sjóminjasafns er fjárveitingin 1.500 þús. kr. sem eru tilfærslur. Laun nema 6.693 þús. kr. og er það allt vegna Þjóðminjasafns, þar sem heimilaðar stöður eru 11,5. Önnur rekstrargjöld eru 2.331 þús. kr. og hækka um 454 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Til meiri háttar viðhalds áætlast 1.750 þús. kr., þar af eru 1.200 þús. kr. vegna viðhalds á Þjóðminjasafnshúsi. Stofnkostnaðarframlag er 500 þús. kr. og sértekjur áætlast 174 þús. kr.

907 Listasafn Íslands.

Framlag til safnsins er 13.509 þús. kr. og er hækkunin frá fjárlögum 2.736 þús. kr. eða um 25%. Launaáætlun byggir á 4,76 stöðuheimildum og nemur 2.400 þús. kr. Önnur rekstrargjöld nema 1.854 þús. kr. og er hækkun launa og annarra rekstrargjalda í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Stofnkostnaðarframlag er 9.800 þús. kr. Þar af er 2.500 þús. kr. vegna listaverkakaupa en 7.300 þús. kr. er til byggingarframkvæmda í samræmi við þann verkáfangna sem nú er unnið að. Sértekjur áætlast 545 þús. kr.

931 Náttúruverndarráð.

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru nú 7 talsins en voru 11 í fjárlögum yfirstandandi árs. Eftirtaldir liðir falla niður sem sérstök viðfangsefni: Náttúruminjasafn, útivist, náttúruverndarstofur og náttúruverndarþing. Þrjú fyrstu liðirnir eru sameinaðir undir viðfangsefninu friðlýst svæði, merkingar og eftirlit, en náttúruverndarþing fellur niður. Heildarframlag nemur 8.673 þús. kr., þar af er 1.500 þús. kr. stofnkostnaðarframlag vegna þjónustumiðstöðvar í Jökulsárgljúfrum.

972 Ríkisútvarp, sjónvarp.

Framlag úr ríkissjóði nam 6.700 þús. kr. í fjárlögum 1984 og er til greiðslu vaxta- og afborgana af lánum sem tekin voru á árunum 1979-81. Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir framlagi til þessa, sbr. kafla 2.6 í athugasemdum.

977 Byggingarsjóður Þjóðarbókhlaða.

Fjárveiting til framkvæmda er 7.000 þús. kr. sem er sama upphæð og í gildandi fjárlögum og er til áframhaldandi byggingarframkvæmda.

981 Kvikmyndasjóður.

Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða, en framlag til sjóðsins var áður viðfangsefni á fjárlagalið 02-982 Listir, framlög. Heildarframlag nú nemur 8.000 þús. kr. en var 6.500 þús. kr. í fjárlögum 1984. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 94/1984. Framlag ársins 1985 er skert í samræmi við meginstefnu frumvarpsins um takmörkun ýmissa framlaga.

Málefni sjóðsins munu koma til endurskoðunar síðar í haust með tilliti til umsókna um fjárstuðning á árinu 1985. Í þessu sambandi mun leitað heimildar í 6. gr. til greiðslu úr sjóðnum umfram þær 8.000 þús. kr. sem nú eru gjaldfærðar.

982 Listir, framlög.

Við gerð þessa frumvarps hefur verið leitast við að fækka viðfangsefnum á öllum svokölluðum safnliðum. Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru 49 í gildandi fjárlögum, en með sameiningu hefur þeim verið fækkað í 22. Má nefna sem dæmi að á viðfangsefninu til listasafana eru framlög sameinuð, en Listasafn alþýðu er með 900 þús. kr. af því framlagi í fjárlögum 1984. Gert er ráð fyrir áframhaldandi framlagi til safnsins. Viðfangsefnið Kvikmyndasjóður sem var með hæsta framlagið í fjárlögum 1984 fellur hér niður og færast á sérstakt fjárlaganúmer 02-981 eins og fram hefur komið. Heildarfjárveiting nemur 42.127 þús. kr. og hækkar um 4.065 þús. kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldu framlagi til Kvikmyndasjóðs.

983 Ymis vísindaleg starfsemi.

Í fjárlögum 1984 eru sjö viðfangsefni á þessum fjárlagalið. Í frumvarpinu nú er lagt til að aðeins verði eitt viðfangsefni, vísinda- og fræðistörf. Fjárveiting til þessa liðar nemur 234 þús. kr. í fjárlögum en er nú 250 þús. kr.

984 Norræn samvinna.

Viðfangsefnum hefur verið fækkað með sameiningu úr níu í fimm. Heildarfjárveiting nemur 4.594 þús. kr. en var 4.421 þús. kr. í fjárlögum 1984. Framlög til Ymissa smærri og óreglulegra verkefna hafa verið sameinuð undir viðfangsefninu norrænt samstarf.

985 Félagsheimilaskjóður.

Framlag lækkar um 5.400 þús. kr. og nemur 7.000 þús. kr. Leitað mun lagaheimildar til skerðingar þessa framlags eins og fram hefur komið í kafla 2.

986 Íþróttasjóður.

Framlag til sjóðsins hækkar um 9.500 þús. kr. úr 22.000 þús. kr. í 31.500 þús. kr. Hækkunin er öll vegna byggingarfrákvæmda en rekstrarstyrkir eru óbreyttir frá fyrra ári, 1.500 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun gera tillögur um skiptingu framlags til byggingarfrákvæmda.

988 Æskulýðsmál.

Heildarfjárveiting nemur 4.890 þús. kr. og hækkar um 521 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Viðfangsefnum fækkar um tvö og er það vegna sameiningar framlags til KFUM og KFUK undir eitt viðfangsefni í stað þriggja í gildandi fjárlögum.

989 Ymis íþróttamál.

Fjárveiting til Ymissa íþróttamála hækkar um 6.184 þús. kr. og nemur 19.630 þús. kr. Viðfangsefni eru níu talsins og falla þrjú niður en þau eru: Skiðaskólinn í Kerlingarfjöllum, útgáfa handbókar um skólaíþróttir og Taflfélag Reykjavíkur.

991 Húsfriðun.

Framlag nemur alls 6.839 þús. kr. en nam 6.835 þús. kr. í fjárlögum 1984. Eitt viðfangsefni fellur nú niður, þ.e. Bernhöftstorfa 900 þús. kr. Þá er tekið upp nýtt viðfangsefni "Húsið" Eyrarbakka með 700 þús. kr. fjárveitingu. Framlag til Viðeyjarstofu og Nesstofu er óbreytt 750 þús. kr. og til Byggða- og minjasafna renna 3.950 þús. kr. sem er óbreytt fjárhæð frá 1984.

999 Ymislegt.

Með sameiningu hinna ýmsu viðfangsefna fækkar þeim úr 48 eins og þau eru í gildandi fjárlögum í 11 í þessu frumvarpi. Flest voru þessi framlög mjög lág allt niður í 2 þús. kr. þannig að segja má að engin ástæða sé til þess að hafa sérstök viðfangsefni fyrir svo lág framlög. Heildar-fjárveiting er 6.390 þús. kr. og hækkar um 371 þús. kr. frá fjárlögum.

03 Utanríkisráðuneyti

Utgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn.....	38.742	47.663	8.921	23,0
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli.....	34.610	39.678	5.068	14,6
Sendiráð.....	93.057	99.391	6.334	6,8
Alþjóðastofnanir.....	62.365	64.819	2.454	3,9
Samtals	228.774	251.551	22.777	9,9

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytisins til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málaflokka.

101 Aðalskrifstofa.

Fjárveiting til aðalskrifstofunnar nemur 42.331 þús. kr., en var 34.712 þús. kr. í fjárlögum 1984. Laun hækka úr 11.014 þús. kr. í 12.723 þús. kr., eða um 15,5% og fjárveiting til almenns reksturs nemur 29.804 þús. kr. samanborið við 23.657 þús. kr. í fjárlögum 1984. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting fjárveitingar á hin ýmsu viðfangsefni.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn.....	25.355	31.005	22,3
Samningar við erlend ríki.....	258	311	20,5
Alþjóðaráðstefnur.....	4.123	5.439	31,9
Kjöræðismenn.....	309	333	7,8
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi.....	1.176	1.221	3,8
Kvikmyndir og myndbönd fyrir sendiráðin til landkynningar.....	206	333	61,7
Markaðsmál.....	3.464	3.885	12,2
Gjöld samtals	34.891	42.527	21,9
Sértekjur	179	196	9,5
Mismunur	34.712	42.331	21,9

Eins og sjá má á þessu yfirliti stafar hækkun heildar-fjárveitingar til þessa fjárlagaliðar að verulegu leyti af hækkun fjárveitingar til viðfangsefnisins yfirstjórn. Á launalið er áætlað fyrir einni stöðu færri en var árið 1984, þar sem einn starfsmaður af aðalskrifstofu hefur flust á varnarmáladeild, sbr. athugasemd hér á eftir. Á árinu 1983 heimilaði ráðninganefnd ríkisins fjölgun grunnheimilda á aðalskrifstofu um hálfu stöðu sendifulltrúa og eru grunnheimildir nú 25,0.

102 Varnarmáladeild.

Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar nemur 5.332 þús. kr., en var 4.030 þús. kr. í fjárlögum 1984. Laun hækka úr 2.113 þús. kr. í 2.983 þús. kr., eða um 41,2%. Tvennt veldur þessari miklu hækkun. Í fyrsta lagi hefur einn starfsmaður flust af aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins til varnarmáladeildar og hækka laun vegna þess um 320 þús. kr. Í öðru lagi er veitt fjárveiting að upphæð 249 þús. kr. til að lausráða ritara á ráðningarstofu á Keflavíkurflugvelli. Önnur útgjöld hækka úr 2.012 þús. kr. í 2.453 þús. kr., eða um 21,9%.

301-313 Sendiráðin.

Fjárveiting til sendiráða Íslands erlendis nemur 99.391 þús. kr. og hækkar um 6.334 þús. kr., eða 6,8%, frá fjárlögum 1984. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra sendiráða í fjárlögum 1984 og í þessu frumvarpi. Breytingar á fjárveitingum til einstakra sendiráða má rekja til gengisbreytinga íslensku krónunnar, en starfsmannafjöldi sendiráðanna er óbreyttur frá árinu 1984. Breyting á gengi íslensku krónunnar gagnvart helstu myntum er mjög mismunandi. Gagnvart sumum Evrópumyntum hefur gengi krónunnar ymist staðið í stað eða jafnvel hækkað. Eins og í fjárlögum 1984 er áætlað fyrir viðhaldi og stofnkostnaði sendiráðanna undir liðnum sendiráð, almennt. Til viðhalds eru ætlaðar 3.500 þús. kr. og 2.000 þús. kr. til kaupa á ýmsum stofnbúnaði.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Sendiráð Íslands í Bonn, fastanefnd Íslands hjá Evrópuráði.....	6.261	6.014	-247
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn.....	6.774	6.534	-240
Sendiráð Íslands í London.....	8.056	7.924	-132
Sendiráð Íslands í Moskvu.....	7.144	6.641	-503
Sendiráð Íslands í Osló.....	6.751	6.936	185
Sendiráð Íslands í París, fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO.....	8.179	8.367	188
Sendiráð Íslands í Stokkhólm.....	5.434	5.948	514
Sendiráð Íslands í Washington.....	10.568	12.875	2.307
Fastanefnd Íslands hjá S.Þ., aðalræðismannsskrifstofa Íslands í New York.....	13.549	16.261	2.712
Sendiráð Íslands í Brussel, fastanefnd Íslands hjá NATO.....	8.449	8.302	-147
Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf.....	7.896	8.089	193
Sendiráð, almennt.....	3.996	5.500	1.504
Gjöld samtals	93.057	99.391	6.334

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Framlag til stofnunarinnar nemur 13.000 þús. kr., sem er 641 þús. kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum 1984. Fjárveitingin rennur til áframhaldandi starfsemi á Grænhöfðaeyjum og til annarra þróunarverkefna, sem stofnunin hefur gerst aðili að.

399 Utanríkismál, Ýmis starfsemi.

Framlag ríkissjóðs nemur 5.250 þús. kr., en var 4.185 þús. kr. í fjárlögum 1984. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra viðfangsefna.

	Fjárlög 1984 þús. kr.	Frumvarp 1985 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Lögberg-Heimskringla.....	244	184	-60
Samskipti við Vestur-Íslendinga.....	166	166	-
Háskóli Sameinuðu þjóðanna.....	3.775	4.900	1.125
Gjöld samtals	4.185	5.250	1.065

Framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna hækkar um 1.125 þús. kr., eða 29,8%, og skýrist þessi hækkun af minnkandi hlutdeild Sameinuðu þjóðanna í rekstri skólans.

401 Alþjóðastofnanir.

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 44.539 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 46.569 þús. kr., eða um 4,6%. Þessi hækkun og breyting á framlagi til einstakra stofnana stafar af breytingu á gengi íslensku krónunnar og breytingu á kostnaðarhlutdeild í ýmsum alþjóðastofnunum. Tekin eru upp tvö ný viðfangsefni, þ.e. sjóður Sameinuðu þjóðanna til styrktar fórnarlömbum pyntinga og Atlantshafslaxverndarstofnunin (NASCO). Til fyrra viðfangsefnisins eru veittar 60 þús. kr., en 240 þús. kr. til hins síðara.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld málefnafokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir, í þús. kr.:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn.....	16.079	15.866	- 213	- 1,3
Búnaðarmál.....	640.437	824.153	183.716	28,7
Skólar.....	40.702	49.551	8.849	21,7
Samtals	697.218	889.570	192.352	27,6

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis og verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofna.

Fjárveiting til aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins verður 10.531 þús. kr. og hækkar um 1.452 þús. kr. Launaliður nemur 6.639 þús. kr. og hækkar um 48,5% vegna þess að bætt er á launaskrá ráðuneytisins þrem stöðum, en ákveðið er að leggja Landnám ríkisins niður og yfirtekur ráðuneytið nokkur verkefni sem áður voru þar. Önnur gjöld til reksturs lækka um 715 þús. kr. og nema 3.892 þús. kr. Skýringin á lækkuninni er fyrst og fremst sú að 1984 var sérstök fjárveiting 1.360 þús. kr. vegna ráðstefnu FAO hér á landi.

171 Jarðeignir ríkisins.

Framlag ríkissjóðs verður 4.905 þús. kr. sem er lækkun um 845 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Framlag þetta er til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð. Framlagið er miðað við gerðar skuldbindingar.

172 Jarðasjóður.

Framlag ríkissjóðs verður 430 þús. kr. og lækkar um 820 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum. Framlagið er miðað við gerðar skuldbindingar.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Framlag til stofnunarinnar verður 32.720 þús. kr., og er það hækkun um 2.941 þús. kr. eða 9,9% frá fjárlögum. Nokkur breyting er á framsetningu frumvarpsins frá fjárlögum og þarfnast það skýringar. Framlög til almennrar rannsóknastarfsemi eru í öllum meginatriðum með óbreyttu sniði. Rekstrarframlög til þessara þátta nema alls 28.567 þús. kr. Gengið er út frá óbreyttum starfsmannafjölda 1985 og var 1984. Aætluð laun fastráðinna starfsmanna hækka þó

sem einni stöðu nemur en það er staða á viðfangsefninu fæðu-
rannsóknir. Ein staða á þessu viðfangsefni hefur verið
greidd af styrktarfé frá Kelloggsstofnuninni. Sá styrkur
er nú fallinn niður, þess í stað er gert ráð fyrir
fjárveitingu til starfsins sem nemur 450 þús. kr. Megin-
breyting í framsetningu frumvarpsins er að nú er ekki áætlað
fyrir framlagi til tilraunastöðvanna. Í samráði við RALA er
sá háttur nú á hafður að áætla fyrir launum og rekstrarfé
tilraunastjóra og rannsóknamanna á stofnunni en ekki á
einstökum tilraunabúum. Búunum er því ekki ætluð fjárveiting
til reksturs. Stöðugildi sem tilraunastöðvunum tengjast eru
sem hér segir:

	Stöðu- gildi á launum	Laun Þús. kr.	Rekstrarfé Þús. kr.	Stofnkostn. Þús. kr.	Framlag santals Þús. kr.
Tilraunab. Hesti.....	2,00	606	482	-	1.088
Tilraunast. Reykhólum.....	1,00	433	111	-	544
Tilraunast. Möðruvöllum.....	2,00	656	222	500	1.378
Tilraunast. Skriðuklaustri.....	2,00	637	111	-	748
Tilraunast. Sámstöðum.....	2,50	818	167	500	1.485
Santals	9,50	3.150	1.093	1.000	5.243

Rekstrartilhögun á tilraunastöðinni að Möðruvöllum er nú
breytt frá því sem var í fjárlögum 1984. Samningur hefur
verið gerður um það að Ræktunarsamband Norðurlands reki
stöðina með hliðstæðum hætti og Búnaðarsamband Suðurlands
rekur tilraunastöðina að Stóra-Ársmóti. Tilraunafjós eru í
byggingu á báðum stöðvunum og eru veittar 500 þús. kr. til
byggingar hvors þeirra. Tilraunastöðin að Sámstöðum hefur
nokkra sérstöðu vegna frætilrauna og -framleiðslu. Samkvæmt
frumvarpinu er fjárveiting til nýs starfsmanns við
frætilraunir 370 þús. kr. Einnig eru ætlaðar 500 þús. kr.
til kaupa á fræhreinsitækjum á Sámstöðum.

207 Forfalla- og afleysingarþjónusta í sveitum.

Framlag nemur alls 11.203 þús. kr. og hækkar um 17,4% frá
fjárlögum. Gengið er út frá 50 heilsársmönnum í starfi en það
er sami fjöldi og var áætlað fyrir í fjárlögum 1984.

231 Skógrækt ríkisins.

Framlag til stofnunarinnar nemur alls 19.891 þús. kr. og
hækkar það um 14,7% frá fjárlögum 1984. Launaliður nemur
alls 14.391 þús. kr. og hækkar um 17,8% frá fjárlögum. Ekki
er miðað við neina breytingu á starfsmannahaldi aðra en þá
að nú er áætlað fyrir stöðu rannsóknarmanns að Mógilsá, á
föstum launum, en fjárveiting til stöðunnar hefur um árabil
verið áætluð sem önnur dagvinnulaun. Þá er á launalið
tilraunastöðvarinnar að Mógilsá 100 þús. kr. til áfram-
haldandi söfnunar á borsýnum og til rannsókna á áhringjum
trjáa. Framlög til viðfangsefnisins tilraunir með rótar-
skóga er óbreytt fjárhæð frá 1984, 100 þús. kr., en framlag
til viðfangsefnisins nytjaskógar hækkar úr 500 þús. kr í 750
þús. kr. Framlag til viðhaldsverkefna, þ.e. tækja og
húseigna nemur alls 1.400 þús. kr. en nam í fjárlögum 1.254
þús. kr. Til stofnkostnaðarviðfangsefna renna 1.816 þús. kr.
Þar af eru 576 þús. kr. ætlaðar til byggingar plöntugeymslu
á Mógilsá og 1.000 þús. kr. vegna starfsmannahúss í
Þjórsárdal.

241 Landnám ríkisins.

Í fjárlögum 1984 nam framlag til þessarar stofnunar 2.433 þús. kr. Aður er komið fram að stofnunin hefur verið lögð niður en hluti af verkefnum hennar felld undir aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins.

243 Sauðfjárveikivarnir.

Framlag til sauðfjárveikivarna nemur alls 18.099 þús. kr. en í fjárlögum var framlagið 7.051 þús. kr. Launaliður nemur alls 4.526 þús. kr. og er það hækkun um 13,4% frá fjárlögum. Á viðfangsefninu sauðfjárveikivarnir eru einnig gjaldferðar bætur vegna búfjárniðurskurðar, 10.700 þús. kr. Fjárveiting þessi er miðuð við gerðar skuldbindingar. Að síðustu er að nefna að veittar eru 1.920 þús. kr. til viðhalds og endurbóta sauðfjárveikigirðinga en hliðstæð fjárveiting 1984 nemur 2.000 þús. kr.

246 Veiðimálaskrifstofan.

Framlag til stofnunarinnar nemur alls 8.586 þús. kr. en nam 8.447 þús. kr í fjárlögum 1984. Lítil hækkun á framlagi skýrist af því að nú er ekki reiknað með neinu framlagi til laxeldistöðvarinnar í Kollafirði en fjárveiting nam 1.406 þús. kr. 1984 og var vegna greiðslu vaxta og afborgunar af láni sem tekið var til jarðhitaleitar á staðnum. Framlag til Fiskræktarsjóðs nemur 600 þús. kr. og er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1984, en sjóðurinn styrkir byggingu fiskræktar- og fiskeldismannvirki. Að síðustu er að nefna að sértekjur veiðimálaskrifstofunnar eru áætlaðar 839 þús. kr. en þær eru taldar nema 773 þús. kr. árið 1984.

247 Yfirdýralæknir.

Framlag 1985 nemur alls 14.197 þús. kr. en framlag í fjárlögum 1984 nam 12.149 þús. kr. Hækkunin er 16,8%. Framlag til viðfangsefnanna yfirstjórn og héraðsdýralæknar er miðuð við óbreytta starfsemi en héraðsdýralæknar eru alls 28 á launum. Eitt viðfangsefni, jógurbólguannsóknir, er fellt niður en fjárveiting 1984 nam 120 þús. kr. Þá er fjárveiting til viðfangsefnisins búfjár sjúkdómar óbreytt þ.e. 60 þús. kr., og framlag til eftirlits og eftirlitsferða hækkar um 16 þús. kr. Til viðhalds og byggingar dýralæknisbústaða renna alls 1.600 þús. kr. og hækkar fjárveitingin um 250 þús. kr. frá fjárlögum.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.

Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar verður skv. frumvarpinu 18.000 þús. kr. en var 32.597 þús. kr. í fjárlögum 1984. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra verkefna á þessum fjárlagalið, annars vegar í fjárlagafrumvarpi 1985 og hins vegar í fjárlögum 1984:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Landgræðsluáætlun, RALA.....	2.218	1.100	- 1.118
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins.....	4.052	2.000	- 2.052
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins.....	19.294	9.500	- 9.794
Landgræðsluáætlun, Ýmis starfsemi.....	818	400	- 418
Fyrirhliðslur.....	5.280	4.000	- 1.280
Sjóvarnargarðar.....	935	1.000	65
Samtals	32.597	18.000	-14.597

286 Landbúnaður, framlög.

Í fjárlögum 1984 var fjárveiting á þessum lið til tveggja viðfangsefna, þ.e. jarðræktar- og húsgarðarsamþykktir 130 þús. kr. og framleiðnisjóður landbúnaðarins 750 þús. kr. Ekki er gert ráð fyrir neinu framlagi á þessum lið 1985.

287 Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Framlag til hinnar almennu starfsemi Stofnlánadeildarinnar fellur niður og er það í samræmi við menginstefnu frumvarpsins að fella að mestu niður framlög til stofnlánasjóða atvinnuveganna. Framlag ríkissjóðs er nú 30.600 þús. kr. og rennur óskipt til Lífeyrissjóðs bændu en samkvæmt II. kafla laga um lífeyrissjóðinn greiðir ríkissjóður 35% útgjalda hans til ársloka 1985.

288 Jarðræktarframlög.

Í fjárlögum 1984 eru fjögur viðfangsefni á þessum lið og heildarfjárveiting 126.609 þús. kr. Í þessu frumvarpi eru viðfangsefni einungis tvö þ.e. ráðunautar með 8.954 þús. kr. og liðurinn jarðræktarframlög o. fl. 130.000 þús. kr. Fjárveiting til fyrra viðfangsefnisins hækkar um 16,2% og til hins síðara um 9,3%.

290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.

Útflutingsuppbætur 1984 nema að hámarki 468.000 þús. kr., en talið er að framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara framleiðsluárið 1983/84 nemi 4,5 milljörðum króna. Óvist er hvert framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara verður framleiðsluárið 1984/85. Fjárveiting 1985 skv. frumvarpinu er við það miðuð að hámarksgræðsla útflutingsuppbóta verði eigi hærrí fjárhæð en 380.000 þús. kr.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.

Fjárveiting nemur alls 82.899 þús. kr., þar af eru 81.499 þús. kr. vegna liðarins lántökukostnaður vegna laga nr. 13/1981 og 13/1982. Hliðstæð fjárveiting 1984 nam 40.405 þús. kr. Framlag til tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands nemur 200 þús. kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 1984. Til Skógræktarfélags Íslands eru ætlaðar 300 þús. kr. en í fjárlögum eru nú 140 þús. kr. Framlög til annarra viðfangsefna á þessum lið falla niður að frátöldum liðnum ýmis verkefni. Fjárveiting til hans nemur 950 þús. kr. en sambærileg fjárveiting í fjárlögum nam 260 þús. kr. Af óskiptri fjárhæð eru 400 þús. kr. ætlaðar til samtakanna Landvernd.

501 Bændaskólinn Hvanneyri.

Fjárveiting verður 23.596 þús. kr. og hækkar um 25,1% frá fjárlögum 1984. Ekki þykir sérstök ástæða til umfjöllunar um almennan rekstur skólans en hækkun fjárveitingar skýrist í aðalatriðum af auknum framlögum til stofnkostnaðar. Stofnkostnaður nam 5.850 þús. kr. í fjárlögum 1984, en meirihluti fjárveitingarinnar rann til byggingar rannsóknarhúss. Í frumvarpinu fyrir 1985 skiptist stofnkostnaðarfjárveitingin þannig á stærstu liði: Rannsóknarhús 4.300 þús. kr., gamla skólahúsið 500 þús. kr., nútæknisafn 200 þús. kr. og til kaupa á tölum, bílum og vélum 625 þús. kr. Loks er þess að geta að sértekjur eru nú áætlaðar 11.441 þús. kr. en þar námu 10.705 þús. kr. í fjárlögum 1984, hækkunin er 6,9%

502 Bændaskólinn Hólum.

Fjárveiting til skólans verður 14.754 þús. kr. og hækkar um 21,6% frá gildandi fjárlögum. Launa- og rekstrargjaldaframlög til almennrar starfsemi nema 9.019 þús. kr. og er það um 40% hækkun frá fjárlögum. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af því að útgjöld til starfsemi við tilraunir og búrekstur hafa verið endurmetin. Má í því sambandi nefna kennslu í loðdýrafræðum og við fiskeldi og fiskrækt. Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar nemur samtals 5.735 þús. kr. og skiptist þannig að 2.385 þús. kr. eru til áframhaldandi viðhalds gamla skólahússins og 3.350 þús. kr. eru ætlaðar til stofnkostnaðarverkefna þ.á.m. kennaraíbúða.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins.

Fjárveiting til skólans verður 11.201 þús. kr. og hækkar hún um 15,4% frá fjárlögum 1984. Framlag til almenns reksturs hækkar í öllum menginatriðum í samræmi við verðlagsbreytingar og krefst því ekki sérstakrar skýringar. Til viðhalds gróðurhúsa og annarra eigna eru ætlaðar 1.000 þús. kr. og er það nokkurn veginn sama fjárhæð og 1984. Til stofnkostnaðar eru nú áætlaðar 2.400 þús.kr. og er það hækkun um 385 þús. kr. frá fjárlögum. Helstu framkvæmdir á vegum skólans er áframhaldandi endurbygging á gróðurhúsum og nýbygging heimavistar. Loks er þess að geta að sértekjur eru áætlaðar 1.308 þús. kr. og hækka um 9,8%. Þar sem ásigkomulagi gróðurhúsa hefur hrakað á undanförunum árum hefur reynt erfitt að afla þeirra tekna sem að var stefnt.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Z	
Yfirstjórn.....	10.534	12.472	1.938	18,4	
Útvegsáál.....	199.936	590.006	390.070	195,1	
Annað.....	12.198	17.731	5.533	45,4	
	Samtals	222.668	620.209	397.541	178,5
Þar af markaður tekjustofn.....	5.400	5.400	-	-	

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem er 5.400 þús. kr. Gjaldið skiptist þannig milli viðtakenda: Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging fær 320 þús. kr., sem er hækkun um 260 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Ríkismat sjávarafurða fær 5.080 þús. kr. og er það lækkun um 260 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði til skýringar á hækkun framlags til einstakra málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins.

202 Hafrannsóknastofnun.

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 91.027 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 115.440 þús. kr., eða um 26,8%. Á árinu 1983 voru sett lög er taka til starfsemi Hafrannsóknastofnunar. Jafnframt hefur verið unnið að endurskoðun á starfsháttum og skipulagi stofnunarinnar. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að eftirtalin viðfangsefni verði sameinuð í eitt viðfangsefni sem nefnt er rannsóknasvið: uppsjávarfiskadeild, svif- og botndýradeild, sjórannsóknadeild, veiðarfæradeild, plöntusvifdeild, botnfiskadeild og flatfiskadeild. Fjárveiting til þessarar starfsemi er í frumvarpinu alls áætluð 21.615 þús. kr. en í fjárlögum 1984 nam fjárveiting til hliðstæðs rannsóknastarfs 18.598 þús. kr. Hækkun nemur því 3.017 þús. kr., eða 16,2%. Fjárveitingin er miðuð við óbreyttan fjölda grunnheimilda á stofnuninni, þ.e. 54 grunnheimildir.

Skiparekstur stofnunarinnar á árinu 1985 miðast við 10 mánaða úthald á hvoru skipi, R/S Bjarna Sæmundssyni og R/S Arna Friðrikssyni, og 10 mánaða úthald á skipi af svipaðri stærð og R/S Dröfn. Ekki er sérstaklega veitt fé til úthalds á R/S Dröfn, enda óvissa um framtíð þess skips í starfi stofnunarinnar.

Í ó. gr. fjárlaga 1984 var veitt heimild til þess að kosta endurbætur á rannsóknaskipunum Bjarna Sæmundssyni og Arna Friðrikssyni. Í því skyni var veitt aukafjárveiting 1984 að upphæð 9.800 þús. kr. til að kosta fyrri hluta nauðsynlegra endurbóta. Á árinu 1985 er ráðgert að verja 10.000 þús. kr. til áframhaldandi viðhalds skipanna. Jafnþá er upphæð verður varið til stofnbúnaðar kaupa og er þar um ymsan tækjabúnað að ræða.

Fjárveiting til viðfangsefnisins veiðarfærakostnaður

hækkar um 1.209 þús. kr. og nemur alls 4.059 þús. kr. og er nú gert átak til þess að efla Ýmsar rannsóknir á því sviði. Fjárframlag til viðfangsefnisins tímabundin verkefni er í meginatriðum óbreytt frá fyrra ári, en rétt er að geta þess að veittar eru 350 þús. kr. til sérstakra tímabundinna verkefna, saga hafrannsóknna á Íslandi og stofnstærðarmælingar. Loks er þess að geta að sértekjur stofnunarinnar nema einungis 328 þús. kr. en voru áætlaðar 2.155 þús. kr. í fjárlögum 1984.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 15.033 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 17.664 þús. kr., eða um 17,5%. Einstakar gjaldategundir, þ.á.m. sértekjur, hækka þó verulega meira þar sem nú hefur verið komið til móts við óskir stofnunarinnar um rétt mat á umfangi rekstursins. Laun hækka um 3.358 þús. kr. og verða 16.404 þús. kr. Fjárveiting til almenns reksturs nemur 5.902 þús. kr., en var 4.220 þús. kr. í fjárlögum 1984. Til stofnkostnaðarverkefna eru veittar 1.500 þús. kr., en í fjárlögum 1984 nam gjaldfærður stofnkostnaður 805 þús. kr. Heildargjöld stofnunarinnar nema því 24.205 þús. kr. og hækka um 5.839 þús. kr. frá fjárlögum 1984, eða um 31,8%. Sértekjur hækka úr 3.333 þús. kr. í 6.541 þús. kr.

215 Ríkismat sjávarafurða.

Samkvæmt lögum nr. 53/1984 er sett á laggir ný stofnun, Ríkismat sjávarafurða. Þessi nýja stofnun tók við starfi Framleiðslueftirlits sjávarafurða í ágúst 1984. Í kjölfar þess hófst endurskipulagning á starfsemiinni. Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 40.612 þús. kr. og mun sú fjárhæð þarfnast endurskoðunar fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.

274 Aflatryggingasjóður.

Í fjárlögum 1984 var áætlað fyrir framlagi til Aflatryggingasjóðs á þessum fjárlagalið. Nú er það framlag fellt niður eins og fram kemur í kafla 2.6 í greinargerðinni.

280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla.

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar verður söluskattur í sjávarútvegi endurgreiddur frá ársbyrjun 1985. Áætlað er að þetta nemi 380.000 þús. kr.

298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu.

Fjárveitingu ársins 1984 hefur m.a. verið ráðstafað til tilraunaveiða og vinnslu kolmunna og til rækjuleitar. Þá hafa rannsóknir á kúfiski og Ýmsum krabbategundum verið styrktar. Fjárveiting 1985 nemur 5.358 þús. kr. og breytist því ekki frá fjárlögum 1984.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi.

Framlag ríkissjóðs nemur 14.508 þús. kr., en nam 21.453 þús. kr. í fjárlögum 1984. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram hver breyting fjárveitinga til einstakra viðfangsefna er frá fjárlögum 1984 til þessa frumvarps.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Sjóvinnunámskeið.....	242	-	-242
Skólabátar.....	200	-	-200
Sjóvinnukennsla.....	-	500	500
Hvalvinnslustöðvar, eftirlit.....	200	175	-25
Veiðieftirlit.....	5.811	9.833	4.022
Vinnu- og rekstrarhagræðing í fiskvinnslufyrirtækjum.....	500	-	-500
Mörkun fiskveiðistefnu.....	1.500	2.000	500
Stjórn fiskveiða.....	5.000	2.000	-3.000
Hafrannsóknir á djúpslóð.....	8.000	-	-8.000
Gjöld samtals	21.453	14.508	-6.945

Viðfangsefnin sjóvinnunámskeið og skólabátar í fjárlögum 1984 hafa verið sameinuð og nefnist nýja viðfangsefnið sjóvinnukennsla. Fjárveiting til viðfangsefnisins veiðieftirlit hækkar úr 5.811 þús. kr. í 9.833 þús. kr., eða um 4.022 þús. kr. Þessi mikla hækkun stafar að nokkru leyti af fjölgun lausráðinna veiðieftirlitsmanna um þrjá, en laun þeirra voru áður greidd af fjárveitingu viðfangsefnisins stjórn fiskveiða. Þá er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til viðfangsefnisins hafrannsóknir á djúpslóð.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Framlag til stofnunarinnar eykst úr 12.198 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 17.731 þús. kr., eða um 45,4%. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting framlagsins á einstök viðfangsefni í fjárlögum 1984 og þessu frumvarpi, svo og hækkunin milli ára.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn.....	3.864	5.717	47,9
Skúlagata 4.....	2.664	4.379	64,4
Keldnáholt.....	6.200	8.332	34,4
Gjöld samtals	12.728	18.428	44,8
Sértekjur	530	697	31,5
Misaunur	12.198	17.731	45,4

Laun hækka úr 4.770 þús. kr. í 6.363 þús. kr., eða um 33,4%. Rekstrarfé hækkar úr 7.063 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 11.145 þús. kr., eða um 57,8%. Þessar hækkunir eru meiri en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til. Vegna yfirtöku stofnunarinnar á fjármálum hafrannsóknaskipanna heimilaði ráðninganefnd ríkisins á árinu 1984 ráðningu fulltrúa til eins árs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir launum þessa fulltrúa árið 1985. Af sömu ástæðu hefur þörf-

in á yfirvinnu aukist nokkuð. Allt minni háttar viðhald og minni háttar tækjakaup eru nú talin með rekstrargjöldum. Þá veldur mikil hækkun á verði heits vatns og hækkun fasteignagjalda hækkun á rekstrargjöldum. Veittar eru 550 þús. kr. til kaupa á tölvubúnaði og er það sett upp sem sérstakt viðfangsefni. Í fjárlögum 1984 voru 260 þús. kr. veittar til stofnkostnaðar. Þá eru 370 þús. kr. ætlaðar til meiri háttar viðhalds á húsum rannsóknastofnana á Keldnaholti.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti, í þús. kr.:

	Fjárlög 1984	Fruuvarp 1985	Hækkun Þús. kr.	%
Yfirstjórn.....	15.460	18.190	2.730	17,7
Dómgesla, lögreglumál o.fl.....	699.595	1.027.345	327.750	46,8
Þjóðkirkjan.....	85.830	108.908	23.078	26,9
Samtals	800.885	1.154.443	353.558	44,1

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokkna.

206 Lögreglustjórnin í Reykjavík.

Framlag ríkissjóðs nemur 166.785 þús. kr. og hækkar um 24.457 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Laun hækka úr 121.276 þús. kr. í 144.874 þús. kr., eða um 19,5%. Hluti þessarar hækkunar stafar af því að laun bifvélavirkja eru nú talin með launum, en þau voru áður talin með viðhaldskostnaði. Framlag til stofnkostnaðar hækkar um 672 þús. kr. og nemur 4.000 þús. kr. Af þessari upphæð skal 3.000 þús. kr. varið til kaupa á bifreiðum og bifhjólum. Veitt eru 1.420 þús. kr. til viðhaldsverkefna og skal 1.000 þús. kr. varið til viðgerða á sprunguskemmdum á aðallögreglustöðinni við Hverfisgötu og 420 þús. kr. til að mála sama húss að utan.

211-237 Bæjarfógetar og sýslumenn.

Fjárveitingar hækka um 133.707 þús. kr. og verða samtals 366.986 þús. kr. Skipting fjárveitingarinnar á gjaldategundir kemur fram á meðfylgjandi töflu:

	Fjárlög 1984	Fruuvarp 1985	Breyting þús. kr.
Laun.....	165.421	255.169	89.748
Annað	71.736	118.453	46.717
Gjöld samtals	237.157	373.622	136.465
Sértekjur	3.878	6.636	2.758
Mismunur	233.279	366.986	133.707

Framlög hækka um rúm 57%. Hækkunin er einvörðungu fram komin vegna þeirrar endurskoðunar á rekstrarkostnaði embættanna sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir. Hvað verklegar framkvæmdir áhrerir eru þær heldur minni en verið hefur undanfarin ár. Helstu verkefni eru sem hér segir:

	Þús. kr.
Þóðardalur, stjórnsýsluhús.....	3.200
Olafsfjörður, skrifstofuhúsnæði.....	160
Akureyri, vegna lögreglustöðvar á Dalvík.....	1.560
Akureyri, vegna endurbóta skrifstofuhúsnæðis.....	3.100
Hvolsvöllur, vegna innréttingar lögreglustöðvar.....	300
Selfoss, vegna breytinga á skrifstofuhúsnæði.....	1.000
Selfoss, vegna hönnunar á lögreglustöð.....	750
Hafnarfjörður, lögreglustöð.....	3.500
Kópavogur, frágangur á lóð við skrifstofu bæjarfógeta.....	1.500

Föstum stöðugildum fjölgar verulega frá því sem nú er eins og meðfylgjandi yfirlit ber með sér. Hér er þó ekki um raunverulega fjölgun stöðugilda að ræða. Sýslumenn og bæjarfógetar sinna störfum innheimtumanna ríkissjóðs, auk annarra verkefna. Nú hefur verið tekið upp nýtt fyrirkomulag uppgjors sýslumanna á ríkissjóðstekjum, þar sem m.a. er gert ráð fyrir fjárhagslegum aðskilnaði innheimtu og annarra þátta embættisrekstursins. Í kjölfar þessarar breytingar var rekstrarkostnaður embættanna gaumgæfilega yfirfarinn í samvinnu fjárlaga- og hagsýslustofnunar annars vegar og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hins vegar. Fjárlaga-áætluninni er nú ætlað að vera í samræmi við það umfang rekstrar er nauðsynlegur er talinn af dómsmálaráðuneyti að gefnum þeim skorðum er greiðslugeta ríkissjóðs setur starfsemi af þessu tagi.

Fjárlaganúmer	Embætti	Fjöldun staða	Stöður santals
06-212-01	Akranes, yfirstjórn.....	1,25	8,75
06-212-20	Akranes, löggæsla.....	2,00	10,00
06-213-01	Borgarnes, yfirstjórn.....	2,00	5,00
06-214-01	Stykkishólmur, yfirstjórn.....	1,00	8,50
06-214-20	Stykkishólmur, löggæsla.....	1,00	3,00
06-214-21	Stykkishólmur, löggæsla á Grundarfirði.....	1,00	2,00
06-214-22	Stykkishólmur, löggæsla í Ólafsvík og á Hellissandi.....	1,00	4,00
06-215-20	Búardalur, löggæsla.....	0,50	0,50
06-216-20	Patreksfjörður, löggæsla.....	1,00	3,00
06-218-01	Ísafjörður, yfirstjórn.....	1,00	11,00
06-218-20	Ísafjörður, löggæsla.....	5,00	11,00
06-219-01	Hólavík, yfirstjórn.....	0,50	2,50
06-221-20	Blönduós, löggæsla.....	1,00	4,00
06-222-01	Sauðárkrúkur, yfirstjórn.....	1,00	7,50
06-222-20	Sauðárkrúkur, löggæsla.....	2,00	6,00
06-225-01	Akureyri, yfirstjórn.....	2,90	27,50
06-225-20	Akureyri, löggæsla.....	3,00	27,00
06-226-01	Húsavík, yfirstjórn.....	1,50	11,00
06-226-20	Húsavík, löggæsla.....	1,00	6,00
06-227-01	Seyðisfjörður, yfirstjórn.....	1,00	6,50
06-229-01	Eskifjörður, yfirstjórn.....	1,50	8,50
06-229-21	Eskifjörður, löggæsla á Egilstöðum.....	1,00	2,00
06-230-20	Höfn í Hornafirði, löggæsla.....	1,00	3,00
06-231-20	Vík í Mýrdal, löggæsla.....	1,00	1,00
06-232-20	Hvolsvöllur, löggæsla.....	2,00	4,00
06-233-20	Vestmannaeyjar, löggæsla.....	-1,00	9,00
06-234-01	Selfoss, yfirstjórn.....	4,00	15,00
06-234-20	Selfoss, löggæsla.....	6,00	20,00
06-235-01	Keflavík, yfirstjórn.....	4,00	21,00
06-235-20	Keflavík, löggæsla.....	6,00	20,00
06-236-01	Hafnarfjörður, yfirstjórn.....	2,50	33,00
06-236-20	Hafnarfjörður, löggæsla.....	6,00	36,00
06-237-01	Kópavogur, yfirstjórn.....	4,00	21,50
06-237-20	Kópavogur, löggæsla.....	4,00	24,00
		Santals	72,65
			382,75

242 Vinnuhælið Litla-Hrauni.

Fjárveiting til vinnuhælisins nemur 29.905 þús. kr. og er það 9,5% hækkun frá gildandi fjárlögum. Launaliður vegna rekstrar hækkar um 3.725 þús. kr. og byggir á sama fjölda starfsmanna og í fjárlögum 1984, eða 29 heimiluum stöðum. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 1.788 þús. kr. og er hvort tveggja í hátt við almennar launa- og verðlagsþækkningar. Minni háttar viðhald er nú fært með öðrum rekstrargjöldum og skýrir það hækkun þeirra umfram verðlagsforsendum. Framlag til stofnkostnaðar lækkar um 2.220 þús. kr. sem veitt var á árinu 1984 til kaupa á bifreið og endurbóta á skrifstofu- aðstöðu. Meiri háttar viðhald áætlast 420 þús. kr. sem er vegna viðgerðar á þaki gamla fangahússins, eldvarnarmálningu á göngum og hurðum og til endurnýjunar á rúmdýnum. Sértekjur áætlast 5.995 þús. kr.

251 Landhelgisgæsla Íslands.

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar nemur alls 266.227 þús. kr. og er það 126.368 þús. kr. eða 90,4% hækkun frá fjárlögum 1984. Hækkunin skýrist að mestu af auknum fjárveitingum til fluggæslu eða úr 35.696 þús. kr. í 157.158 þús. kr. Hér er um að ræða 98.150 þús. kr. til kaupa á nýrri Dauphin þyrilu til björgunar- og gæslustarfa. Jafnframt er gert ráð fyrir 11.876 þús. kr. vegna viðhalds á TF-SYN og 8.234 þús. kr. vegna endurbyggingar á flugskýli 2 á Reykjavíkflugvelli. Gert er ráð fyrir rekstri þriggja flugvéla í alls 1.200 flugstundir á árinu 1985. Áætlun um skiparekstur stofnunarinnar fyrir árið 1985 byggir á svipuðum forsendum og fjárlög 1984. Miðað er við rekstur þriggja skipa í alls 33 mánuði, þ.e. Ágir og Týr í 12 mánuði hvort skip og Óðinn í 9 mánuði. Framlag til Landhelgisgjóðs í fjárlögum 1984 nemur 11.558 þús. kr. til að standa ströum af lánum sjóðsins sem tekin hafa verið í tengslum við skipa- og flugvélakaup stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn falli niður þar sem ríkissjóður hefur yfirtekið áhvílandi lán sjóðsins. Jafnframt er miðað við að fé til kaupa á nýrri þyrilu verði bein fjárveiting til stofnunarinnar. Að öðru leyti er fjárveiting til Landhelgisgæslunnar miðuð við hefðbundinn rekstur utan þess að heimiluoð er 419 þús. kr. fjárveiting til viðfangsefnisins sjómælingar og sjókortagerð til kaupa á framköllunarvél við sjókortagerð.

252 Bifreiðaæftirlit ríkisins.

Heildarfjárveiting nemur 40.938 þús. kr. og er það 15.139 þús. kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af framlagi til stofnkostnaðar sem hækkar um 7.710 þús. kr. og nemur 9.000 þús. kr. Þar af eru 8.000 þús. kr. vegna byggingarframkvæmda við Bildshöfða 4 og 6, en 1.000 þús. kr. er vegna frágangs á húsnæði á Selfossi. Hækkun launa og annarra rekstrargjalda er í samræmi við launa- og verðlagsforsendum frumvarpsins.

301 Biskup Íslands.

Viðfangsefni eru þrjú talsins, yfirstjórn, æskulýðsstarf og biskupsbústaður. Hér verður fjallað um fjárlagaliðinn í heild. Launaliður nemur 3.402 þús. kr. og hækkar um 620 þús. kr. Heimilaðar stöður eru sjö talsins, fjórar á yfirstjórn og þrjár við æskulýðsstarf og er þetta sami stöðufjöldi og í fjárlögum 1984. Önnur rekstrargjöld lækka um 293 þús. kr. sem skýrist af því að gert var ráð fyrir 600 þús. kr. sérstöku framlagi í fjárlögum 1984 vegna uppgjörs við Ýmsa sjóði. Að því frátöldu hækka rekstrargjöld um 307 þús. kr. sem er umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Er það vegna þess að minni háttar viðhald færist nú með öðrum rekstrargjöldum. Sértekjur áætlast 414 þús. kr. sem er endurgreiddur skrifstofukostnaður frá Ýmsum sjóðum í vörslu embættisins.

303 Prestaköll og prófastdæmi.

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru fimm talsins en voru sex í fjárlögum yfirstandandi árs. Viðfangsefnið útihús á prestsetrum fellur niður en í eftirfarandi töflu er sýndur samanburður við fjárlög 1984.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Prestar og prófastar.....	49.486	62.507	13.021
Byggingar á prestsetrum.....	4.250	4.000	- 250
Kaup á eignum á kirkjujörðum.....	100	500	400
Viðhald embættisbústaða.....	12.200	15.000	2.800
Útihús á prestsetrum.....	250	-	- 250
Byggingareftirlit.....	118	194	76
Samtals	66.404	82.201	15.797

Hækkun fjárveitingar frá fjárlögum 1984 er um 24% og er fyrst og fremst á viðfangsefninu prestar og prófastar eins og kemur fram í töflunni. Nýjar reglur um greiðslu embættiskostnaðar presta og prófaste tóku gildi 1. apríl 1984 og eru skýring á þessari hækkun. Þessar reglur eru um greiðslu húsaleigustyrks, símkostnaðar, prestsklæða o.fl. Á launalið viðfangsefnisins er áætlað fyrir 120 stöðum, 4.000 þús. kr. eru til kaupa á fasteignum, 1.500 þús. kr. til útborgunar og endurbóta á húsi á Suðureyri og 2.500 þús. kr. vegna prestsbústaðar á Þórshöfn. Þá er töluverð hækkun á viðhaldi embættisbústaða eða úr 12.200 þús. kr. í 15.000 þús. kr.

304 Ýmis kirkjuleg málefni.

Framlag er samtals 12.562 þús. kr. og hækkar um 3.683 þús. kr. eða um 50%. Það eru fyrst og fremst framlög til tveggja viðfangsefna sem valda þessari miklu hækkun, framlag til Hallgrímskirkju og hækkun á Ýmsum framlögum, en þar er m. a. áætlað fyrir 500 þús. kr. vegna kirkjuhúss við Suðurgötu í Reykjavík. Til skýringar er sýndur samanburður við gildandi fjárlög í eftirfarandi töflu, en viðfangsefni hafa verið sameinuð til fækkunar eins og á öðrum safnliðum í frumvarpinu.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Kirkjuáráðeftirlit.....	315	327	12
Skálholtsstaður.....	450	450	-
Hallgrímskirkja.....	4.300	6.500	2.200
Húsmæðraskólinn að Löngumýri.....	433	370	- 63
Kirkjuorgel, lokagreiðsla.....	1.300	1.417	117
Ýmislegt.....	2.081	3.498	1.417
Samtals	8.879	12.562	3.683

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn.....	9.148	12.516	3.368	36,8
Húsnáðismál.....	400.000	800.000	400.000	100,0
Önnur félagsmál.....	294.181	358.937	64.756	22,0
Samtals	703.329	1.171.453	468.124	66,6
Þar af markaðir tekjustofnar.....	229.400	284.400	55.000	24,0

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir frá fjárlögum 1984: Markaður tekjustofn til Byggingarsjóðs verkamanna verður 250.000 þús. kr., sem er hækkun um 50.000 þús. kr. Skipulagsgjald, sem rennur til Skipulagsstjóra ríkisins, hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 15.000 þús. kr. Hluti af erfðafjárskatti, sem fer til Erfðafjárskatts nemur 19.400 þús. kr. og er það óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1984. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkuðum framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa.

Framlag til aðalskrifstofunnar nemur alls 12.516 þús. kr. og deilist á tvö viðfangsefni, yfirstjórn og gagnavinnsla vinnumiðlunar. Framlag til reksturs skrifstofu ráðuneytisins nemur 11.016 þús. kr. og hækkar um 1.868 þús. kr. eða 20,4%. Gengið er út frá óbreyttri starfsemi og á árinu 1984 og miðast föst laun við grunnheimildir. Framlag til gagnavinnslu vinnumiðlunar nemur 1.500 þús. kr. Á árinu 1984 hefur verið unnið að tölvutöku kerfi til skráningar á ýmsum þáttum er að atvinnu- og vinnumálum snúa. Aætlaður stofnkostnaður við kaup og uppsetningu á kerfinu nemur 3.000 þús. kr. Aætlað er að aðrir notendur þess, s.s. Atvinnuleysisstryggingasjóður og sveitarfélög, taki þátt í stofnkostnaði og rekstri þessa kerfis.

271, 272 Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna.

Fjárveiting til byggingarsjóðanna nemur alls 800.000 þús. kr. og er það tvöfalt hærri fjárhæð en var í fjárlögum 1984. Í B-hluta frumvarpsins kemur fram sundurliðun á fjáröflun og fjárráðstöfun sjóðanna 1985. Í eftirfarandi yfirliti eru sýnd fjáröflun og nettó ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna í m.kr.:

	Lánsfjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.
Byggingarsjóður ríkisins:		
Eigið fé, nettó.....	82.000	- 42.000
Ríkisframlag.....	200.000	550.000
Lánsfé.....	885.000	1.092.000*
Til útlána.....	1.167.000	1.600.000
Byggingarsjóður verkamanna:		
Eigið fé, nettó.....	3.000	- 30.000
Sveitarfélög.....	38.000	80.000
Ríkisframlag.....	200.000	250.000
Lánsfé.....	165.000	305.000
Til útlána.....	406.000	605.000

* Þar af 150.000 m.kr. til orkusparandi aðgerða í íbúðarhúsnæði.

399 Vatnsveitur.

Fjárveiting til vatnsveitufrankvæmda á vegum sveitarfélaga nemur 5.000 þús. kr. og lækkar um 3.500 þús. kr. frá fjárlögum 1984.

700 - 708 Málefni fatlaðra.

Sú breyting er gerð á framsetningu þessa málaflokks að honum er skipt á nju fjárlagaliði 700 - 708. Á lið 700 er kostnaður við stjórnarnefnd, samráðsnefnd og samráðsnefnd um ferlimál, vistanir, og útgjöld samkvæmt 10. gr. og 19. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Á liðunum 701 - 708 er kostnaði skipt eftir landssvæðum, eins og þau eru tilgreind í 4. gr. áðurnefndra laga. Einstök heimili eru rekin með mismunandi hætti, þ.e. af viðkomandi svæðisstjórn, félagsskap, sveitarfélagi eða heimilið er sjálfseignarstofnun. Í upptalningu viðfangsefna er ekki gerður greinarmunur á rekstraraðilum.

Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðra hækkar úr 150.391 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 217.129 þús. kr., eða um 44,4%. Tekin er inn fjárveiting til níu nýrra heimila fyrir fatlaða og eins nýs leiktækjasafns. Af þessum heimilum eru tvö rekin af Reykjavíkurborg og fjárveiting því talin sem tilfærsla. Kostnaður við þessa nýju starfsemi er áætlaður 9.197 þús. kr. Laun hækka úr 103.707 þús. kr. í 148.157 þús. kr. Auk almennra launahækkana eru laun á áðurnefndum nýjum viðfangsefnum að upphæð 4.648 þús. kr. og aukning á starfsemi þeirra stofnana, sem voru í fjárlögum 1984, en hana má meta um 8.500 þús. kr. Ástæðan fyrir þessari aukningu er fyrst og fremst sú, að í fjárlögum 1984 var gert ráð fyrir, að mörg heimili hefðu rekstur á því ári, en eru reiknuð með rekstur allt árið 1985. Fjölgun reiknaðra stöðugilda vegna þessa er 21,66 og reiknuð stöðugildi á nýjum heimilum er 17,75. Alls fjölgar því reiknuðum stöðugildum um 39,41 frá fjárlögum 1984 og eru nú 384,71 á öllum stofnunum. Það skal tekið fram, að reiknuð stöðugildi og stöðuheimildir eru ekki það sama.

Rekstrargjöld hækka úr 52.019 þús. kr. í 83.815 þús. kr., eða um 31.796 þús. kr. Munar þar mestu, að rekstrargjöld hjá sex vernduðum vinnustöðum hækka um 12.595 þús. kr. og fjórum vistheimilum um 10.639 þús. kr. eða samtals um 23.234 þús. kr. Á móti hækka sértekjur þessara sömu heimila um 19.546 þús. kr. Rekstrargjöld hjá svæðisstjórnnum hækka um 2.569 þús. kr. og verða samtals 4.765 þús. kr. Stafar það af auknum umsvifum svæðisstjórnanna, svo sem auknum ferðakostnaði og húsaleigu, en í fjárlögum 1984 var þessi kostnaður vanmetinn miðað við að reiknað var með að starfslið þeirra væri 15,05 stöðugildi og fjölgar nú um eitt hjá svæðisstjórninni á Reykjanesi.

Tilfærslur verða 17.877 þús. kr. og skiptast þannig:

	Þús. kr.
1. Kostnaður skv. 10. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra.....	10.900
2. Kostnaður skv. 19. gr. sömu laga.....	2.180
3. Vistanir.....	610
4. Kostnaður við atvinnuleit fyrir fatlaða.....	545
5. Þátttaka í rekstri tveggja samþýla á vegum Reykjavíkurborgar (85%).....	3.642
Samtals	17.877

Yfirfærslur í fjárlögum 1984 voru 5.489 þús. kr., allt samkvæmt ákvæðum 10. gr. laganna. Þar er um að ræða styrki að tillögu svæðisstjórna til fatlaðra barna, sem dvelja í heimahúsum og njóta þar sérstakrar umönnunar eða gæslu. Þessi fjárhæð er hækkuð um 5.411 þús. kr. að fenginni reynslu. Samkvæmt 19. gr. laganna er heimilt að tillögu svæðisstjórnar að veita þeim styrki til framfærslu er lögin ná til, svo og lán til verkfæra- og tækjakaupa og til greiðslu námskostnaðar. Liður 3, vistanir, er nýr liður, svo og 4. liður, kostnaður við atvinnuleit fatlaðra. Í 22. grein fyrrnefndra laga segir að þar sem vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags starfræki sérstaka deild fyrir öryrkja skv. lögum nr. 52/1966 skal svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar. Fjárhæðin skiptist þannig að 436 þús. kr. fara til Reykjavíkursvæðisins og 109 þús. kr. fara til Reykjanessvæðisins. Að 5. lið hefur áður verið vikið.

Í eftirfarandi yfirliti sést skipting reiknaðra stöðugilda, gjalda samtals, sértekna og fjárveitinga á einstaka fjárlagaliði og viðfangsefni.

	Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals Þús. kr.	Sértekjur Þús. kr.	Fjárveiting Þús. kr.
700 Málafni fatlaðra.....		15.038		15.038
Stjórnarnefnd.....		364		364
Samráðsnefnd.....		402		402
Samráðsnefnd um ferlimál.....		582		582
Kostnaður skv. 10. gr.....		10.900		10.900
† Kostnaður skv. 19. gr.....		2.180		2.180
† Vistanir.....		610		610
701 Málafni fatlaðra í Reykjavík.....	95,78	55.219	3.262	51.957
Svæðisstjórn.....	3,50	2.824		2.824
† Atvinnuleit.....		436		436
Samþýli Drekvogi 6.....	4,00	1.800		1.800
† Samþýli Akurgerði (Reykjavíkurborg).....		1.258		1.258
† Samþýli Geðverndar.....	1,25	393		393
Trönuhólar I (einhverf börn).....	13,80	7.297		7.297
† Vistheimili fyrir fjölfötluð börn.....	1,00	179		179
† Skæmtiðavistun Dalbraut (Reykjav.).....		2.384		2.384
Styrktarfélag vangefina:				
Samþýli Háteigsvegi 6.....	1,51	622		622
Samþýli Sigluvogi 5.....	3,19	1.119		1.119
Samþýli Auðarstræti 15.....	3,60	1.428		1.428
Samþýli Viðihlíð 11.....	4,05	1.661		1.661
† Samþýli Viðihlíð 7.....	2,30	435		435
† Samþýli Viðihlíð 5.....	2,30	435		435
Vinnustofan As.....	4,00	5.796	2.834	2.962
Skæmtiðavistun Viðihlíð 9.....	4,90	2.897	428	2.469
Dagvistun Lækjarási.....	7,63	6.066		6.066
Dagvistun Bjarkarási.....	14,00	7.984		7.984
Dagvistun Lyngási.....	24,75	10.205		10.205
702 Málafni fatlaðra á Reykjanesi.....	105,00	57.964	1.937	56.027
Svæðisstjórn.....	2,50	1.986		1.986
† Atvinnuleit.....		109		109
Samþýli Kópavogi (I).....	6,50	2.707		2.707
† Samþýli Kópavogi (II).....	3,40	749		749
Örvi, verndaður vinnustaður.....	5,50	5.546	1.177	4.369
Vistheimilið Skálatúni.....	55,00	29.520	419	29.101
Vistheimilið Tjaldanesi.....	21,70	11.412		11.412
Leikfangasafn, Keflavík.....	0,60	229	34	195
† Skæmtiðavistun.....	4,00	981	147	834
Dagvist, Keflavík.....	5,00	2.711	160	2.551
Gistiheimili Droskahjálpar, Kópavogi....	0,80	832		832
Víðhaldsverkefni:				
Fasteign (Skálatún).....		475		475
Stofnkostnaður:				
Vélar og tæki (Skálatún).....		707		707

703 Málafni fatlaðra á Vesturlandi.....	10,00	4.920	59	4.861
Svæðisstjórn.....	2,00	1.424		1.424
Samþýli, Akranesi.....	7,50	3.098		3.098
Leikfangasafn Borgarnesi.....	0,50	398	59	339
704 Málafni fatlaðra á Vestfjörðum.....	16,75	7.758	111	7.647
Svæðisstjórn.....	1,25	1.059	46	1.013
Bræðratunga, Þjónustumiðstöð.....	15,50	6.699	65	6.634
705 Málafni fatlaðra á Norðurlandi vestra...	8,83	5.151	220	4.931
Svæðisstjórn.....	2,00	1.613		1.613
Samþýli, Siglufirði.....	4,00	1.817		1.817
Leikfangasafn Siglufirði.....	1,00	579	86	493
Leikfangasafn Blönduósi.....	1,00	566	84	482
Sumardvöl Egilsá.....	0,83	576	50	526
706 Málafni fatlaðra á Norðurlandi eystra...	83,60	65.116	21.488	43.628
Svæðisstjórn.....	2,50	1.896		1.896
Samþýli, Byggðavegi 91.....	5,00	1.754		1.754
Samþýli, Borgarhlíð 3.....	4,00	1.455		1.455
Samþýli, Vanabyggð 4 c.....	4,00	1.353		1.353
Verndaður vinnustaður, Hrisalundur.....	7,00	7.746	6.952	794
Verndaður vinnustaður, Bjarg.....	3,50	17.787	13.996	3.791
Vistheimilið Sólborg.....	57,00	32.008	491	31.517
Leikfangasafn Akureyri.....	0,60	332	49	283
Víðhaldsverkefni:				
Fasteign (Sólborg).....		785		785
707 Málafni fatlaðra á Austurlandi.....	22,25	9.571	41	9.530
Svæðisstjórn.....	1,30	1.183		1.183
* Samþýli, Egilsstöðum.....	4,00	1.203		1.203
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum.....	2,00	627	41	586
Vonarland, Þjónustumiðstöð.....	14,95	6.558		6.558
708 Málafni fatlaðra á Suðurlandi.....	42,50	29.112	5.602	23.510
Svæðisstjórn.....	1,00	1.046		1.046
Samþýli Arvegi 8, Selfossi.....	4,00	1.248		1.248
Verndaður vinnustaður, Selfossi.....	2,00	855	323	532
Verndaður vinnustaður, Vestmannaeyjum...	2,50	4.425	4.406	19
Lambhagi, meðferðarheimili Selfossi.....	5,00	2.325	111	2.214
Vistheimilið Sólheimum.....	27,50	18.445	723	17.722
* Leikfangasafn Vestmannaeyjum.....	0,50	268	39	229
Víðhaldsverkefni:				
Fasteign, Mötuneyti (Sólheimar).....		500		500
Samtals	384,71	249.849	32.720	217.129

* Nýtt frá fjárlögum 1984.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Framkvæmdasjóður fatlaðra starfar samkvæmt IX. kafla laga nr. 41/1983. Hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra er að fjármagna framkvæmdir sem taldar eru í 1. mgr. 26. og 27 gr. laganna og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu. Í 35. gr. laganna er kveðið á um framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðsins. Þar segir að ríkissjóður skuli árlega næstu fimm ár leggja sjóðnum til a.m.k. jafnvirði 55.000 þús. kr. miðað við 1. janúar 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Fjárveiting til sjóðsins er í frumvarpinu ákveðin 40.000 þús. kr., sem er skerðing framlags frá því sem er getur í lögum. Er skerðing þessi í samræmi við eina meginforsendu frumvarpsins um framlög ríkissjóðs til framkvæmda og framkvæmdasjóða.

951 Brunamálastofnun ríkisins.

Í lögum nr. 74/1982 er kveðið svo á, að rekstur stofnunarinnar skuli kostaður af brunavarnariðgjöldum. Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til stofnunarinnar. Laun hækka úr 2.137 þús. kr. í 2.482 þús. kr. Önnur gjöld hækka úr 996 þús. kr. í 3.954 þús. kr. og er þá tekið fullt tillit til ríkisreiknings fyrri ára. Heildarútgjöld nema 6.436 þús. kr., sem og sértekjur stofnunarinnar.

971 Erfðafjárskattur, framlag.

Markaðar tekjur erfðafjárskatts eru erfðafjárskattur. Tekjur af skattinum eru taldar verða 25.000 þús. kr. en skil til sjóðsins eru 19.400 þús. kr. Skerðing er því 5.600 þús. kr., sbr. kafla 2.6 í greinargerðinni.

972 Bjargráðasjóður Íslands

Fjárveiting til Bjargráðasjóðs Íslands verður 19.800 þús. kr. og er það 2.000 þús. kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum 1984. Framlagið er vegna greiðslu vaxta og afborgana af lánum sem tekin voru 1980-1982 vegna harðæris- og búsífja. Fjárveitingin er í samræmi við samþykkt fyrrverandi ríkisstjórnar.

981 Vinnumál.

Framlag á þessum fjárlagalið nemur alls 10.751 þús. kr. og lækkar um 3.935 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Á fjárlagaliðnum eru nú fjögur viðfangsefni, þ.a. þrjú sem voru fyrir. Framlag til félagsdóms verður 657 þús. kr. og hækkar um 361 þús. kr. Framlag til viðfangsefnisins sjómannaþing lögskráning, verður 273 þús. kr. og hækkar um 23 þús. kr. Til sjómannaþingsráðs eru ætlaðar 109 þús. kr. og er það hækkan um 9 þús. kr. Stofnað er nýtt viðfangsefni, Ymislegt, en af þeim lið er ráðgert að fjármagna framlög til margs konar starfsemi aðila vinnumarkaðarins. Til samtaka vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi fara 2.200 þús. kr., og til hagdeilda sömu aðila 2.000 þús. kr. Þá eru 600 þús. kr. ætlaðar vegna námskeiða fyrir trúnaðarmenn á vinnu- stöðum, 1.350 vegna Menningar og fræðslusambands alþýðu og að síðustu eru 1.850 þús. kr. ætlaðar til Félagsmálaskóla alþýðu.

999 Félagsmál, Ymis starfsemi.

Fjárveiting á þessum lið nemur alls 25.200 þús. kr. og hækkar um 4.836 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Framlagið skiptist á átta viðfangsefni en deilist á tuttugu og fimm í fjárlögum 1984.

08 Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneyti

Utgjöld helstu málefnaflokka heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir, í þús. kr.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	%	
Yfirstjórn.....	11.767	15.742	3.975	33,8	
Tryggingamál.....	4.819.279	6.301.782	1.482.503	30,8	
Heilbrigðismál.....	1.918.017	2.224.382	306.365	16,0	
Annad.....	10.987	15.873	4.886	44,5	
	Samtals	6.760.050	8.557.779	1.797.729	26,6
Þar af markaðir tekjustofnar.....	578.820	805.320	226.600	39,1	

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru eftirfarandi: Lífeyrstryggingaiðgjald atvinnurekenda verður 570.000 þús. kr. og hækkar um 160.000 þús. kr. frá fjárlögum 1984, slysa-tryggingaiðgjöld atvinnurekenda hækka um 43.000 þús. kr og verða 105.000 þús. kr., iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 20.000 þús. kr. og verður 78.500 þús. kr., hluti Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ATVR er óbreyttur eða 600 þús. kr. Sérlyfjagjald verður 400 þús. kr. og lækkar um 500 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Gjald af eyðublöðum heilla-skeyta verður óbreytt frá gildandi fjárlögum eða 20 þús. kr. Tekjur af samúðarskeytum Landssímans verða 800 þús. kr. sem er 100 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1984. Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækkar um 4.000 þús. kr og verður 50.000 þús. kr. Verður nú vikið nánar að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til hinna einstöku málaflokka heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa.

Framlag til aðalskrifstofu nemur 15.742 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum um 3.975 þús. kr. Laun nema 9.028 þús. kr. og byggir áætlunin á 16,5 heimiluðum stöðum. Er það einni stöðu fleira en í fjárlögum 1984, en ráðningarnefnd heimilaði stöðu deildarstjóra öldrunarmála fyrr á þessu ári. Auk þess er áætlað fyrir launum sérfræðings vegna sérstaks verkefnis sem unnið er í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina um greiningu og eftirlit langvinnra sjúkdóma. Þetta er annað árið sem fjárveiting er fyrir þessu verkefni en hún var upphaflega samþykkt til þriggja ára. Önnur gjöld áætlast 7.031 þús. kr. og sértekjur 717 þús. kr. Framlag til eignakaupa er 400 þús. kr. og er til kaupa á skrifstofubúnaði.

271 Tryggingastofnum ríkisins.

Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður þessara tryggingabátta dregnar saman og hækkanir frá fjárlögum 1984.

Almannatryggingar 1984 og 1985

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1984	1985	M.kr.	%
	M.kr.	M.kr.		
Slysatryggingar.....	28	85	57	-
Lífeyristryggingar.....	2.221	2.950	729	32,8
Sjúkratryggingar.....	2.374	3.005	631	26,6
Samtals	4.623	6.040	1.417	30,7

Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingagjaldi samkvæmt reglugerð nr. 307/1983, samanber reglugerð nr. 234/1984 um breytingu á þeirri reglugerð er áætlað 105 m.kr og lífeyristryggingagjald atvinnurekenda er áætlað 570 m.kr. , en það er lagt á samkvæmt lögum nr. 103/1980 og er 2% af launaskattsstofni fyrra árs. Markaðar tekjur til slysatrygginga eru gjaldfærðar alls 85 m.kr. en samkvæmt tekjuáætlun nema þær eins og áður segir 105 m.kr. Fyrir afgreiðslu frumvarpsins þarf að endurskoða áætlaða innheimtu af slysatryggingagjaldi.

Forsendur um verðlag á útgjaldaliðum almannatrygginga eru hinar sömu og við eiga um laun og almennt verðlag í frumvarpinu. Við samanburð á fjárlögum 1984 og frumvarpstölunum þarf að hafa í huga að í fjárlagaupphæðunum var innfalin 4% vegin hækkan allra gjaldaliða eins og almennt var á launaliðum fjárlaganna.

Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu að ofan um 1.417 m.kr. eða 30,7%. Nú verður fjallað um einstaka tryggingaflokka. Heildarútgjöld lífeyristrygginga eru talin verða 2.950 m.kr., auk þess bætast við 240 m.kr. vegna greiðslu barnsmeðlaga sem Tryggigastofnun annast en sveitarfélögin endurgreiða. Útgjöld lífeyristryggingar samkvæmt fjárlögum 1984 og frumvarpi 1985 eru sýnd sundurliðuð í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1984 og 1985

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
			1984	1985
	M.kr.	M.kr.		
Gjöld				
101-103 Lífeyrir og örorkubætur.....	1.873	2.438	565	39,2
Elli- og örorkulífeyrir.....	885	1.048	163	18,4
Tekjutrygging.....	685	943	258	37,7
Uppbót.....	160	257	97	60,0
Heimilisuppbót o.fl.....	70	102	32	45,7
Örorkustyrkur.....	73	88	15	20,5
104 Barnalífeyrir.....	54	68	14	25,9
105,107 Ekkju-, ekkla- og makabætur.....	54	63	9	16,7
106 Mæðra- og feðralaun.....	60	125	65	8,3
108 Fæðingarorlof.....	150	170	20	13,3
120 Meðlög.....	212	240	28	13,2
171 Rekstrarkostnaður og vextir af sjóðsskuld.....	30	86	56	-
Samtals	2.433	3.190	757	31,1
Tekjur				
180 Framlög ríkissjóðs.....	2.221	2.950	729	32,8
181 Meðlög, sveitarfélög.....	212	240	28	13,2
Samtals	2.433	3.190	757	31,1

Áætlaðar útgjaldabreytingar vegna lífeyristrygginga skýrast í megindráttum af þrennu: Almennt er gert ráð fyrir 2% aukningu útgjalda á árinu 1985 vegna fjölgunar bótaþega og er þá byggt á reynslu liðinna ára. Þá hækkar grundvöllur til útreiknings á bótum 1985 vegna sérstakrar hækkunar bóta sem ákveðin var í tengslum við lausn kjaradeilu VSI og ASI snemma árs 1984. Ákveðin var sérstök hækkun barnabóta sem talin var kosta 160 m.kr. og sérstök hækkun bóta lífeyristrygginga til hinna lögstlaunuðu ver talin auka útgjöld ríkissjóðs um 190 m.kr. á árinu 1984. Bótahækkanir hafa verið sem hér segir frá upphafi árs 1984: Þann 1. mars hækkaði elli- og örorkulífeyrir um 7% og sama á við um ekkjubætur, ekkjulífeyrir og fæðingarorlof. Þá hækkaði tekjutrygging um 22,5%, heimilisuppbót um 10,0% og barnalífeyrir um 24,8%. Mæðralaun með einu barni hækkuðu um 146,2%, með tveimur börnunum um 82,9% og með þremur börnum og fleiri um 62,8%. Frá 1. júní hækkuðu allar bætur um 2,0% og frá 1. september hækkuðu þær um 3,0%. Þá er áætlað fyrir 5,0% hækkun bóta á árinu 1985.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1985 nema alls 3.005 m.kr. og er það hækkun um 630 m.kr. eða 26,5% frá fjárlögum 1984. Sundurliðun útgjalda sjúkratrygginga á helstu útgjaldaliði kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1983 og 1984

	Fjárlög 1984 M.kr.	Fruavarp 1985 M.kr.	Breyting	
			M.kr.	%
Gjöld				
301,312	Vistgjöld á sjúkrastofnunum.....	1.536	2.075	539 35,1
302	Heimþjónusta við aldraða.....	-	22	22 -
303-306	Hjálpartaki.....	59	87	28 47,5
310	Lækniskostnaður.....	175	210	35 20,0
311	Tannlæknakostnaður.....	140	145	5 3,6
313-314	Innlendur og erlendur sjúkrakostnaður.....	190	267	77 40,5
315	Lyfjakostnaður.....	460	500	40 8,7
316	Sjúkradagpeningar.....	75	82	7 9,3
370	Rekstrarkostnaður.....	30	40	10 33,3
	Samtals	2.665	3.428	763 28,6
Tekjur				
380	Hlutur ríkissjóðs.....	2.375	3.005	630 26,5
	Hlutur sveitarfélaga.....	290	423	133 45,6
	Samtals	2.665	3.428	763 28,6

Hækkun einstakra liða sjúkratrygginganna er all breytileg en hliðsjón er höfð af þróun útgjalda á síðastliðnu ári og fyrstu mánuðum þessa árs. Vistgjöld á sjúkrahúsum eru alls talin nema 2.075 m.kr. og hækka um 35,1% frá fjárlögum 1984. Margvíslegar hækkanir hafa orðið á töxtum rekstrardagjalda sjúkrahúsa á árinu 1984, en í fjárlögum 1984 var áætlað fyrir 4% hærri gjöldum en þau voru talin verða í árslok 1983. Taxtar hafa breyst þannig: 1. mars 5,1% hækkun, 1. júní 3,0% og 1. september 1,1%, en þá var einungis tekin til greina launahækkun til þeirra starfsmanna er ekki höfðu sagt upp samningum. Grunnhækkun varð í upphafi árs 1984 um 2% til allra sjúkrahúsanna og var það vegna halla ársins 1983. Samkvæmt forsendum í fjárlögum 1984 um 2,5% sparnað eða hagræðingu á launalið og 5,0% á öðrum rekstrargjöldum voru daggjöld lækkuð um 3,5%.

Útgjöld sjúkratrygginga vegna annarra útgjaldabátta en vistgjalda hækka mjög misjafnlega. Ekki er talin ástæða til sérstakrar umfjöllunar um hvern einstakan lið. Þess er að geta að á árinu 1984 var ákveðin hækkun á þátttöku sjúklinga í kostnaði við lyfjakaup og við læknishjálp. Áætlað er fyrir nýjum útgjaldabætti sjúkratrygginganna, heimaþjónusta við aldraða. Erfitt er að áætla útgjöld vegna þessa en miðað við greiðslur síðustu mánuða þykir ekki annað varlegt en áætla 20 m.kr. til þessa verkefnis.

274 Eftirlaunasjóður aldraðra.

Framlag til sjóðsins verður 26.464 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 5.735 þús. kr. eða um 28%. Framlagið er við það miðað að ákveði gildandi laga nr. 97/1979 verði framlengd.

324 Heyrnar-og talmeinstöð.

Fjárveiting til stofnunarinnar nemur samtals 16.011 þús. kr. og er það 3.032 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1984 eða 23,4%. Laun hækka um 985 þús. kr. eða 18%. Heimilud stöðugildi eru 17,5 talsins sem er sami fjöldi og í fjárlögum 1984. Rekstrargjöld hækka í hátt við almennar verðlagshækkanir og nema 2.507 þús. kr. Tilfærslur til einstaklinga og samtaka, sem eru vegna heyrnatækjakaupa, hækka um 1.540 þús. kr., úr 5.000 þús. kr. í 6.540 þús. kr. Framlag vegna stofnkostnaðar er 1.600 þús. kr. og er 1.000 þús. kr. af því vegna uppsetningar á móttökustöð í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Loks áætlast sértekjur 1.117 þús. kr.

325 Hollustuvernd ríkisins.

Heildarframlag til stofnunarinnar nemur 15.224 þús. kr. og hækkar um 23,7% frá fyrra ári. Mestu munar um hækkun á stofnkostnaðarframlagi sem er samtals 2.900 þús. kr. Þar af eru 2.500 þús. kr. vegna lagfæringar á húsnæði að Skipholti 37, sem verða mun framtíðarhúsnæði stofnunarinnar. Mikil hækkun er einnig á sértekjum, en gert er ráð fyrir verulegri hækkun gjaldskrár fyrir veitta þjónustu á rannsóknastofu og fyrir sérhæft eftirlit sem stofnuninni er falið að annast. Verður slík gjaldtaka að tengjast gjaldtöku sveitarfélaga af eftirlitsskyldri starfsemi.

371 Ríkisspítalar.

Veruleg breyting er á uppsetningu ríkisspítala í frumvarpi þessu. Á fyrri árum hefur fjárframlögum verið skipt niður á hinar einstöku stofnanir ríkisspítala, en nú er þeim skipt niður á eftirfarandi viðfangsefni:

1. Legudeildir, svæfinga-og gjörgæsludeild
2. Geðdeild
3. Stofnanir öryrkja og þroskaheftra
4. Stoðdeildir, rannsóknastofur
5. Þjónustudeildir
6. Stjórnarnefnd, viðhald
7. Stjórnarnefnd, stofnkostnaður
8. Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, stofnkostnaður

Þessi uppsetning er gerð að beiðni stjórnarnefndar ríkisspítalanna og í samræmi við breytingu á uppsetningu bókhalds sem gerð hefur verið. Heildarfjárveiting er nú 1.375.916 þús. kr. sem er 20,7% hækkun frá fjárlögum 1984. Munar þar mestu um leiðréttingu á öðrum rekstrargjöldum og er um seinni áfanga af tveim að ræða í því tilfalli, en ríkisspítalar fengu ekki fulla leiðréttingu í fjárlögum 1984 eins og margar aðrar ríkisstofnanir. Laun hækka um 15,5% og nema 905.749 þús. kr. Grunnheimildir eru 1998 samtals og fjólgar alls um 34 stöður. Er það allt vegna breytinga á námstílhögun hjúkrunar- og ljósmæðranema en þeir hafa ekki lengur starfsskyldu á sjúkrahúsum. Er þetta lokabreyting vegna þessa, en nemum hefur fækkað þrjú undanfarin ár sem starfsliði sjúkrahúsanna. Vegna afleysinga er áætlað 20,5% á föst laun grunnheimilda og vegna yfirvinnu- og álagsgreiðslna er áætlað 46,1%, eða samtals 66,6%. Minni háttar viðhald er áætlað með öðrum rekstrargjöldum en til meiri háttar viðhalds er áætlað 12.000 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar er 35.000 þús. kr. og eru 33.500 þús. kr. af því til tækjakaupa en 1.500 þús. kr. vegna innréttingar á neðstu hæð í húsi Krabbameinsfélags Íslands við Skógarhlíð Framlag vegna yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð er 13.800 þús. kr. Þar af eru 8.300 þús. kr. vegna byggingar sjúkrámóttöku, 4.000 þús. kr. vegna tækjakaupa og 1.500 þús. kr. vegna ýmislegs annars. Verður hér í lokin sýnd tafla yfir hlutfallslega skiptingu rekstrarfjármagns til hinna ýmsu viðfangsefna ásamt heimiludum stöðufjölda. Þess skal getið að þar 34 stöður sem koma nú inn í stað hjúkrunar- og ljósmæðranema eru hér allar settar á þjónustudeildir þar sem nemendalaun voru áætluð áður. Þessar stöður munu dreifast á hin ýmsu viðfangsefni.

	Grunn- heimildir	Rekstrar- framlag	Hlutfallsleg skipting
Legurdeildir, svæfinga-og gjörgæsludeild.....	808	574.659	39%
Geðdeild.....	407	244.292	17%
Stofnanir Öryrkja og Þroskaheftra.....	161	67.225	5%
Stoðdeildir, rannsóknastofur.....	240	241.428	17%
Þjónustudeildir.....	382	325.398	22%
Samtals	1.998	1.453.002	100%

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

Heildarfjárveiting nemur 110.800 þús. kr. og lækkar um 23.835 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1984. Þá voru sex viðfangsefni á þessum fjárlagalið og nú er eingöngu áætlað fyrir þremur. Þau viðfangsefni sem falla niður eru: Röntgentæki, Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur og SAA, byggingarstyrkur, lokagreiðsla. Eftirfarandi tafla sýnir framlög og breytingar frá fjárlögum 1984.

	Fjárlög 1984	Fruvörp 1985	Breyting þús. kr.
Bygging sjúkrah., heilsugæslust. og læknisbúst.....	115.250	100.000	-15.250
Röntgentæki.....	800	-	-800
Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi.....	4.000	-	-4.000
Styrkur til heilsuverndarstöðva.....	4.985	4.500	-485
DAS, Hraafnista, Hafnarfirði, fimta greiðsla af sex.....	5.600	6.300	700
SAA, byggingarstyrkur, lokagreiðsla.....	4.000	-	-4.000
Gjöld samtals	134.635	110.800	-23.835

385 Framkvæmdasjóður aldraðra.

Framlag nemur 61.000 þús. kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 1984. Með lögum nr. 91/1982 um málefni aldraðra er ákveðið að markaðar tekjur sjóðsins miðist við tiltekna grunnfjárhæð sem breytist með skattvísitölu. Markaðar tekjur eru áætlaðar 50.000 þús. kr. og koma fram í 3. gr. frumvarpsins.

386 St. Jósefsspítali, Landakoti.

Fjárveiting nemur samtals 272.864 þús. kr. og hækkar um 15,6% frá fjárlögum 1984. Laun vegna rekstrar nema 191.894 þús. kr. og hækka um 17,9%. Grunnheimildir eru nú 379 talsins að frátöldum sérfræðingum sem vinna við sjúkrahúsið en í fjárlögum 1984 voru þær 370. Fjölgunin er fyrst og fremst vegna breytinga á námstilhögum hjúkrunarnema sem ekki hafa lengur starfsskyldu á sjúkrahúsum. Einnig bætast við 1,5 stöður vegna tölvuvæðingar og er að hluta til um tilfærslu að ræða frá öðrum rekstrargjöldum. Fyrir yfirvinnu- og álaggreiðslur er áætlað 44% á föst laun grunnheimilda og 20,5% fyrir afleysingar alls konar. Önnur gjöld vegna rekstrar áætlast nú 100.488 þús. kr. og er minni háttar viðhald þar meðtalið. Hækkun frá fjárlögum nemur 14.458 þús. kr. eða 16,8%. Meiri háttar viðhald áætlast 2.500 þús. kr., stofnkostnaður 6.000 þús. kr. og sértekjur 28.018 þús. kr.

387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Heildarfjárveiting nemur samtals 239.542 þús. kr. og hækkar um 16,5% frá fjárlögum 1984. Laun vegna rekstrar eru 162.360 þús. kr. og áætlast út frá 248,5 grunnheimildum sem er sami fjöldi og á sl. ári. Fyrir afleysingar er áætlað 20,5% ofan á föst laun grunnheimilda og fyrir yfirvinnu- og álaggreiðslur áætlast 46,1%. Samtals bætast því 66,6% ofan á föst laun grunnheimilda til að mæta öðrum launum en föstum launum grunnheimilda. Önnur gjöld vegna rekstrar áætlast 80.077 þús. kr. og hækka um 16,7% frá fjárlögum 1984 og er nú áætlað fyrir minni háttar viðhaldi með öðrum rekstrargjöldum. Til meiri háttar viðhalds áætlast 5.500 þús. kr. og 5.000 þús. kr. í stofnkostnað. Sértekjur áætlast 13.395 þús. kr. Í þessari áætlun er ekki gert ráð fyrir nýrri starfsemi en ráðgert er að ný slysadeild taki til starfa snemma á árinu 1985 og jafnvel geðdeild seinna á árinu. Áætluð stöðufjölgun vegna þessa er 4,9 stöður vegna slysadeildar og 12,5 stöður vegna geðdeildar, sem ekki er áætlað fyrir að svo stöddu.

391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.

Heildarframlag nemur samtals 94.721 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1984 um 20,9%. Laun hækka um 19,7% og nema samtals 86.187 þús. kr. Launaáætlun byggir á 96,0 stöðum lækna sem staðfestar eru af ráðninganefnd ríkisins, samtals 100,4 stöðum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra og einni stöðu tannlæknis. Rekstrargjöld nema 5.034 þús. kr. og hækka um 1.980 þús. kr. frá síðustu fjárlögum. Hækkun þessi er öll vegna samningsbundinna námsferða lækna, en áhrif þeirra samninga hafa verið að koma í ljós á sl. árum. Til viðhalds áætlast 3.500 þús. kr. sem er framlag ríkissjóðs til viðhalds heilsugæslustöðva.

399 Heilbrigðismál, Ymis framlög.

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru 23 talsins, en voru 33 í gildandi fjárlögum. Eitt viðfangsefni flyst til, skólar heilbrigðisstétta og er það meginskýring á því að heildarfjárveiting lækkar frá fyrra ári, en framlag til þeirra skóla nam 3.716 þús. kr. í fjárlögum 1984. Nú er áætlað fyrir þessum framlögum á sérstökum fjárlagalið, 08-501, sem gerð er grein fyrir hér á eftir. Eitt nýtt viðfangsefni er tekið upp á þessum fjárlagalið, áfengis- og fíkniefnanefnd. Framlag nemur 500 þús. kr. Heildarfjárveiting til hinna ýmsu viðfangsefna er 29.734 þús.kr. en var 32.213 þús. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Í eftirfarandi töflu koma fram breytingar á framlögum til hinna ýmsu viðfangsefna.

	Fjárlög 1984	Fruvarp 1985	Breyting þús. kr.
Norræn samvinna í lyfsölumálum.....	80	80	0
Evrópska lyfjaskráin.....	96	100	4
MS- félag Íslands.....	25	-	-25
Erfðafræðinefnd H.l.....	260	-	-260
Hjartavernd.....	2.800	3.000	200
Krabbameinsfélag Íslands.....	10.000	10.800	800
Kostnaður skv. farsötta-og sóttvarnarl.og l. um ónæmiságerðir	1.863	2.068	205
Matvalarannsóknir.....	169	188	19
Manneldisráð.....	453	497	44
Kynsjúkdómavarnir, lög nr. 16/1978.....	179	-	-179
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975.....	445	483	38
Til reykingavarna.....	500	500	
Minningarsjóður Landspítalans.....	700	800	100
Sjúkraflug.....	1.000	1.000	
Rhesusvarnir.....	387	422	35
Blóðrannsóknir ungbarna.....	438	555	117
Félag astmasjúklinga.....	15	-	-15
Exem-og psoriasissjúklingar.....	15	-	-15
Námferðir héraðslækna og eibattislækna.....	312	-	-312
Ljósæðralaun.....	3.574	3.585	11
Lyfsölusjóður.....	224	250	26
Ótbreiðsla atvinnusjúkdóma.....	250	-	-250
Hjarta-og æðaverndarfélag.....	350	-	-350
Undirbúningur rannsókna á brjóstkrabbameini.....	75	-	-75
Ótgáfa lyfjaverðskrár.....	105	444	339
Ymis framlög.....	480	550	70
Menngunarvarnir í fiskiajólsværksmíðjum.....	1.000	-	-1.000
Lyfjaverðlagsnefnd.....	422	791	369
Lyfjanefnd.....	1.277	1.736	459
Eiturefnanefnd.....	345	412	67
Daggjaldanefnd.....	471	565	94
Frækvæðastjórn WHO.....	187	208	21
Áfengis-og fíkniefnanefnd.....	-	500	500
Skólar heilbrigðisstétta.....	3.716	-	-3.716
Gjöld samtals	32.213	29.734	-2.479

501 Skólar heilbrigðisstétta.

Viðfangsefni undir þessum fjárlagalið eru þrjú, Lyfjatækniskóli Íslands, Röntgentækniskóli Íslands og Sjúkraliðaskóli Íslands. Framlag til þessara skóla hefur áður verið áætlað sameiginlega á fjárlagalið 08-399. Töluverð hækkun er á heildarframlagi til þessara skóla, eða 42,6%, sem að hluta má rekja til reglugerðabreytinga og að hluta til endurskoðunar á fjárveitingum sem gerð var samfara flutningi á nýtt fjárlaganúmer. Með öðrum gjöldum er áætlað fyrir kaupum á kennsludúkku fyrir Sjúkraliðaskólann, 80 þús. kr. og framlag að upphæð 100 þús. kr. vegna tækja og búnaðar fyrir Lyfjatækniskóla Íslands.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokkna fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting		
			Þús. kr.	%	
Yfirstjórn.....	38.749	51.265	12.516	32,3	
Toll- og skattheimta.....	175.657	229.928	54.271	30,9	
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun.....	259.696	332.342	72.646	28,0	
Annad.....	288.313	350.198	61.885	21,5	
	Gjöld samtals	762.415	963.733	201.318	26,4
Þar af markaður tekjustofn.....	19.000	27.500	8.500	44,7	

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Nú verður fjallað um veigamestu breytingar á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Fjármálaráðuneyti, hið almenna ráðuneyti.

Töluverðar breytingar hafa orðið á þessum lið frá fjárlögum 1984. Ríkisbókhald og ríkisfjárhirsla, sem áður voru stofnanir með sérstök fjárlaganúmer, eru nú viðfangsefni á aðalskrifstofu. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að stofna embætti ríkislögmans og er það sérstakt viðfangsefni á aðalskrifstofu. Yfirstjórn ráðuneytisins er fjórða viðfangsefnið. Breytingar á framlagi ríkissjóðs til þessara fjárlagaliða koma fram í eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting %	
Yfirstjórn.....	19.448	25.104	29,1	
Ríkisbókhald.....	14.226	18.764	31,9	
Ríkisfjárhirsla.....	5.075	6.268	23,5	
Ríkislögmaður.....	-	1.129		
	Gjöld samtals	38.749	51.265	32,3

Eins og sjá má hækkaðar fjárveiting til allra viðfangsefna aðalskrifstofu heldur meira en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til. Einkum eru það laun sem hækka mikið. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði í maí 1984 að grunnheimildum á yfirstjórn skyldi fjölgað um eina og eru þær nú 34,17, en af þeim flytjast tvær á embætti ríkislögmans. Þá er í þessu frumvarpi viðurkennd sú aukning á starfsemi sem þar hefur orðið, einkum í launadeild, og lausráðnum starfsmönnum fjölgað um sem svarar til 5,0 stöðugilda. Vegna þessa hækka laun um 1.082 þús. kr. Af sömu ástæðu hefur yfirvinna aukist á yfirstjórn. Í ríkisbókhaldi eru 18,5 grunnheimildir og hefur þeim ekki verið fjölgað í langan tíma, þó svo að umfang starfsemi kalli á fleiri starfsmenn. Í fjárlögum 1984

var áætlað fyrir launum 22,0 stöðugilda, en nú er horft í augu við þá aukningu sem hefur orðið á starfseminni og áætlað fyrir launum 26,5 stöðugilda. Vegna þessarar viðbótar hækka laun um 865 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Einnig hefur reynst nauðsynlegt að auka yfirvinnugreiðslur um 682 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Stofnkostnaður á aðalskrifstofu hækkar um 112 þús. kr. frá fjárlögum 1984 og verður 330 þús. kr. og skal 300 þús. kr. varið til kaupa á ljósritunarvél.

Eins og áður er getið leiðir stofnun embættis ríkislögmanns ekki til fjölgunar grunnheimilda, enda verða tveir grunnheimildir fluttar af yfirstjórn á embætti ríkislögmanns.

201 Ríkisskattstjóri.

Í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um hert eftirlit með söluskattsskilum hefur grunnheimildum á embætti ríkisskattstjóra verið fjölgað um fjórar. Þá heimilaði ráðninganefnd Ríkisins á árinu 1983 að grunnheimildum skyldi fjölgað um eina. Alls eru því grunnheimildir á embætti ríkisskattstjóra 40,0. Framlag ríkissjóðs nemur 25.329 þús. kr., en var 17.079 þús. kr. í fjárlögum 1984. Hækkunin nemur 8.250 þús. kr., eða 48,3%. Laun vegna almenns reksturs hækka úr 13.896 þús. kr. í 19.600 þús. kr. og rekstrarfé verður 5.729 þús. kr. sem er 92% hærri upphæð en í fjárlögum 1984. Veittar eru 1.000 þús. kr. til innréttingar á nýju leiguhúsnæði, enda telst það nauðsynlegt vegna fjölgunar starfsmanna.

201 - 211 Skattstofur.

Heildarframlag til skattstofanna nemur 84.000 þús. kr. og hækkar um 20.138 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting framlagsins á einstakar skattstofur og fjöldi grunnheimilda á skattstofunum í heild.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frunvarp 1985 Þús. kr.	Breyting
Skattstofan í Reykjavík.....	26.196	32.903	25,6%
Skattstofa Vesturlands.....	3.961	5.869	48,2%
Skattstofa Vestfjarða.....	3.850	5.589	45,2%
Skattstofa Norðurlands vestra.....	3.915	5.021	28,3%
Skattstofa Norðurlands eystra.....	7.056	8.898	26,1%
Skattstofa Austurlands.....	3.670	5.162	40,7%
Skattstofa Suðurlands.....	4.172	5.147	23,4%
Skattstofa Vestmannaeyja.....	1.743	2.138	22,7%
Skattstofa Reykjaness.....	9.299	13.273	42,7%
Gjöld samtals	63.862	84.000	31,5%
Grunnheimildir.....	145,77	163,77	18,00

Hækkun á framlagi til skattstofanna má að mestu leyti rekja til fjölgunar starfsmanna skv. ákvörðun fjármálaráðherra í maí 1984 um hert eftirlit með söluskattsskilum. Í kjölfar þeirrar ákvörðunar var grunnheimildum fjölgað um 20, þ.a. 16 á skattstofunum og 4 á embætti ríkisskattstjóra. Að auki hefur ráðninganefnd Ríkisins heimilað fjölgun grunn-

heimilda á Skattstofu Vesturlands um tvær, enda greiddist laun vegna annarrar stöðunnar með fjárveitingu sem áður rann til fjárlagaliðarins skattstofur, sameiginleg útgjöld. Um stofnkostnað og meiri háttar viðhaldsverkefni er vart að ræða á skattstofunum, en þó eru veittar 1.164 þús. kr. til gagngerra endurbóta á húsi Skattstofu Vestfjarða og 320 þús. kr. til tækjakaupa á Skattstofu Austurlands.

212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld.

Framlag ríkissjóðs nemur 17.760 þús. kr., en nam 19.961 þús. kr. í fjárlögum 1984. Ekki er lengur áætlað fyrir launum, þar sem eina grunnheimild þessa viðfangsefnis hefur verið flutt á Skattstofu Vesturlands. Fjárveitingin fer til þess að greiða ýmsan sameiginlegan kostnað skattstofanna, s.s tölvuvinnslu og gerð skattskráa.

251 Gjaldheimtan í Reykjavík.

Gjaldheimtan í Reykjavík er rekin af ríki og Reykjavíkurborg. Framlag til stofnunarinnar hækkar um 7.332 þús. kr. og verður 15.034 þús. kr. Útgjöld vegna starfsemi hækka um 26,0% frá fjárlögum 1984, enda sýnir ríkisreikningur 1982 og 1983 að rekstrarfé hefur verið vanáætlað í fjárlögum. Framlag borgarsjóðs nemur helmingi af útgjöldum stofnunarinnar og kemur fram í áætluðum sértekjum.

261 Tollstjórinn í Reykjavík.

Framlag ríkissjóðs nemur 32.999 þús. kr., en var 25.810 þús. kr. í fjárlögum 1984. Laun hækka úr 18.407 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 21.962 þús. kr., eða um 19,3%. Á árinu 1983 heimilaði ráðninganefnd ríkisins fjölgun grunnheimilda í bifreiðagjaldadeild um eina og í þessu frumvarpi er áætlað fyrir launum yfirkennara Tollskólans á öðrum dagvinnulaunum. Annað rekstrarfé hækkar um 54,4%, úr 7.148 þús. kr. í 11.037 þús. kr. Hækkunin skýrist að verulegu leyti af auknum greiðslum til SKYRR vegna sífellt umfangsmeiri tölvuvinnslu fyrir embætti tollstjóra.

263 Tollgæsla.

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 31.338 þús. kr. í 43.756 þús. kr., eða um 39,6%. Laun hækka úr 27.926 þús. kr. í 36.238 þús. kr., eða um 29,8%, og veldur þar mestu, að fullt tillit hefur verið tekið til þess, að um mestan hluta landsins eru tollgæslustörf unnin af löggæslumönnum utan reglulegs vinnutíma og eru þau störf greidd sem yfirvinna. Fjárveiting til almenns reksturs hækkar úr 5.454 þús. kr. í 6.938 þús. kr., eða um 27,2%. Sett er upp sérstakt viðfangsefni með 480 þús. kr. fjárveitingu og skal henni varið til kaupa á nýrri bifreið. kr., enda skal 480 þús. kr. varið

282 Tollamál.

Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö viðfangsefni. Annað er sameiginlegur kostnaður og hækkar fjárveiting vegna hans um 8,8% og verður 3.725 þús. kr. Er hér um að ræða kostnað vegna endurskoðunar tollskrár og útgjöld vegna greiðslu kostnaðar á prentun aðflutningsskýrsla, upplýsingabæklinga og tollskrár. Hitt viðfangsefnið, tollamál, tölvuvæðing, er til kaupa og uppsetningar á tölvukerfi til tollaafgreiðslu, en frá árinu 1981 hefur verið unnið að undirbúningi þessa máls.

381 Uppbætur á lifeyri.

Ákveðið er að sameina fjárlagaliði 381, 382 og 383 í fjárlögum 1984 undir sameiginlegum lið 381, **uppbætur á lifeyri**. Þessi liður nær því til uppbóta á lifeyri, eftirlauna skv. launalögum og til styrktarfjár og ýmissa eftirlauna embættismanna og ekkna. Fjárveiting nemur alls 332.342 þús. kr. en samsvarandi fjárhæð í fjárlögum 1984 nam 259.696 þús. kr. Hækkunin er því 72.646 þús. kr. eða 27,9%. Framlagið á árinu 1985 byggist á forsendum frumvarpsins um hækkun launa og á raunverulegum greiðslum fyrstu sex mánuði ársins 1984. Sértekjur nema 35.752 þús. kr. og er þar um að ræða vexti og verðbætur af lánnum sem lifeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur veitt opinberum fjárfestingarlánasjóðum.

402 Fasteignamat ríkisins.

Framlag ríkissjóðs hækkar um 22,6% frá fjárlögum 1984, úr 10.748 þús. kr. í 13.181 þús. kr. Laun hækka um 2.459 þús. kr. sem að hluta má skýra með fjölgun grunnheimilda, en á árinu 1984 heimilaði ráðninganefnd ríkisins fjölgun húsa- skoðunarmanna um tvo. Rekstrarfé hækkar úr 6.653 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 8.545 þús. kr., eða um 28,4%, sem skýrist af færslu minni hátttar viðhalds á rekstrargjöld og fjölgun starfsmanna. Þá eru veittar 950 þús. kr. til kaupa á tölvubúnaði og færast það sem sérstakt viðfangsefni.

971 Ríkisábyrgðasjóður.

Framlag til sjóðsins nemur 169.300 þús. kr. en nam 30.000 þús. kr. í fjárlögum 1984. Nú eru taldar horfur á að ýmis lán kunni að falla á sjóðinn á árinu 1985 og því þykir ekki annað varlegt en áætla fyrir slíku. Þessi lán eru vegna loðnudeildar Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, svokallaðra raðsmíðaskipa og ýmis lán sem tekin hafa verið vegna ferju- og strandferðaskipa.

989 Launa- og verðlagsmál.

Þessi fjárlagaliður er felldur burt úr frumvarpinu, þar sem áætlað er fyrir hækkun launa og rekstrarfjár á árinu 1985 á einstökum stofnunum. Í fjárlögum 1984 var framlag til þessa liðar 68.905 þús. kr.

999 Ýmislegt.

Fjárveiting hækkar úr 130.410 þús. kr. í 141.716 þús. kr., eða um 8,7%. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra viðfangsefna í fjárlögum 1984 og í þessu frumvarpi.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Stjórnarráðið, símakostnaður og burðargjöld.....	16.417	18.112	1.695
Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar.....	13.000	13.000	-
Ymis sameiginlegur kostnaður.....	2.319	4.484	2.165
Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds.....	5.603	19.869	14.266
Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna.....	13.695	13.900	205
Kjarasamningar.....	955	754	-201
Dómkröfur og málskostnaður.....	1.500	6.500	5.000
Tryggingabætur samskipta kjarasamninga.....	525	550	25
Millipinganefndir.....	400	400	-
Dungaskattsálagning með ökunum.....	341	763	422
Lífeyrissjóður sjómanna.....	450	550	100
Lífeyrissjóður bænda.....	20.100	25.700	5.600
Kjararannsóknir.....	170	200	30
Óviss útgjöld.....	43.000	11.100	-31.900
Húsnæðisbreytingar vegna fatlaðra.....	1.400	-	-1.400
Bókhaldskerfi ríkisins.....	5.000	5.200	200
Ymis innheimtukostnaður.....	4.535	8.635	4.100
Aðgerðir gegn eiturlyfjum.....	1.000	-	-1.000
Endurgreiðsla á söluskatti vegna snjómoksturs sveitarfélaga....	-	12.000	12.000
Gjöld samtals	130.410	141.717	11.307

Eins og sjá má falla tvö viðfangsefni, húsnæðisbreytingar vegna fatlaðra og aðgerðir gegn eiturlyfjum, niður frá fjárlögum 1984. Eitt nýtt viðfangsefni er tekið upp, þ.e. endurgreiðsla á söluskatti vegna snjómoksturs sveitarfélaga. Endurgreiðsla þessi er fyrirhuguð í samræmi við heimild í 6. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1983.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting	
	Dús. kr.	Dús. kr.	Dús. kr.	%
Yfirstjórn.....	7.115	9.037	1.922	27,0
Vegamál.....	1.383.477	1.458.000	74.523	5,4
Önnur samgöngumál.....	593.063	573.984	- 19.079	- 3,2
	Samtals	2.041.021	57.366	2,9
Þar af markaðir tekjustofnar.....	1.010.700	1.195.000	184.300	18,2

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins eru eftirtaldir: Bifreiðaskattur og þungaskattur eru áætlaðir 390.000 þús. kr. og innflutningsgjald af bensíni 760.000 þús. kr. Þessir tekjustofnar nema alls 1.150.000 þús. kr. og hækka um 177.000 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Vitagjald hækkar um 700 þús. kr. og verður 9.000 þús. kr. Skipaskoðunargjald hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 2.000 þús. kr. Flugvallaskattur er áætlaður 33.000 þús. kr. 1985 og er það hækkan um 5.000 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Þá er talið að tekjur af sérleyfisgjaldi, sem rennur til sérleyfissjóðs, nemi 1.000 þús. kr. sem er hækkan um 600 þús. kr. frá fjárlögum.

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkan framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.

Framlag nemur alls 9.037 þús. kr. og hækkar um 1.922 þús. kr. eða 27,0%. Launaliður nemur alls 5.152 þús. kr. og hækkar um 21,1%, og er þá gengið út frá 8,5 föstum stöðugildum á skrifstofunni. Önnur gjöld nema alls 3.885 þús. kr. og er það hækkan um 35,6% og skýrist hækkanin af því að ráðgert er að ráðuneytið flytji í nýtt og stærra húsnæði síðari hluta árs 1984.

211 Vegagerð ríkisins.

Heildarútgjöld til vegamála nema 1.458.000 þús. kr. Fjármögnun er að hluta með mörkuðum tekjustofnum, þ.e. bensíngjaldi og bifreiðaskatti, alls 1.150.000 þús. kr. Fjárúttegun ríkissjóðs með öðrum hætti nemur því 308.000 þús. kr. Ráðstöfun fjár til vegamála 1984 nemur um 2% af áttlaðri vergri þjóðarframleiðslu það ár.

321 Strandferðir, framlög.

Framlög á þessum fjárlagalið verða alls 81.252 þús. kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 1984. Framlag til Skipaútgerðar ríkisins nemur alls 37.000 þús. kr. og er framlagið miðað við fjárbörf til hálfis árs. Framlag til flóabáta og vöruflutninga ýmissa aðila nemur alls 44.252 þús. kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 1984.

331 Vita- og hafnarmálaskrifstofa.

Framlag nemur 8.501 þús. kr. og hækkar um 19,5% frá fjárlögum. Ekki er ástæða til athugasemda um launa- og

rekstrargjaldaliðina. Framlag til stofnkostnaðar nemur 1.500 þús. kr. og er það sama fjárhæð og 1984. Fjárveitingunni skal ráðstafað til stofnbúnaðarverka og lokafrágangs á innréttingu skrifstofunnar að Seljavegi.

332 Vitastofnun Íslands.

Fjárveiting nemur alls 28.815 þús. kr. og skiptist þannig á einstök verkefni:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Fruðvarp 1985 Þús. kr.	Breyting %
Rekstur vita.....	17.867	18.885	5,7
Sjómerki.....	1.198	777	- 35,1
Rekstur vitaskips.....	6.829	6.122	- 10,4
Vitabyggingar.....	5.500	7.000	27,3
Gjöld samtals	31.394	32.784	4,4
Sértekjur	3.641	3.969	9,0
Misæunur	27.753	28.815	3,8

Ekki er er talin ástæða til að fjölýrða um einstök viðfangsefni, nema að gert er ráð fyrir sama úthaldi vitaskips og 1984 eða í 6 vikur.

333 Hafnarmál.

Fjárveiting til hafnarmála lækkar um 56.548 þús. kr. og nemur 82.964 þús. kr. Fjárveitingin skiptist þannig á viðfangsefni 1984 og 1985:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Fruðvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Hafnarrannsóknir og mælingar.....	1.994	2.213	219
Ferjubryggjur.....	3.700	3.000	- 700
Hafnarönnvirki og lendingabætur.....	110.300	55.000	- 55.300
Sjóvarnargarðar.....	5.900	7.000	1.100
Landshafnir, endurgreiðslur lána.....	2.963	3.900	937
Landshöfn Rífi, frækvæðir.....	500	1.500	1.000
Landshöfn Þorlákshöfn.....	800	1.000	200
Landshöfn Keflavík-Njarðvík, frækvæðir.....	1.500	-	- 1.500
Hafnarbótasjóður, framlag.....	12.450	10.000	- 2.450
Gjöld samtals	140.107	83.613	- 56.494
Sértekjur	595	649	54
Misæunur	139.512	82.964	- 56.548

Ekki er talin ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni.

341 Siglingamálastofnun.

Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 17.848 þús. kr. og

er það hækkun um 9,8%. Framlag til reksturs stofnunarinnar miðast við óbreytta starfsemi frá fjárlögum 1984. Framlag til stofnkostnaðar nam 1.900 þús. kr. í fjárlögum en er nú áætlað 1.005 þús.kr. og er vegna kaupa á viðbótartölvubúnaði fyrir stofnunina. Á vegum samgönguráðuneytisins er nú unnið að athugun á því hvort rétt þyki að hækka skipaskoðunargjald þannig að það standi undir þeim þætti í starfsemi stofnunarinnar sem að skipaskoðun og -eftirliti snýr.

471 Flugmálastjórn.

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 203.022 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 227.187 þús. kr. Laun hækka úr 94.246 þús. kr. í 109.677 þús. kr., eða um 16,4%. Rekstrarfé annað en laun hækkar úr 60.777 þús. kr. í 90.082 þús. kr., eða um 48,2%. Þessi mikla hækkun stafar að verulegu leyti af færslu reglubundins viðhalds á rekstrargjöld. Fjárveiting til stofnkostnaðarverkefna hækka úr 51.300 þús. kr. í 55.000 þús. kr., eða um 7,2%. Sértekjur stofnunarinnar hækka úr 15.677 þús. kr. í 27.572 þús. kr., enda er gert ráð fyrir töluverðri hækkun á gjaldskrá stofnunarinnar, einkum endurnýjunar- og prófgjöldum, skoðunargjaldi, gjaldi fyrir flug flugvélar stofnunarinnar og eldsneytisskatti. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir tveimur nýjum grunnheimildum í flugvalladeild, þ.e. flugvallarvörðum í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting grunnheimilda, útgjalda í fjárlögum 1984 og útgjalda í þessu frumvarpi á einstök viðfangsefni.

	Grunn- heimildir skv. frumvarpi	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Yfirstjórn.....	14,00	15.145	17.444	2.299
Loftferðaefirlit.....	4,00	2.868	3.787	919
Reykjavíkurflugvöllur.....	25,00	20.180	26.837	6.657
Flugvalladeild.....	34,75	35.384	45.500	10.116
Frækvæðir á flugvöllum.....	-	51.300	55.000	3.700
Flugleiðsöguþjónusta.....	19,00	17.544	21.941	4.397
Fluganferðarþjónusta.....	44,00	31.482	34.098	2.616
Alþjóðaflugþjónusta.....	30,00	44.796	50.152	5.356
Samtals	170,75	218.699	254.759	36.060
Sértekjur		15.677	27.572	11.895
Misauður		203.022	227.187	24.165

485 Ymis framlög.

Framlag hækkar um 630 þús. kr. og nemur alls 4.200 þús. kr. Framlag til Slysavarnarfélags Íslands vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa hækkar um 400 þús. kr. og framlag til hönnunar á sjálfvirku tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip hækkar um 300 þús. kr. og nemur alls 800 þús. kr. Liðurinn, fræðsluefni um öryggismál sjómanna, er óbreyttur frá fjárlögum og sömuleiðis er framlag til flugbjörgunarsveita óbreytt. Einn liður fellur niður frá fjárlögum 1984, þ.e. velferðarráð sjómanna sem var með 70 þús. kr. fjárveitingu.

651 Ferðamálaráð.

Framlag nemur 8.500 þús. kr. og hækkar um 2.037 þús. kr., eða 31,5% frá fjárlögum 1984. Ekki er um að ræða framlag til Ferðamálasjóðs enda stefna frumvarpsins að draga úr og fella niður framlög til atvinnuvegasjóða. Til frekari skýringar er vísað í kafla 2.6 um nauðsynlegar lagabreytingar. Ekki er veitt fé til greiðslu launa markaðsstjóra, enda fellur heimild fyrir þessari stöðu niður í lok ársins 1984.

652 Veðurstofa Íslands.

Framlag til Veðurstofu Íslands hækkar um 1.968 þús. kr. og nemur alls 67.117 þús. kr. Ekki er ástæða til sérstakrar umfjöllunar um almenn rekstrargjöld stofnunarinnar umfram það að gert er ráð fyrir nýrri stöðu veðurfræðings á veðurfarsdeild. Launakostnaður vegna stöðunnar nemur 350 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag nemur samkvæmt frumvarpinu 4.198 þús. kr. en í fjárlögum 1984 nam framlag til viðhalds og stofnkostnaðar alls 7.411 þús. kr. Skýringin á lækkun stofnkostnaðar er að á árinu 1982 var ákveðið að endurnýja tölvubúnað stofnunarinnar. Meginþungi útgjalda sem því fylgdi féll á árið 1984.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokkanna iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir, í þús. kr.:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	%	
Yfirstjórn.....	9.079	11.490	2.411	26,6	
Iðnaðarmál.....	151.642	194.252	42.610	28,1	
Orkuáhl.....	908.122	900.149	- 7.973	- 0,9	
	Samtals	1.068.843	1.105.891	37.048	3,5
Þar af markaðir tekjustofnar.....	376.000	450.000	74.000	19,7	

Markaðir tekjustofnar iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir: Byggingariðnaðarsjóðsgjald hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 5.000 þús. kr. Rafmagnseftirlitsgjald hækkar um 13.000 þús. kr. og verður 25.000 þús. kr. og verðjöfnunargjald af raforku hækkar um 60.000 þús. kr. og verður 420.000 þús. kr.

Verður nú nánar vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á breytingum framlaga til málefna ráðuneytisins.

201 Iðntæknistofnun.

Veruleg breyting verður á starfsaðstöðu stofnunarinnar á árinu 1984. Ráðgert er síðla árs að taka í notkun nýbyggingu Iðntæknistofnunar á Keldnaholti. Árið 1985 verður því fyrsta heila starfsárið sem öll starfsemi fer fram undir einu þaki.

Fjárveiting nemur alls 34.085 þús. kr. en nam í fjárlögum 1984 18.559 þús. kr. Fjárveiting hækkar því verulega sem skýrist af ýmsum þáttum. Framsetning á framlögum til stofnunarinnar í þessu frumvarpi er með nokkru öðru sniði en í fjárlögum 1984 og viðfangsefnum er fjölgað. Undir viðfangsefninu nýiðnaðarrannsóknir er veitt fé til tímabundins verkefnis sem miðar að framleiðniátaki í iðnaði og er fjárveiting til þessa 5.000 þús. kr. Tilgangurinn með verkefninu er að efla skilning almennings og iðnfyrirtækja á mikilvægi aukinnar framleiðni í iðnaði. Þá er þess að geta að ýmis fræðslustarfsemi í iðnaði hefur verið flutt til stofnunarinnar. Á árinu 1984 fól iðnaðarráðuneytið stofnuninni að annast umsjón með verkstjórnarfræðslu, námskeiðum fyrir stjórnendur vinnuvéla og eftirmenntun í iðju og iðnaði. Í fjárlögum 1984 er þessi fræðslustarfsemi fjármögnuð undir fjárlagaliðunum 11-204, -206 og -207. Heildarfjárveiting til þessarar starfsemi 1984 nam 2.884 þús. kr. en er nú í frumvarpinu 3.228 þús. kr.

221 Lánasjóðir iðnaðarins.

Í fjárlögum 1984 voru veittar undir þessum fjárlagalið 15.000 þús. kr. til Iðnrekstrarsjóðs. Með lögum nr. 55/1984 um breyting á lögum um Iðnlánasjóð o.fl. var gerð breyting á lánasjóðum iðnaðarins. Iðnrekstrarsjóður var lagður niður en jafnframt var tekið upp ákvæði um að í Iðnlánasjóði skuli stofna sérstaka vöru-, þróunar- og markaðsdeild. Í 9. gr. laganna frá 1984 segir að framlag ríkissjóðs skuli vera að lágmarki jafnhátt þeim hluta Iðnlánasjóðsgjalds sem rennur til vöruþróunar og markaðsdeildar sjóðsins. Það eru 4/7 hlutar gjaldsins. Samkvæmt þessu nemur framlag ríkissjóðs 28.500 þús. kr. á árinu 1985.

235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög.

Í fjárlögum 1984 var fjárveiting á þessum lið 2.900 þús. kr. og fór til Útflutingsmiðstöðvar iðnaðarins. Ekki er áætlað fyrir framlagi til þessarar stofnunar 1985. Á nýju viðfangsefni er áætlað fyrir 1.600 þús. kr. sem fer til Jarðefnaiðnaðar h.f. á Suðurlandi og er það vegna loforðs fyrrverandi fjármála- og iðnaðarráðherra að bæta félaginu ýmsan undirbúningskostnað vegna steinullarverksmiðju á Suðurlandi.

240 Iðnaðarrannsóknir.

Fjárveiting hækkar um 3.000 þús. kr. og nemur 14.000 þús.kr. Fjárveitingunni er ráðstafað til athugunar á ýmsum iðnaðarkostum.

299 Iðja og iðnaður, framlag.

Framlag lækkar um 803 þús. kr. og nemur alls 11.142 þús. kr. Í fjárlögum deilist fjárveitingin á átta viðfangsefni, þar af falla eftirtalin viðfangsefni niður: Iðnráð 70 þús. kr., Heimilisiðnaðarfélag Íslands 30 þús.kr., kynning á íslenskum iðnaðarvörum 1.500 þús. kr. og rannsóknir á surtarbrandi 1.800 þús. kr. Framlög til eftirtalinnna viðfangsefna hækka sem hér segir: Iðnþróun og tæknifyjungar 1.000 þús.kr., Byggingarþjónustan 150 þús. kr., iðnþróunarverkefni 300 þús. kr. og vegna starfsemi iðnráðgjafa í landshlutum 647 þús. kr. Tekið er upp nýtt viðfangsefni, Iðnsaga Íslands. Fyrirhuguð fjárveiting til þessa verkefnis nemur 2.000 þús. kr. en aðeins 500 þús. kr. eru gjaldfærðar í frumvarpinu sem skýrist af tæknilegum ástæðum. Þess er því farið á leit að þetta verði lagfært.

371 Orkusjóður.

Framlag til sjóðsins nemur alls 583.300 þús. kr. og hækkar einungis um 4.500 þús. kr. Viðfangsefni sjóðsins eru óbreytt frá fjárlögum og því verður hér einungis getið um hækkun framlaga til hvers einstaks liðar. Framlag til reksturs hækkar um 50 þús. kr. og verður 600 þús. kr. Verðjöfnunargjald af raforku er alls áætlað 420.000 þús. kr. og hækkar um 60.000 þús. kr. frá fjárlögum. Þá lækkar framlag til niðurgreiðslu á orkukostnaði Hólsfjallabæja um 50 þús. kr og nemur 1.700 þús. kr. Fjárveiting til að standa undir mismun innheimtra afborgana og vaxta og greiddra vaxta og afborgana nemur 128.000 þús. kr. og er það lækkun frá árinu 1984 um 32.000 þús. kr. Til sveitarafvæðingar eru ætlaðar 5.000 þús. kr. og er það lækkun um 2.500 þús. kr. frá fjárlögum. Til styrkingar dreifikerfis í sveitum er fyrirhugað að verja 20.000 þús. kr. en í fjárlögum 1984 voru 33.000 þús. kr. ætlaðar til verkefnisins. Loks er að geta um framlag til endurlána og styrkingar einkarafstöðva en það er 3.000 þús. kr. og hækkar um 2.000 þús. kr frá fjárlögum.

399 Ymis orkumál

Framlag lækkar um 28.600 þús. kr. og nemur alls 215.100 þús.kr. Hér eru sömu viðfangsefni og 1984 en framlög breytast eins og fram kemur í eftirfarnadi yfirliti:

	Fjárlög 1984	Fruðvarp 1985	Breyting þús. kr.
Orkusparnaður.....	2.500	10.000	7.500
Setlagarannsóknir.....	2.000	1.000	- 1.000
Jöfnun og lækkun hitakostnaðar skv. lögum nr. 53/1980.....	3.000	1.000	- 2.000
Niðurgreiðsla vegna rafhitunar.....	230.000	200.000	-30.000
Vatns- og hitaveita Reykjahlíðar.....	5.000	2.100	- 2.900
Háhitarannsóknir.....	1.200	1.000	- 200
Samtals	243.700	215.100	-28.600

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokkanna þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og efirfarandi yfirlit sýnir, í þús. kr.:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn.....	12.521	14.260	1.739	13,9
Niðurgreiðslur.....	945.000	630.000	-315.000	-33,3
Annað.....	77.235	67.919	- 9.316	-12,1
Samtals	1.034.756	712.179	-322.577	-31,2

Engir markaðir tekjustofnar teljast til þessa ráðuneytis og verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokkanna ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til skrifstofunnar nemur alls 14.260 þús. kr. og skiptist á tvö viðfangsefni, yfirstjórn ráðuneytisins 13.150 þús. kr. og samstarfsráðherra Norðurlanda 1.110 þús. kr. Framlagið vegna yfirstjórnar felur ekki í sér breytingar á starfsemi ráðuneytisins frá árinu 1984. Hins vegar er sérstaklega áætlað fyrir útgjöldum í tengslum við næsta Norðurlandaráðsþing sem haldið verður á Íslandi á árinu 1985.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði.

Fjárveiting samkvæmt fjárlögum 1984 nemur 945.000 þús. kr. og skiptist þannig að 46.000 þús. kr. eru ætlaðar vegna framlags til lífeyrissjóðs bændna og 899.000 þús. kr. til niðurgreiðslna á vöruverði. Í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl. var ákveðið að lækka niðurgreiðslur á vöruverði um 185.000 þús. kr. þannig að 704.000 þús. kr. verða til ráðstöfunar í þessu skyni 1984. Í frumvarpinu fyrir 1985 nemur heildarfjárveiting á þessum lið 630.000 þús. kr. og er ráðstöfun fjárens þannig að 80.000 þús. kr. fara til lífeyrissjóðs bændna og 550.000 þús. kr. til niðurgreiðslna á vöruverði. Samkvæmt mati Hagstofu Íslands nema niðurgreiðslur eins og þær eru í september, rúmum 600.000 þús. kr. á heilu ári.

202 Ollunotkun til húshitunar, styrkur.

Styrkur vegna ollunotkunar til húshitunar er í fjárlögum 1984 61.500 þús. kr. Fjárveiting 1985 lækkar frá fjárlögum um 11.060 þús. kr. og nemur 50.440 þús. kr. Ástaða lækkunarinnar er sú að nú er miðað við 11 þúsund ársfjórðungslega styrki til einstaklinga í stað 13 þúsund 1984. Auk þess fá rafveitur og skólar styrki.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld til málefnaflökka fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast milli ára sem hér segir.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Yfirstjórn.....	18.300	23.225	4.925	26,9
Ymis lán ríkissjóðs.....	840.000	1.349.368	509.368	60,6
	Gjöld samtals	858.300	514.293	59,9

Nú verður vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkan framlaga frá fjárlögum 1984.

101 Aðalskrifstofa.

Hækkun nemur 4.729 þús. kr., eða 27,0%, og verður fjárveitingin 16.452 þús. kr. Bert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi að því er fastar stöður starfsmanna varðar. Tekið er upp sérstakt viðfangsefni, hagræðingar- og stjórnsýsluverkefni. Við afgreiðslu fjárlaga 1984 ákvað Alþingi að veittar skyldu 2.000 þús. kr. til hagræðingarstarfsemi í ríkisrekstri. Á árinu 1984 hefur verið unnið að hagræðingarverkefnum í stofnunum nokkurra ráðuneyta og einnig hefur verið starfað að endurskoðun á skipulagi aðalskrifstofa menntamála- og félagsmálaráðuneytis. Laqt er til að veittar verði 5.000 þús. kr. til hagræðingar- og stjórnsýsluverkefna á árinu 1985. Að öðru leyti hækkar fjárveiting í samræmi við verðlagesforsendur frumvarpsins.

991 Ymis lán ríkissjóðs.

Vextir af lánum ríkissjóðs hækka um 509.368 þús. kr. og verða 1.349.368 þús. kr. Vextir af lánum hjá Seðlabanka Íslands hækka um 215.000 þús. kr., þar af eru 36.000 þús. kr. vegna vaxta af yfirdrætti á viðskiptareikningi ríkissjóðs. Áætlað er að vextir af öðrum lánum hækki um 294.368 þús. kr. og verði 995.368 þús. kr. Vísað er í kafla 2.7 í greinargerðinni hér að framan til nánari skýringar á vöxtum og afborgunum ríkissjóðs.

4 Ríkisfjármál samkvæmt skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Hér á eftir verða fjárlög 1984 og fjárlagafrumvarp fyrir árið 1985 sett fram miðað við þann uppgjöremáta sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur útbúið og verið að próa allt frá stofnun sinni árið 1944. Bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Sameinuðu þjóðirnar hafa leitast við að samræma skilgreiningar og framsetningu þjóðhagsreikninga, þ.m.t. ríkisfjármál, í hinum ýmsu aðildarríkjum sínum.

Megintilgangur þess að færa ríkissjóð upp á þennan hátt er sá að geta séð hvar áherslur í tekjuöflun og útgjöldum til einstakra málaflokka liggja í samanburði við önnur ríki þar sem sömu skilgreiningar liggja að baki. Þá má enn fremur segja að framsetning á lánveitingum og lántökum ríkissjóðs verði bæði gleggri og skýrari heldur en fram kemur í 1. gr. fjárlaga.

4.1 Stutt lýsing á núverandi uppgjörshætti ríkissjóðs

Um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings gilda lög nr. 52/1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga ásamt viðauka skv. lögum nr. 31/1982 (XIII. kafli).

Fjárlög og ríkisreikningur skiptast í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, þar á meðal almannatryggingar. Með ríkisfyrirtækjum er átt við ríkisaðila, sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum og þjónustu eða hafa með höndum starfsemi sem í meginatriðum er hliðstæð við starfsemi einkaaðila.

Heildartekjur og gjöld A-hluta ríkissjóðs eru sýnd í 1. gr. fjárlaga. Þar eru einnig yfirfærslur til þeirra B-hluta fyrirtækja sem ná ekki að afla nægjanlegra eigin tekna til að mæta útgjöldum sínum. Mismunur tekna og gjalda A-hluta myndar síðan rekstrarjöfnuð ríkissjóðs.

Lánahreyfingar skiptast í tvo hluta, lánahreyfingar inn og lánahreyfingar út. Lánahreyfingar inn sýna allar lántökur A-hluta ríkissjóðs. Er þá gerður greinarmunur á því hvaðan lánið er tekið, þ.e. hvort um er að ræða innlenda lánsfjáröflun eða erlenda. Lánahreyfingar út sýna afborganir af teknum lánum A-hluta ásamt þeim framlögum sem ekki eru gjaldfærð, s.s. hlutafjárframlög og önnur stofnframlög. Mismunur lánahreyfinga myndar síðan lánajöfnuð.

Þá eru í 1.gr. sýnd áætluð breyting á nettó stöðu viðskiptareikninga, þ.e. útstreymi umfram innstreymi (eða innstreymi umfram útstreymi). Rekstrarjöfnuður, lánajöfnuður og breyting á stöðu viðskiptareikninga mynda síðan greiðslujöfnuð A-hluta ríkissjóðs.

Allar fjárhæðir í fjárlögum eru settar fram á greiðslugrunni, þ.e. sýnd er sú fjárhæð sem reiknað er með að fari úr ríkissjóði á viðkomandi fjárlagaári (1985). Er þá ekki gerður greinarmunur á því hvort til fjárskuldbindingar hafi verið stofnað árinu áður (1984) eða hvort fjárskuldbinding hafi átt sér stað á fjárlagaárinu þó svo að greiðslan vegna hennar fari fram næsta ár á eftir (1986)

Sama á við um tekjuöflun ríkissjóðs. Fjárlög sýna áætlaða innheimtu tekna á fjárlagaárinu enda þótt hluti af álagningu hafi átt sér stað á fyrra ári eða árum.

Ríkisreikningur er aftur á móti gerður upp á rekstrargrunni, en það þýðir að sýndar eru greiðslur sem inntar hafa verið af hendi á bókhaldsárinu auk fjárkrafa sem af skuldbindingum leiðir.

4.2 Fjárlög 1984 og fjárlagafrumvarp 1985 gerð upp að hætti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Samkvæmt uppsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verður skilgreining A-hluta ríkisfjármálanna nokkru viðtækari heldur en lög nr. 52/1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga segja til um. A-hluti ríkissjóðs fellur óskiptur inn í þessa skilgreiningu með þeirri breytingu að útgjöld stofnana eru sýnd á brúttógrunni, þ.e. sértekjur stofnana eru ekki dregnar frá gjöldum. Þess í stað eru sértekjur stofnana færðar sem tekjur á tekjuyfirliti. Þá koma inn í þessa skilgreiningu 42 aðilar úr B-hluta fjárlaga og vísað í því tilliti til yfirlits í ríkisreikningi 1982 á bls. 304. Umfang og eðli starfsemi vissra B-hluta fyrirtækja skiptir meira máli en annarra í þessu uppgjöri. Að svo komnu er ákveðið að taka ekki alla B-hluta aðila inn í þessa uppsetningu heldur einungis þá sem mestu máli skipta og vitað er að hafa tiltekin áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þessir aðilar eru Tryggingastofnun ríkisins, lífeyris-, slysa- og sjúkratryggingar, Atvinnuleysistryggingasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Endurlán ríkissjóðs.

Vakin er athygli á því að áætlun fyrir Endurlán ríkissjóðs er ekki að finna í fjárlögum. Fyrirhugaðar lántökur og lánveitingar Endurlánanna eru teknar inn í þetta uppgjör ásamt vaxtatekjum og -gjöldum.

Í lögum um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð og Endurlán ríkissjóðs er að finna ákvæði um að fjárreiður þessara aðila skuli færðar í B-hluta ríkissjóðs. Ef gerð fjárlaga væri breytt yfir á form Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þyrfti að koma til lagabreyting á þann veg að ofangreindir aðilar teldust til A-hluta ríkissjóðs.

Ástæður þess að þeir B-hluta aðilar sem ættu samkvæmt skilgreiningu að færast með A-hluta en eru ekki fluttir þangað í þessu uppgjöri eru þessar: 1) Nokkur fyrirtæki í B-hluta hafa tekjur sínar nær einvörðungu frá A-hluta stofnunum og negir í því sambandi að benda á Áhaldahús vegagerðarinnar. Samkvæmt reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er tvítalning gjalda og tekna óleyfileg. 2) Mörg þessara B-hluta fyrirtækja fá nær allt ráðstöfunarfé sitt með beinni yfirfærslu úr A-hluta þannig að gjaldfærsla hefur þegar farið fram. 3) Samanlagt umfang annarra fyrirtækja og sjóða í B-hluta er ekki það mikið að það hafi nein teljandi áhrif á þær niðurstöður sem leitast er við að fá fram.

Með þeim takmörkunum sem hér eru skýrðar hafa tekjur, gjöld og lánsfjármál ríkissjóðs verið gerð upp skv. reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir fjárlög 1984 og fjárlagafrumvarp 1985.

Tekjur

Í tekjuyfirliti því sem sýnt er í töflu 2 hér á eftir skiptast tekjur ríkissjóðs í meginatriðum í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða skatttekjur og hins vegar það sem kallað er aðrar tekjur, þ.m.t. sértekjur stofnana. Framsetning tekna í fjárlögum er ekki svo mjög frábrugðin því kerfi sem mótað hefur verið af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Með tilliti til þessa litla munar þykir ekki ástæða til að skýra innihald hvers tekjuflokks fyrir sig þar sem tekjuyfirlitið skýrir sig að mestu sjálft.

Gjöld

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir flokkun ríkisútgjaldanna eftir málefnum. Flokkun þessi er mjög frábrugðin því sem kemur fram í fjárlögum þar sem sú flokkun miðast fyrst og fremst við ráðuneyti. Að sjálfsögðu er ekki hægt að gefa tæmandi upptalningu á þeirri starfsemi sem fellur undir viðkomandi málefnaflokk heldur er aðeins stiklað á aðalatriðum. Samanber töflu 3 hér á eftir.

1 Almenn opinber þjónusta (General public services).

Undir þennan lið fellur æðsta stjórn ríkisins, þó án þeirra ráðuneyta sem hægt er að heimfæra undir tiltekinn málaflokk, s.s. aðalskrifstofur landbúnaðarráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis. Þá er hér einnig færð starfsemi sendiráða, framlög til alþjóðastofnana og alþjóðahjálpar, skattkerfið, löggæsla, o.fl.

2 Varnarmál (Defence).

3 Fræðslumál (Education).

3.1 Yfirstjórn (General administration and regulation).

Í þennan flokk fellur öll yfirstjórn fræðslumála s.s. aðalskrifstofa menntamálaráðuneytisins, Námsgagnastofnun, endurskoðun námsefnis o.fl.

3.2 Skólar (Schools).

Til þessa flokks teljast allir grunnskólar, héraðs-, fjölbrauta- og menntaskólar. Þá eru hér enn fremur skólar sem eru starfræktir á vegum annarra ráðuneyta en menntamálaráðuneytisins, þ.e. bændaskólar, Garðyrkjuskóli ríkisins og skólar heilbrigðisstétta.

3.3 Háskólar (Universities and colleges).

Til þessa flokks teljast Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun háskólans og önnur starfsemi á háskólastigi.

3.4 Tækni-, iðn- og aðrir skólar (Technical, vocational and other).

Þeir skólar sem falla undir þennan lið eru m.a. iðnskólar, húsmóðraskólar, Tækniskóli Íslands og ýmsir aðrir fag-skólar.

4 Heilbrigðismál (Health).

4.1 Yfirstjórn (General administration and regulation).

Undir þennan lið falla m.a. aðalskrifstofa heilbrigðisráðuneytisins, yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins (þ.e. sá hluti yfirstjórnarinnar sem er vegna sjúkratrygginganna), landlæknir, Hollustuvernd ríkisins og ýmsir stjórnunar- og eftirlitsaðilar á vegum heilbrigðisráðuneytisins.

4.2 Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar (Hospitals and clinics).

Undir þennan málaflokk fellur allur rekstur sjúkrahúsa og framlög til heilsugæslustöðva. Þá eru hér jafnframt færð útgjöld sjúkratrygginga á vegum Tryggingastofnunar ríkisins.

5 Almennatryggingar (Social security and welfare).

5.1 Yfirstjórn (General administration and regulation).

Til þessa flokks telst yfirstjórn Almennatrygginga.

5.2 Slysatryggingar (Sickness and other temporary disablement).

Undir þennan lið falla slysatryggingar á vegum Tryggingastofnunar ríkisins.

5.3 Lífeyristryggingar (Old age, disability and survivors).

Undir þennan lið falla lífeyristryggingar á vegum Tryggingastofnunar ríkisins og framlög til lífeyrissjóða.

5.4 Atvinnuleysistryggingar (Unemployment).

Hér falla undir framlög Atvinnuleysistryggingasjóðs.

5.7 Velferðarmál (Welfare services).

Hér koma fram m.a. öll framlög vegna málefna fatlaðra svo og framlög til ýmissa félagasamtaka sem starfa í þágu fatlaðra.

6 Húsnæðis- og skipulagsmál (Housing and community amenities).

6.1 Húsnæðismál (Housing).

Hér eru talin fram framlög til Húsnæðisstofnunar ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

6.2 Skipulags- og umhverfismál (Community development).

Undir þennan lið falla m.a. framlög til Bygðasjóðs, skipulagsstjóra og framlög til vatnsveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga.

7 Önnur félagsleg þjónusta (Other community and social services).

7.1 Listir, tómstundir og önnur félagsstörf (Recreational and related social activities).

Til þessa flokks teljast framlög til lista- og menningarmála, íþróttu- og æskulýðsmála, rekstur og bygging safnastofnana.

7.2 Fjölmiðlar (Broadcasting and press).

Undir þennan lið falla framlög til Ríkisútvarps og dagblaðanna.

7.3 Trúmál (Religion).

Til þessa flokks teljast framlög til starfsemi kirkjunnar.

8 Atvinnumál (Economic services).

8.1 Atvinnumál, almennt (General administration and regulation).

Undir þessum lið koma ýmis framlög sem teljast til atvinnumála en ekki er unnt með góðu móti að heimfæra á tiltekinn atvinnuveg.

8.2 Landbúnaður og fiskveiðar (Agriculture and fishing).

Til þessa flokks teljast öll framlög sem unnt er að heimfæra beint upp á tvo fyrrnefnda atvinnuvegi. Hér koma enn fremur niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðir en þær eru í fjárlögum flokkaðar undir viðskiptaráðuneytið.

8.3 Iðnaður (Manufacturing).

Undir þessum lið eru framlög til iðnaðar, s.s. lánaþjófur iðnaðarins, jöfnunargjald og iðnaðarrannsóknir.

8.4 Orka (Electricity, gas, steam and water).

Til þessa flokks teljast öll framlög til orkuöflunar, orkurannsóknar og jöfnunar á orkuverði.

8.5 Vegir (Roads).

Undir þennan lið falla framlög til Vegagerðar ríkisins.

8.6 Vitar og hafnir (Inland and coastal waterways).

Undir þennan lið falla öll framlög til vitar- og hafnarmála.

8.7 Aðrir flutningar og samgöngur (Other transportation and communication).

Hér falla undir sjóflutningar, þ.e. Skipaútgerð ríkisins og strandferðir, framlög. Þá eru hér enn fremur framlög til flugmálastjórnar og Póst- og símamálastofnunarinnar.

8.8 Önnur atvinnumál (Other economic services).

Til þessa flokks teljast framlög til Ferðamálaráðs og útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

9 Annað (Unallocable and other purposes).

9.1 Ríkisskuldir, vextir (Public debt, interest and commission).

Til þessa flokks teljast vextir af ríkisskuldum.

9.3 Náttúruhamfarir (Outlays in connection with disasters and other calamities).

Undir þennan lið fellur framlag til Bjargráðasjóðs Íslands.

9.4 Annað (Other purposes).

Til þessa flokks telst önnur starfsemi ríkisins sem ekki er unnt með góðu móti að heimfæra undir þá liði sem upp eru taldir hér að framan, s.s. Ríkisábyrgðasjóður, Utvegsbanki Íslands og Norræni fjárfestingabankinn.

Veitt lán - innheimtar afborganir

Undir þessum lið eru sýnd öll veitt lán af hálfu ríkissjóðs og ennfremur lánveitingar af hálfu þeirra aðila sem teknir eru inn í þessa uppsetningu. Þá eru þarna jafnframt sýndar innheimtar afborganir hjá sömu aðilum.

Eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti þá er mikill munur á þeim lánveitingum sem þar eru sýndar og þeim sem fram koma í 1. gr. fjárlaga. Munar þar mestu um lánveitingar Endurlána ríkissjóðs sem eru teknar inn í þetta uppgjör en þar er ekki að finna í fjárlögum.

Heildargjöld að viðbættum veittum lánnum að frádregnum innheimtum afborgunum mynda síðan heildarútstrymi fjár úr ríkissjóði.

Yfirlit yfir veitt lán og innheimtar afborganir í m.kr.

	Fjárlög 1984			Fruuvarp 1985		
	Veitt lán	Innh. afborg.	Misaunur	Veitt lán	Innh. afborg.	Misaunur
A-hluti.....		110	- 110		190	- 190
B-hluti.....	807		807	998		998
Lánasjóður íslenskra námsmanna....	573	8	565	679	12	667
Atvinnuleysistryggingasjóður.....	140	14	126	111	22	89
Lífeyristryggingar.....	9	4	5	12	12	-
Endurlán ríkissjóðs.....%.....	978	558	420	2.148	750	1.398
Samtals	2.507	694	1.813	3.948	986	2.962

† Aætlun er lausleg um innheimtar afborganir og vexti fyrir árið 1985.

Fjármögnun

Eins og fram kemur í heildaryfirliti í töflu 1 hér að neðan verður fjármögnun jöfn greiðsluhalla. Fjármögnun er í aðalatriðum þrjúþætt: Erlendar lántökur, innlendar lántökur, hvort tveggja að frádregnum afborgunum og breytt sjóðsstaða.

A eftirfarandi yfirliti eru sýndar áætlaðar innlendar og erlendar lántökur samkvæmt fjárlögum 1984 og frumvarpi 1985 miðað við skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Yfirlit yfir tekin lán og greiddar afborganir í m.kr.

	Fjárlög 1984			Frumvarp 1985		
	Tekin lán	Greiddar afborg.	Mismunur	Tekin lán	Greiddar afborg.	Mismunur
Innlend lán:						
Innlend útgáfa verðbréfa.....	200		200	350		350
Endurlánuð spariskirteini.....	637	170	467	650	650	
Önnur innlend fjárfesting.....	278		278	200		200
Afborganir af byggðalánum.....		150	- 150			
Afborganir af innlendum lánum....		813	- 813		459	- 459
Lánasjóður ísl. námsmanna.....		40	- 40		39	- 39
Seðlabanki Íslands.....					160	- 160
Endurlán ríkissjóðs.....	64	64		75	75	-
Innlend lán samtals	1.179	1.237	- 58	1.275	1.383	- 108
Erlend lán:						
Endurlán ríkissjóðs.....	1.003	518	485	2.148	700	1.448
Ríkissjóður.....	1.654	189	1.465	2.600	617	1.983
Erlend lán samtals	2.657	707	1.950	4.748	1.317	3.431
Samtals.....	3.836	1.944	1.892	6.023	2.700	3.323

* Áætlun er lausleg um greiðslur vaxta og afborgana fyrir árið 1985.

4.3 Samanburður og niðurstaða

Í eftirfarandi yfirliti er starfsemi ríkissjóðs metin annars vegar út frá 1. gr. fjárlaga og þá samkvæmt skilgreiningu á A-hluta ríkissjóðs og hins vegar út frá uppsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

	Fjárlög 1984		Frumvarp 1985	
	Skv. 1. gr. fjárlaga A-hluti M.kr.	Skv. Alþjóða- gjaldeyrissj. M.kr.	Skv. 1. gr. fjárlaga A-hluti M.kr.	Skv. Alþjóða- gjaldeyrissj. M.kr.
1 Heildartekjur.....	17.895	19.857	21.981	24.277
2 Heildargjöld og veitt lán - innheimtar afborganir.....	18.249	21.732	22.458	27.460
2.1 Heildargjöld.....	18.283	19.919	22.513	24.498
2.2 Lánveitingar nettó.....	-36	1.813	-55	2.962
Veitt lán.....	76	2.507	135	3.948
- innheimtar afborganir....	-110	-694	-190	-986
3 Greiðsluafgangur (halli) [1-2]	(354)	(1.875)	(477)	(3.183)
4 Fjármögnun [=5+6].....	354	1.875	477	3.183
5 Lántökur nettó.....	380	1.892	616	3.323
Tekin lán.....	1.703	3.836	2.502	6.023
- greiddar afborganir.....	-1.323	-1.944	-1.886	-2.700
6 Breytt sjóðsstaða.....	-26	-17	-139	-140

Eins og fram kemur í yfirlitinu hér að ofan verður umtalsverð hækkun á öllum þeim liðum sem helst eru notaðir sem mælikvarði á umfang og afkomu ríkissjóðs. Orsakir þessa eru ekki þær að raunveruleg starfsemi ríkissjóðs sé vanmetin í framsetningu fjárlaga, heldur er skýringin sú að skilgreining á umsvifum ríkissjóðs er önnur og viðtækari en lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga segja til um.

Tafla 1 Heildaryfirlit um tekjur, gjöld og lántökur
ríkissjóðs 1984 og 1985 skv. framsetningu
Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

	Fjárlög 1984 M.kr.	Framvarp 1985 M.kr.	Breyting %
1 Heildartekjur.....	19.857	24.277	22,3
1.1 Skatttekjur.....	17.459	21.241	21,7
1.2 Aðrar tekjur.....	2.398	3.036	26,6
2 Heildargjöld og veitt lán - innheimtar afborganir.....	21.732	27.460	26,4
2.1 Heildargjöld.....	19.919	24.498	23,0
2.2 Lánveitingar nettó.....	1.813	2.962	63,4
Veitt lán.....	2.507	3.948	
- innheimtar innborganir.....	-694	-986	
3 Greiðsluafgangur (halli) [1-2].....	(1.875)	(3.183)	69,8
4 Fjármögnun [5+6].....	1.875	3.183	69,8
5 Lántökur nettó.....	1.892	3.323	75,6
5.1 Erlendar lántökur nettó.....	1.950	3.431	75,9
Tekin erlend lán.....	2.657	4.748	
- afborganir af erlendum lánum.....	-707	-1.317	
5.2 Innendar lántökur nettó.....	-58	-108	86,2
Tekin innlend lán.....	1.179	1.275	
- afborganir af innlendum lánum.....	-1.237	-1.383	
6 Breytt sjóðsstaða.....	-17	-140	-

Tafla 2

Heildartekjur 1984 og 1985.

	Fjárlög 1984 M.kr.	Fruðvarp 1985 M.kr.	Breyting %
I Heildartekjur (II+III).....	19.857	24.277	22,3
II Skatttekjur.....	17.459	21.241	21,7
1 Tekjuskattur.....	2.225	1.995	- 10,3
1.1 Einstaklingar.....	1.790	1.535	- 14,2
1.2 Lögaðilar.....	435	460	5,7
2 Iðgjöld til almannatrygginga.....	709	977	37,8
2.1 Einstaklingar.....	120	145	20,8
2.2 Lögaðilar.....	531	754	42,0
2.4 Sveitarfélög.....	58	78	34,5
3 Launaskattur.....	860	1.000	16,3
4 Eignarskattar.....	840	1.171	39,4
4.1 Einstaklingar.....	260	305	17,3
4.2 Lögaðilar.....	160	200	25,0
4.4 Erfðafjárskattur.....	40	25	- 37,5
4.5 Gjöld af eignayfirfærslum.....	305	541	77,4
4.6 Tímabundnir eignarskattar.....	75	100	33,3
5 Skattar af seldri vöru og þjónustu.....	9.779	12.289	25,7
5.1 Söluskattur.....	6.800	8.420	23,8
5.2 Skattar af framleiðslu.....	1.617	1.920	18,7
5.3 Hagnaður af einkasöluvörum.....	901	1.381	53,3
5.4 Sérstakir þjónustuskattar.....	51	62	21,6
5.5 Leyfisgjöld, prófgjöld o.fl.....	410	506	23,4
6 Gjöld af utanríkisviðskiptum.....	2.992	3.750	25,3
6.1 Aðflutningsgjöld.....	2.870	3.597	25,3
6.2 Útflutningsgjöld.....	5	5	-
6.4 Tekjur af sölu gjaldeyris.....	117	148	26,5
7 Aðrir skattar.....	54	59	9,3
III Aðrar tekjur.....	2.398	3.036	26,6
9 Eignatekjur.....	1.639	2.098	28,0
9.1 Fyrirtæki og fjármálastofnanir.....	83	119	43,4
9.2 Aðrar eignatekjur.....	1.556	1.979	27,2
10 Yásir óbeinir skattar.....	726	900	24,0
11 Sektir og uppteknar vörur.....	30	35	16,7
13 Annað.....	3	3	-

Tafla 3

Heildargjöld 1984 og 1985.

	Fjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.	Breyting %
Heildargjöld.....	19.919	24.498	23,0
1 Almenn opinber þjónusta.....	1.695	2.072	22,2
3 Fræðslumál.....	2.429	2.875	18,4
3.1 Yfirstjórn.....	114	155	36,0
3.2 Skólar.....	1.456	1.685	15,7
3.2.1 Forskólar, grunnskólar.....	984	1.149	16,8
3.2.2 Framhaldsskólar.....	472	536	13,6
3.3 Háskólar.....	418	509	21,8
3.4 Tækni-, iðn- og aðrir skólar.....	423	506	19,6
3.6 Annað.....	18	20	11,1
4 Heilbrigðismál.....	4.420	5.414	22,5
4.1 Yfirstjórn.....	95	106	11,6
4.2 Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar.....	4.278	5.281	23,4
4.5 Annað.....	47	27	- 42,6
5 Almennatryggingar.....	3.216	4.251	36,1
5.1 Yfirstjórn.....	46	90	95,7
5.2 Slysatryggingar.....	49	85	73,5
5.3 Lífeyristryggingar.....	2.523	3.334	32,1
5.4 Atvinnuleysistryggingar.....	282	326	71,6
5.7 Velferðarmál.....	316	416	31,6
6 Húsnæðis- og skipulagsmál.....	527	917	74,0
6.1 Húsnæðismál.....	400	800	100,0
6.2 Skipulags- og umhverfismál.....	127	117	- 7,9
7 Önnur félagsleg þjónusta.....	323	385	19,2
7.1 Listir, fómstundir og skyld félagsstörf.....	216	260	20,4
7.2 Fjölmálar.....	20	13	- 35,0
7.3 Trúmál.....	87	112	28,7
8 Atvinnumál.....	5.166	5.571	7,8
8.1 Atvinnumál, almennt.....	255	322	26,3
8.2 Landbúnaður og fiskveiðar.....	1.822	2.057	12,9
8.2.1 Yfirstjórn og rannsóknir.....	312	370	18,3
8.2.2 Landbúnaður.....	1.470	1.292	- 12,1
8.2.4 Fiskveiðar.....	40	395	887,5
8.3 Iðnaður.....	164	235	43,3
8.4 Orka.....	1.002	977	- 2,5
8.5 Vegir.....	1.383	1.458	5,4
8.6 Vitar og hafnir.....	187	134	- 28,3
8.7 Aðrir flutningar og sangöngur.....	343	377	9,9
8.8 Önnur atvinnumál.....	10	11	10,0
9 Annað.....	2.143	3.013	40,6
9.1 Ríkisskuldir (vextir).....	2.080	2.813	35,2
9.2 Náttúruháfarir.....	22	20	- 9,1
9.4 Annað.....	41	180	339,0

S E R S T Ö K Y F I R L I T

Efni:

1. Heildarútgjöld A-hluta eftir tegund útgjalda.
2. Heildarútgjöld eftir ráðuneytum og samanburður við fjárlög 1984.
3. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta.
4. Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir ráðuneytum og málaefnaflokkum, sbr. 2. gr.
5. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda, sbr. 3. gr.
6. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa, skipt eftir tekjustofnum.

1. HEILDARUTGJÖLD A-HLUTA EFTIR TEGUNDUM UTGJALDA

	51	52-57	58	59	5	4	
	LAUN	ÖNNUR GJÖLD AN EIGNAKAUPA	EIGNA KAUP	TIL- FÆRSLUR	GJÖLD ALLS	SER- TEKJUR	MIS- MUNUR
1 ALMENNUR REKSTUR	5944	3784	17	9572	19317	703	18614
5 VIÐHALDSVERKEFNI	9	587	-	-	596	-	596
6 STOFNKOSTNAÐUR	11	1068	227	1997	3303	-	3303
SAMTALS	5964	5439	244	11569	23216	703	22513

2. HEILDARUTGJÖLD EFTIR RAÐUNEYTUM
SAMANBURÐUR VIÐ FJARLÖG 1984

	FJARLÖG 1984	FRUMVARP 1985	HÆKKUN M.KR.	%
) ÆÐSTA STJORN RIKISINS	128	144	16	12.5
1 FORSÆTISRADUNEYTI	118	118	0	0.0
2 MENNTAMALARADUNEYTI	2886	3372	486	16.8
3 UTANRIKISRADUNEYTI	229	252	23	10.0
4 LANDBUNADARRADUNEYTI	697	890	193	27.7
5 SJAVARUTVEGSRADUNEYTI	222	620	398	179.3
6 DOMS- OG KIRKJUMALARADUNEYTI	801	1154	353	44.1
7 FELAGSMALARADUNEYTI	703	1171	468	66.6
8 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMALARADUNEYTI	6760	8558	1798	26.6
9 FJARMALARADUNEYTI	762	964	202	26.5
0 SAMGÖNGURADUNEYTI	1984	2041	57	2.9
1 IÐNADARRADUNEYTI	1069	1106	37	3.5
2 VIÐSKIPTARADUNEYTI	1035	712	-323	-31.2
3 HAGSTOFA ISLANDS	14	16	2	14.3
4 RIKISENDURSKOÐUN	17	22	5	29.4
5 FJARLAGA- OG HAGSYSLUSTOFNUN	858	1373	515	60.0
	18283	22513	4230	23.1

3. HEILDARYFIRLIT YFIR GJÖLD, TEKJUR OG FJAR-
MUNAHREYFINGAR FYRIRTÆKJA OG SJOÐA B-HLUTA

	M.KR.
51 Laun.....	1836
52-57 Rekstrargjöld.....	2396
535 Hraefni og vörur til endursölu.....	3481
571 Vextir, lanagjöld.....	3152
51-57 Viðhald.....	406
593 Afskriftir.....	1512
59 Yfirfærslur.....	6929

5 Gjöld samtals.....	19712
43-44 Seldar vörur og þjónusta.....	12599
4810 Framlög ur rikissjóði.....	8639
471 Vaxtatekjur.....	1475
49 Aðrar tekjur.....	1186

4 Tekjur samtals.....	23899
Mismunur.....	4187
Fjarmunahreyfingar ut:	
16 Veitt lan.....	3202
26 Afborganir lana.....	2315
18 Fjarfestingar.....	2402
32 Annað.....	2614
Fjarmunahreyfingar inn:	
16 Innheimtar afborganir.....	537
26 Tekin lan.....	3878
18 Sala á eignum.....	10
19 Afskriftir.....	1512
39 Raðstöfun eigin fjar.....	4187
32 Annað.....	409

4. HLUTFALLSLEG SKIPTING UTGJALDA EFTIR RAÐUNEYTUM OG
MALAFLOKKUM, SAMANBER 2.GR.

	%	%

ÆDSTA STJORN RIKISINS		0.6
FORSÆTISRADUNEYTI		0.5
YFIRSTJORN	0.1	
ANNAD	0.4	
MENNTAMALARADUNEYTI		15.0
YFIRSTJORN	0.2	
FRÆDSLUMAL	13.6	
SÖFN, LISTIR OG ÖNNUR MENNINGARSTARFSEMI	1.2	
UTANRIKISRADUNEYTI		1.1
YFIRSTJORN	0.2	
LÖGGÆSLA A KEFLAVIKURFLUGVELLI	0.2	
SENDIRAÐ	0.4	
ALÞJÓÐASTOFNANIR	0.3	
LANDBUNADARRADUNEYTI		3.9
YFIRSTJORN	0.1	
BUNADARMAL	3.6	
SKOLAR	0.2	
SJAVARUTVEGSRADUNEYTI		2.8
YFIRSTJORN	0.1	
UTVEGSMAL	2.6	
ANNAD	0.1	
DOMS- OG KIRKJUMALARADUNEYTI		5.1
YFIRSTJORN	0.1	
DOMGÆSLA, LÖGREGLUMAL O.FL.	4.5	
ÞJÓÐKIRKJAN	0.5	
FELAGSMALARADUNEYTI		5.2
YFIRSTJORN	0.1	
HUSNÆÐISMAL	3.5	
ÖNNUR FELAGSMAL	1.6	

	%	%
HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMALARADUNEYTI		38.0
YFIRSTJORN	0.1	
TRYGGINGAMAL	28.0	
HEILBRIGÐISMAL	9.8	
ANNAD	0.1	
FJARMALARADUNEYTI		4.3
YFIRSTJORN	0.2	
TOLL- OG SKATTHEIMTA	1.0	
LIFEYRISSJODIR, STYRKARFE OG EFTIRLAUN	1.5	
ANNAD	1.6	
SAMGONGURADUNEYTI		9.1
YFIRSTJORN	0.1	
POST- OG SIMAMAL	0.2	
VEGAMAL	6.5	
ÖNNUR SAMGÖNGUMAL	2.3	
IÐNADARRADUNEYTI		4.9
YFIRSTJORN	0.1	
IÐNADARMAL	0.8	
ORKUMAL	4.0	
VIÐSKIPTARADUNEYTI		3.2
YFIRSTJORN	0.1	
NIÐURGREIÐSLUR	2.8	
ANNAD	0.3	
HAGSTOFA ISLANDS		0.1
RIKISENDURSKOÐUN		0.1
FJARLAGA- OG HAGSYSLUSTOFNUN		6.1
YFIRSTJORN	0.1	
YMIS LAN RIKISSJODS, VEXTIR	6.0	
SAMTALS		100.0

5 . HLUTFALLSLEG SKIPTING RIKISTEKNA EFTIR
TEGUND SKATTA OG GJALDA, SAMANBER 3.GR.

	%	%
41 BEINIR SKATTAR:		12.8
411 EIGNARSKATTAR	2.8	
412 TEKJUSKATTAR	10.0	
42 OBEINIR SKATTAR:		84.3
422 GJÖLD AF INNFLUTNINGI	16.3	
423 SÖLUGJALD	38.3	
424 SKATTAR AF LAUNAGREIÐSLUM	8.0	
425 REKSTRARHAGNAÐUR ATVR	6.3	
426 YMSIR SKATTAR AF FRAMLEIÐSLU, SELDUM VÖRUM OG ÞJONUSTU	7.6	
427 SKATTAR AF BIFREIÐUM OG ÖÐRUM FARARTÆKJUM	2.0	
429 YMSIR OBEINIR SKATTAR	5.8	
47 FJARMAGNSTEKJUR:		2.7
471 VAXTATEKUR OG AÐRAR LANATEKJUR	2.2	
472 AÐRGREIÐSLUR	0.5	
49 AÐRAR TEKJUR:		0.2
491 YMSAR TEKJUR	0.2	
SAMTALS		100.0

6. TEKJUSTOFNAR SEM RADSTAFAD ER TIL SERSTAKRA PARFA SKIPTING EFTIR TEKJUSTOFNUM		
	ÞUS.KR.	ÞUS.KR.
	-----	-----
ERÐAFJARSKATTUR		25000
ERÐAFJARSJÓÐUR	19400	
MIÐAGJALD I MENNINGARSJÓÐ		3400
MENNINGARSJÓÐUR	3400	
INNFLUTNINGSGJALD AF BENSINI		760000
VEGASJÓÐUR	760000	
BYGGINGARIÐNADARSJÓÐSGJALD		5000
RANNSOKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNADARINS	5000	
ALGJALD		33000
BYGGÐASJÓÐUR	33000	
SKEMMTANASKATTUR		26000
SINFONIUHLJOMSVEIT ISLANDS	2600	
FELAGSHEIMILASJÓÐUR	7000	
LAUNASKATTUR TIL BYGGINGARSJÓÐS VERKAMANNA		315000
BYGGINGARSJÓÐUR VERKAMANNA	250000	
LIFEYRISTRYGGINGAGJALD ATVINNUREKENDA		570000
TRYGGINGASTOFNUN RIKISINS	570000	
SLYSATRYGGINGAÍÐGJALD ATVINNUREKENDA, AHÆTTU- IÐGJÖLD AF TRILLUBATUM OG BUVELUM		105000
TRYGGINGASTOFNUN RIKISINS	85000	
IÐGJALD TIL ATVINNULEYSISTRYGGINGASJÓÐS		78500
ATVINNULEYSISTRYGGINGASJÓÐUR	78500	
SERLEYFISGJALD		1000
SERLEYFISSJÓÐUR	1000	
HLUTI REKSTRARHAGNAÐAR ATVR		600
GÆSLUVISTARSJÓÐUR	600	
HLUTI UTFLUTNINGSGJALDS AF SJAVARAFURÐUM		5400
RIKISMAT SJAVARAFURÐA	5080	
BYGGING RANNSOKNASTOFNANA SJAVARUTVEGSINS	320	
GJALD AF EYÐUBLÖÐUM HEILLAOSKASKEYTA		20
KRABBAMEINSFELAG ISLANDS	20	
VITAGJALD		9000
VITASTOFNUN ISLANDS	9000	
SKIPASKOÐUNARGJALD		2000
SIGLINGAMALASTOFNUN RIKISINS	2000	
BIFREIÐASKATTUR		390000
VEGASJÓÐUR	390000	

	ÞUS.KR.	ÞUS.KR.
GJALD TIL FRAMKVÆMDASJÓÐS ALDRADRA FRAMKVÆMDASJÓÐUR ALDRADRA	50000	50000
SKIPULAGSGJALD SKIPULAGSSTJORI	13824	15000
FLUGVALLASKATTUR FLUGMALASTJÖRN	33000	33000
EINKALEYFISGJALD AF HAPDRÆTTI H.I. BYGGINGARSJÓÐUR RANNSOKNA I ÞAGU ATVINNUVEG.	13630	13630
AHÆTTUGJALD VEGNA RIKISABYRGÐA RIKISABYRGÐASJÓÐUR	27500	27500
SERLYFJAGJALD LYFJASKRARNEFND UM SERLYFJAEFTIRLIT	400	400
SAMUÐARSKEYTI LANDSPITALANS MINNINGARSJÓÐUR LANDSPITALANS	800	800
RAFMAGNSEFTIRLITSGJALD RAFMAGNSEFTIRLIT RIKISINS	14059	25000
VERÐJÖFNUNARGJALD AF RAFORKU ORKUSJÓÐUR	420000	420000
MARKAÐIR TEKJUSTOFNAR SAMKVÆMT TEKJUAÆTLUN		2914250
MARKAÐIR TEKJUSTOFNAR SAMKVÆMT GJALDAAÆTLUN	2795133	
SKERÐING TEKJUSTOFNA	119117	
SAMTALS	2914250	2914250